

**HAFDÍS ÓSK SIGURÐARDÓTTIR**

*Kíkti á Mínu Mús og Guffa í boði skáta*

• á ferðinni • jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**FRÆÐIRIT**

*Fyndin, forvitnileg, lygileg og skrítin*

Sérblað um fræðirit

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**


rekkjan HEILSURÚM

Sjá bls. 11



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

25. nóvember 2009 — 279. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Grínádeila á Facebook



Sjónvarpsmaðurinn Sölvi Tryggvason hefur sent frá sér skáldsöguna Flottastur@feisbúkk.

**FÓLK 34**

### Kjötkrókurinn

„Sósíalistar verða nú að borga fullu verði þá kúvendingu sína þegar þeir sneru ótrauðir inn á braut frjálshyggjunnar,“ skrifar Einar Már Jónsson.

**Í DAG 16**

### Minnist velgjörðarkonu



Inga Dóra Björnsdóttir skrifaði bók og heldur fyrirlestur um kjarnakonuna Ásu Guðmundsdóttur Wright.

**TÍMAMÓT 22**

### Liverpool úr leik



Það nægði Liverpool ekki að vinna í Ungverjalandi. Fiorentina vann og fór áfram í Meistaradeildinni.

**ÍÞRÓTTIR 30**

## VEÐRIÐ Í DAG




**Strekkingsvindur** og sums staðar hvassviðri á landinu í dag. Éljagangur norðan til en rigning eða slydda austanlands.

**VEÐUR 4**





**Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.**

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.


# Dómstólar sagðir að kafna í málafjölda

**Greiðsluaðlögunarmál og aukning einkamála með öðru sprengir utan af sér héraðsdómstóla. Margra vikna bið er eftir afgreiðslu á greiðsluaðlögun. Ekki staðið við fyrirheit um aukinn mannafla. Dómsmálaráðherra boðar lausn vandans.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur er að sligast undan miklum málafjölda. „Það er hrúgað stöðugt á dómstólana eins og þeir séu botnlaus hít sem taki endalaust við,“ segir Helgi Jónsson, dómstjóri í Reykjavík.

Margar vikur tekur að afgreiða umsóknir um greiðsluaðlögun og Héraðsdómur virðist vera að kafna í slíkum málum. „Það er alveg hárrétt,“ samsinnir Helgi. „Ofan á allt annað var þessu skellt á okkur fyrirvaralaust í maí í vor og ekki gert ráð fyrir neinum mannafla í verkið. Þetta teppir alveg einn aðstoðarmann og einn dómara að hluta.“

Að sögn Helga hafa samtals 254 beiðnir um greiðsluaðlögun komið til Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í maí. Óafgreidd mál séu í dag 85 talsins. Miklar annir séu einnig í þessum málum í Héraðsdómi Reykjaness.

Greiðsluaðlögunarmálin eru alls ekki þau einu sem eru að sprengja dómstólana utan af sér. Helgi bendir á að í Reykjavík séu til dæmis þegar komin 983 einkamál með munnlegum málflutningi. Þau verði líklega um 1.100 áður en árið sé á enda. Í meðalári sé fjöldi slíkra mála um 750. Útlit sé fyrir enn fleiri mál á næsta ári.

„Það er búið að afnema alla aðstoð við dómara í munnlega fluttum einkamálum og sakamálum. Okkur var lofað aðstoðarmönnum strax í sumar en það hefur ekki verið staðið við það,“ segir Helgi.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segist hafa bent á þá lausn að fjölga dómurum og aðstoðarmönnum. „Af því að ég hef ekki af neinu að taka hérna í ráðuneytinu bendi ég á hækkun dómsmálagjalda á móti. Að þessu er unnið og ég tel að að ég geti aflað þessum tillögum fylgis miðað við þær undirtektir sem þær fengu á Alþingi um daginn,“ segir ráðherra. **- gar**



NORDICPHOTOS/AFP

**BLEK, EKKI MINK** Húðflúruð áströlsk fyrirsæta nýtur óskiptrar athygli í Sydney þar sem hún mótmælir framleiðslu loðfelda.

Minnsti fugl Evrópu verpir nú á Íslandi á hverju sumri:

# Glókollur hefur numið land

**UMHVERFISMÁL** Glókollur, sem er minnsti fugl Evrópu og kallaður fuglakóngur í Skandinavíu, er einn af nýlegum landnemum á Íslandi.

Útbreiðsla fuglsins hefur verið könnuð skipulega á Vesturlandi, þar sem glókollar finnast allvíða, og er nú ljóst að hann hefur orpið hér á hverju sumri undanfarin ár. Lengi vel var hann einungis flækingsfugl hérlendis en finnst nú víða um land og virðist sem tegundin hafi náð góðri fótfestu.

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður á Náttúrustofu Vesturlands, segir að útbreiðsla glókolls sé smám saman að aukast þótt mikið bakslag hafi orðið veturinn 2004-2005 þegar fuglinn virðist hafa hríðfallið. „Fyrstu árin á eftir fjölgaði glókollum hægt en síðustu tvö ár virðist stofninn hafa tekið rækilega við sér aftur og stofninn nálgast nú að vera jafnstór og hann var sumarið 2004.“

Náttúrustofan hefur fylgst með útbreiðslunni á Vesturlandi frá árinu 2003. Verkefnið verður kynnt á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi annað kvöld. **- shá**



**GLÓKOLLUR** Agnarsmár en harður af sér. Hann finnst nú víðast hvar.








**MERZEDES CLUB** Lag hljómsveitarinnar, Meira frelsi, tekur þátt í söngvakeppni á Netinu.

Merzedes Club enn vinsæl:

# Í alþjóðlegri söngvakeppni

**TÓNLIST** „Við fundum þetta lag og okkur fannst það fullkomið,“ segir Ítalinn Boris Zuccon, stjórnandi síðunnar Eurodanceweb.net.

Lag hljómsveitarinnar Merzedes Club, Meira frelsi, hefur verið valið í alþjóðlega söngvakeppni síðunnar sem nú fer fram í níunda sinn.

„Við vissum af hljómsveitinni því hún tók þátt í undankeppni Eurovision og sýndi litrík tilþrif. Við fylgjumst með danstónlistarsenunni úti um allan heim og vorum forvitin að heyra eitthvað nýtt frá Merzedes Club,“ segir Boris. Hlynur Áskelsson í Merzedes Club er ánægður með þátttökuna í keppninni. **- fb / sjá síðu 34**

Bandarískir vísindamenn:

# Börn eiga að fá að vera skítug

**VÍSINDI Það á að leyfa börnum að vera svolítið skítug endrum og eins. Í grein sem birtist í vísindaritinu Nature Medicine kemur fram að of mikið hreinlæti geti komið í veg fyrir að sár grói eðlilega.**

**Vísindamenn frá Kaliforníuháskóla í San Diego segja að venjuleg baktería á húðinni hjálpi til að hrinda af stað efnaskiptaferli sem komi í veg fyrir bólgur þegar fólk fær sár eða meiðir sig. Niðurstöður vísindamannanna ýta stoðum undir svokallaða hreinlætistilgátu (e. hygiene hypothesis). Samkvæmt henni er hollt fyrir börn að komast í snertingu við örverur því slíkt komi í veg fyrir ofnæmi seinna á lífsleiðinni. - th**




**SPURNING DAGSINS**



*Heiðrún, veitir Orkuveitumönnum nokkuð af þessum veitingum?*

**„Ég veit það ekki.“**

Heiðrún Ólafsdóttir vill ekki að Orkuveitan bjóði í dýrt jólahlaðborð fyrst laun starfsmanna hafa verið lækkuð.

Sérstakur saksóknari leitaði hjá Byr og MP Banka vegna rannsóknar á viðskiptum með stofnfé í Byr:

# Leituðu gagna vegna gruns um umboðssvik

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari gerði í gær húsleit hjá Byr og MP Banka vegna rannsóknar á kaupum eignarhaldsfélagsins Exeter Holding á stofnfjárbréfum í Byr eftir bankahrun í fyrra. Yfirheyrslur vegna málsins hófust einnig í gær.

Sérstakur saksóknari hefur grun um brot á auðgunarbrotakafla hegningarlaga, meðal annars umboðssvik. Sex ára fangelsisvist getur legið við slíku broti. Segir í tilkynningu frá sérstökum saksóknara að um verulega fjárhagslega hagsmuni sé að ræða og að rannsóknin tengist fjölda manns.

Málið snýst um viðskipti með stofnfjárhluti í Byr. Einkahlutafélagið Arkea fékk um milljarð króna að láni frá Byr í október og desember í fyrra. Fjármunirnir runnu til dótturfélags Arkea, Exeter Holding, sem notaði féð til að kaupa stofnfé í Byr, meðal annars af MP Banka og Jóni Þorsteini Jónssyni, þáverandi stjórnarformanni Byrs.

Rannsóknin teygir anga sína til Húnahorns, félags í eigu Ragnars Z. Guðjónssonar, sparisjóðsstjóra Byrs, og meintra viðskipta þess við Exeter Holding með stofnfjárhluti í Byr. Ragnar hefur sagt að engin slík viðskipti hafi átt sér stað; MP hafi gert veðkall í bréfunum og þau síðan verið seld Exeter.

Byr og MP Banki sendu frá sér yfirlýsingar síðdegis. Í yfirlýsingu Byrs segir að starfsfólk sparisjóðsins sé fegið að málið sé í farvegi. Húsleitin hafi engin áhrif á almenna starfsemi eða viðskiptavini sparisjóðsins. Í yfirlýsingu MP Banka segir að samkvæmt upplýsingum bankans snúi gagnaöflunin að ákveðnum viðskiptavinum bankans en ekki bankanum sjálfum eða starfsmönnum hans.

Ágúst Sindri Karlsson, aðaleigandi Exeter Holding og fyrrverandi stjórnarmaður, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann sagðist ekki hafa vitað um fyrri eigendur stofnfjárbréfanna þegar Exeter keypti þau á sínum tíma. **- sh**




**BYR** Ekki náðist í Ragnar Z. Guðjónsson eða Jón Þorstein Jónsson í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Slasaðist alvarlega á Flúðum:

## Haldið sofandi í öndunarvél

**LÖGREGLUMÁL** Manninum sem féll ofan í húsgrunn við sumarbústað við Flúðir um síðustu helgi er enn haldið sofandi í öndunarvél, samkvæmt upplýsingum frá lækni á gjörgæsludeild Landspítalans í gær.

Nokkrar aðgerðir hafa verið gerðar á manninum, en ekki er ljóst hvort hann þarf að undirgangast fleiri. Hann slasaðist alvarlega við fallið þar sem sjö steypustyrktarjárn stungust inn í hann víðs vegar um líkamann. **- jss**



**ÍSJAKAR Á FERÐ** Sjaldgæft er að ísjaka reki svo langt í norður. NORDICPHOTOS/AFP

Sending frá Suðurskautinu:

## Ísjakar á leið til Nýja-Sjálands

**NÝJA-SJÁLAND, AP** **Stjórnendur skipa á ferð um Suður-Kyrrahafið hafa fengið viðvaranir um stóra ísjaka sem virðast hafa brotnað af íshellu Suðurskautslandsins.**

**Jakarnir eru á reki í áttina að Nýja-Sjálandi. Sá stærsti var í gær kominn í 260 kílómetra fjarlægð frá Stewart-eyju, sem tilheyrir Nýja-Sjálandi.**

**Þrjú ár eru síðan nokkrir ísjakar sáust fyrst í námunda við Nýja-Sjálands, en þá hafði slíkt ekki gerst síðan 1931.**

**Að þessu sinni eru jakarnir mun fleiri og hafa sést á gervihnattarmyndum.** **- gb**

# Gefur fólki virkilega mikið að knúsa dýr

**Heimsóknir hunda frá Rauða krossinum hófust á líknardeild Landspítalans í Kópavogi í gær. Á vegum Rauða krossins er fjöldi sjálfboðaliða sem fer með hunda sína í heimsóknir á stofnanir til að gleðja vistmenn, oftast eldra fólk.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það getur gefið fólki virkilega mikið að fá að knúsa dýr,“ segir Jóhanna Ósk Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur um þá nýbreytni sem hófst á líknardeild Landspítalans í gær að fá sérstakan hund í heimsókn á deildinni.

Hundurinn sem heimsótti líknardeildina í Kópavogi gær er á vegum Rauða krossins. Að sögn Daggar Guðmundsdóttur, verkefnastjóra hjá Rauða krossinum í Kópavogi, eru um þrjú ár síðan heimsóknir hunda hófust á ýmsar stofnanir. Til dæmis eru heimsóknir á hjúkrunarheimilið í Sunnuhlíð, sambýli aldraðra með heilabilun í Roðasölum, í athvarf fyrir fólk með geðraskanir og í Kópavogsfangelsið auk líknardeildarinnar.

Hundarnir eru í eigu sjálfboðaliða sem þurfa að sögn Daggar að gangast undir sérstakt mat með dýrum sínum áður en þeir gerast svokallaðir heimsóknarvinir. Hundana segir hún af öllum mögulegum tegundum. Aðalatriðið sé að þeir hafi góða skapgerð og séu hlýir.

„Sjálfboðaliðarnir eru fólk sem hefur áhuga á að gefa af sér og láta gott af sér leiða. Sumir eru í þessu árum saman. Hér í Kópavoginum erum við með tólf til fimmtán hunda sem flestir fara inn á stofnanir og sambýli. Sumir fara líka á einkaheimili,“ segir Dögg, sem kveður verkefnið hafa gengið mjög vel. „Það er oft verið að heimsækja eldra fólk sem getur ekki sjálft hund þegar það var yngra og þá er hundurinn mikill gleðigjafi. En það er mest verið að heimsækja fólk sem er félagslega einangrað.“

Á líknardeild Landspítalans var beðist undan myndatökum í gær. „Þetta eru fyrstu skrefin og við vitum ekki hvernig þetta mun virka,“ segir Jóhanna Ósk Eiríksdóttir. Hún bendir á að slíkar heimsóknir séu vandmeðfarnar enda þarf sérstaka undanþágu til að fá þær samþykktar.

„Til dæmis er sumum meinilla við hunda og það þarf að passa upp á að dýrið sé bara á tilteknum stað því sumir geta verið með ofnæmi. En þetta eru hundar sem er virkilega treyst til þess að koma og eru hvers manns hugljúfi,“ útskýrir hún.

**gar@frettabladid.is**



**KÆRKOMINN VINUR** Guðbjörg Þórarinsdóttir á Laugateigi fékk í gær heimsókn frá Ólöfu Guðbrandsdóttur og hundinum hennar Aroni og saman fóru þau í göngutúr. Guðbjörg verður áttræð eftir helgi og er að jafna sig eftir fótbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skaðabótamál í Póllandi:

## Walesa í mál við Kaczinsky

**PÓLLAND, AP** **Lech Walesa, fyrrverandi forseti Póllands, er kominn í mál við Lech Kaczynski, núverandi forseta. Walesa krefst afsökunarbeiðni frá Kaczynski eða skaðabóta ella.**



**LECH WALESA**

**Tilefnið er orð Kaczynskis í sjónvarpsviðtali þar sem hann fullyrðir að Walesa hafi verið njósnari á vegum kommúnistastjórnarinnar í Póllandi á fyrri hluta áttunda áratugarins.**

**Kaczynski segir að Walesa hafi notað dulnefnið Bolek. Walesa segir ekkert hæft í þessu.** **- gb**

Orlofsgreiðslur lækka:

## Orlofstíminn sá sami og áður

**FÉLAGSMÁL** Hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi verða lækkaðar úr 350 þúsund krónum á mánuði í 300 þúsund, samkvæmt drögum að frumvarpi sem félagsmálaráðherra kynnti í ríkisstjórn í gærmorgun. Stöð 2 sagði frá.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra segir að bæturnar verði aldrei hærri en 75 prósent af launum yfir 200 þúsundum í stað áttatíu prósenta áður. Hins vegar verði fæðingarorlofstíminn sá sami og áður. **- shá**

**UMHVERFISMÁL**

### Verðum að veiða ref

Súðavíkurhreppur skorar á umhverfisráðherra að hætta við að fella niður endurgreiðslu vegna refaveiða á árinu 2010. Sveitarfélögin hafa meðal annars nýtt endurgreiðslur til að minnka kostnað vegna dýrbíta og útkalla þegar refur herjar á æðarvarp.






Seðlabankastjóri Englands upplýsir um lánveitingar til tveggja banka:

# Veittu 12.600 milljarða leynilán

**ENGLAND, AP** Seðlabanki Englands veitti tveimur bönkum 62 milljarða punda leynilegt lán þegar bankakreppan skall á haustið 2008. Þetta kom fram í máli Mervins King seðlabankastjóra sem í gær sat fyrir svörum breskrar þingnefndar.

Það voru bankarnir Royal Bank of Scotland og HBOS sem fengu lánin sem samtals námu 12.600 milljörðum íslenskra króna. King sagði að bankinn hefði ákveðið að veita lánin vegna ástandsins sem hafði skapast. Gríðarlegur titringur hefði verið á markaðnum og lánalínur bankanna hefðu lokast í kjölfarið á falli Lehman Brothers-bankans. Til þess að reyna að endurheimta traust almennings á bankakerfinu hefði stjórn bankans samþykkt að fara þessa leið. Ákveðið hefði verið að halda lánveitingunni leyndri þar til jafnvægi kæmist á fjármálastarfsemi á ný. King tók fram að lánin hefðu verið endurgreidd að fullu í janúar.

Á fundi þingnefndarinnar kom einnig fram að Alistair Darling fjármálaráðherra hefði samþykkt að skrifa undir lánin og þar með verið tilbúinn að afskrifa upphæðina ef allt hefði farið á versta veg. Þingmenn Frjálslyndra demókrata hafa gagnrýnt lánveitinguna og óskað eftir skýringum frá Darling um það hvers vegna henni var haldið leyndri fyrir þinginu. **- th**



**KING OG DARLING** Þingmenn hafa krafið Alistair Darling um skýringar á því hvers vegna láninu var haldið leyndu.




# iPhone 3G S

Eftirsóttasti sími heims kemur í verslun Símans í Kringlunni í dag. Takmarkað magn en ný sending væntanleg. Tryggðu þér eintak.

Það er **Síminn**

## GENGIÐ 24.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,66 | 123,24 |
| Sterlingspund | 202,69 | 203,67 |
| Evra | 183,22 | 184,24 |
| Dönsk króna | 24,619 | 24,763 |
| Norsk króna | 21,847 | 21,975 |
| Sænsk króna | 17,732 | 17,836 |
| Japanskt jen | 1,3809 | 1,3889 |
| SDR | 196,28 | 197,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

235,8831

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Karlmaður dæmdur í skilorðsbundið fimmtán mánaða fangelsi:

# Braut gegn tólf ára stúlkubarni

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stúlku sem var tólf ára þegar hann hóf athæfið. Hann var nítján ára þegar fyrstu brotin áttu sér stað. Hann hafði samræði við stúlkuna ellefu sinnum þegar hún var tólf og þrettán ára gömul, á árunum 1994 og 1995. Hún var þá að gæta barna fyrir systur sína og bjó maðurinn í næsta húsi.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands kemur fram að stúlkan eigi að baki innlögn á bráðageðdeild Landspítalans eftir að brotið var á henni. Ástæðan var þunglyndi og sjálfsvígshugsanir. Samkvæmt vottorði geðlæknis sem annast hefur stúlkuna eftir það hefur hún þjáðst af djúpum og lamandi þunglyndisköstum sem erfitt hefur reynst að ráða við með lyfjum.

Við ákvörðun refsingar tók héraðsdómur mið af refsirammanum sem var í gildi þegar brotin voru framin og jafnframt hversu langt var síðan þau áttu sér stað. Frá þeim tíma hefði maðurinn stofnað fjölskyldu og eignast tvö börn. Með hliðsjón af því var dómurinn skilorðsbundinn. Maðurinn var dæmdur til að greiða stúlkunni 800 þúsund krónur í miskabætur.

- jss




**HÉRAÐSDÓMUR** Maðurinn var dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands.

Sáttmáli um aðgerðir hafríkja:

# Gegn ólöglegum fiskveiðum

**ALÞJÓÐAMÁL** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, undirritaði alþjóðasamning um aðgerðir hafríkja gegn ólöglegum fiskveiðum í Róm. Jón var þar staddur á aðalfundi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Samningurinn kveður á um að aðildarríki verða að loka höfnum sínum fyrir erlendum skipum sem uppvís hafa orðið að ólöglegum fiskveiðum.

Í ávarpi sínu á fundinum lagði ráðherra áherslu á mikilvægi þess að huga að hlut fiskveiða og landbúnaðar í þróunaraðstoð.

- kóp



**HARMUR** Ein mæðranna sem misstu barn vegna mjólkurinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Eitraða mjólkin í Kína:

# Tveir yfirmenn voru líflátnir

**KÍNA, AP** Tveir menn voru líflátnir í Kína í gær vegna framleiðslu og sölu á eitruðu mjólkurdufti, sem kostaði að minnsta kosti sex börn lífið síðastliðið vor.

Talið er að meira en 300 þúsund manns hafi veikst eftir að hafa neytt mjólkurduftsins. Í duftinu var efni sem getur valdið nýrnabilun og nýrnasteinum. Efninu var bætt út í til þess að leyna því að mjólkin hafði verið útþynnt með vatni.

Mennirnir báðir voru framkvæmdastjórar í fyrirtækinu Sanlu, sem framleiddi duftið. Þrír aðrir yfirmenn hlutu fimm til fimmtán ára fangelsisdóma.

- gb

## LEIÐRÉTTING

Í frómas Skaparans sem fjallað er um á blaðsíðu 60 í Jólablaði Fréttablaðsins í gær eiga líka að fara 1 til 2 tsk. af vanilludropum eða 1 msk. af sérríi eða koníaki.

Þá skal áréttað að fyrsti sunnudagur í aðventu er 29. nóvember.

# Vill að fjölmiðlar fái stuðning frá ríkinu

**Formaður Blaðamannafélagsins vill að fjölmiðlar fái stuðning frá ríkinu. Nýtt frumvarp um fjölmiðla er á leið inn á Alþingi. Fjölmiðlastofa mun hafa eftirlit með fjölmiðlum. Málefni Ríkisútvarpsins eru til skoðunar hjá starfshópi.**

**FJÖLMIÐLAR** Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands, telur að ríkisvaldið eigi að styðja við fjölmiðla til að tryggja innviði þeirra og lýðræðislega umræðu. Slíkt sé alþekkt á Norðurlöndunum. Hún saknar ákvæðis þar um í frumvarpi um fjölmiðlalög sem lagt verður fyrir Alþingi á næstu vikum.

„Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þessarar spurningar. Við erum eina þjóðin á Norðurlöndum þar sem enginn stuðningur er við aðra fjölmiðla en ríkisútvarp. Mér finnst að við eigum að skoða allar leiðir til að efla fjölmiðla og tryggja fjölbreytni og fjölræði þar. Við stöndum uppi með fjölmiðla á brauðfótum og mikil óánægja er með ástandið þar. Ég held að við þurfum að taka afstöðu til þessarar spurningar til að ná árangri."

Þóra segist ánægð með ýmislegt í frumvarpinu; ábyrgðarreglur séu samræmdar á milli prent- og ljósvakamiðla og ákvæði séu um gagnsæi eignarhalds og vernd heimildarmanna. Ákvæði um sjálfstæði ritstjórna gangi hins vegar allt of skammt og selji mönnum sjálfdæmi.

„Þá finnst mér hlutverk fjölmiðlastofu óljóst og sakna þess að engin jafnréttisákvæði séu í frumvarpinu þrátt fyrir að augljóslega sé pottur þar brotinn. Eftir alla þá umræðu sem hefur verið í samfélaginu um fjölmiðlalög má segja að þetta séu vonbrigði."

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að með frumvarpinu verði tilskipun Evrópusambandsins um fjölmiðla innleidd. Hlutverk fjölmiðlastofu verði að fylgjast með að fjölmiðlar fari að settum reglum, til að mynda varðandi áfengisauglýsingar og fleira í þeim dúr. Þá hafi hún ákveðnu eftirlitshlutverki að gegna, til dæmis varðandi eignarhald fjölmiðla.

Frumvarpið hefur verið til kynningar á vef menntamálaráðuneytisins og hafa gefist tækifæri til athugasemda. Það verður lagt fram á Alþingi á næstu dögum og segir Katrín að menntamálanefnd muni hafa góðan tíma til að fara yfir málin. Stjórn Blaðamannafélagsins mun álykta um frumvarpið þegar það verður lagt fyrir þingnefnd.

Starfshópur sem er með málefni Ríkisútvarpsins til endurskoðunar lýkur vinnu sinni fyrir mánaðamót. Katrín segir efnivið þeirrar vinnu verða notaðan til að endurnýja þjónustusamning og einnig til skoðunar á lagaumhverfi Ríkisútvarpsins.

kolbeinn@frettabladid.is




**DAGBLÖÐ** Með nýju fjölmiðlalögunum verður löggjöf um prent- og ljósvakamiðla sameinuð. Stofnuð verður fjölmiðlastofa sem hefur eftirlit með fjölmiðlum. Frumvarpið fer fyrir Alþingi á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÞÓRA KRISTÍN ÁSGEIRSDÓTTIR**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Krafa Yngva í Landsbankabúið:

# Árni hefði ekki gert slíka kröfu

**ALÞINGI** Árna Páli Árnasyni félagsmálaráðherra var ekki kunnugt um að ráðgjafi hans, Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur, hygðist gera kröfu upp á 230 milljónir í bú Landsbankans.

Árni Páll upplýsti það í svari við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar, Framsóknarflokki, á þingi í gær.

Sagði Árni Páll að það væri ekki sitt að fella dóma um kröfu Yngva Arnar en sjálfur hefði hann ekki gert slíka kröfu.

Gunnar Bragi vildi fá svör um hvort Árni Páll styddi kröfu Yngva Arnar og teldi hana siðferðislega rétta. Árni Páll svaraði þeim spurningum ekki.

- bþs



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

## SJÁVARÚTVEGSMÁL

### Meiri veiði en í fyrra

Krókaaflamarksbátar veiddu á fyrstu tveimur mánuðum fiskveiðiársins 3.692 tonn af þorski sem er 14,8 prósent af heilsársaflamarki þeirra. Á sama tíma í fyrra var hlutfallið 11,1 prósent. Aflamarksskip veiddu einnig hærra hlutfall nú en í fyrra, eða 17,6 prósent af aflaheimildum sínum í þorski á móti 15,7 prósentum í fyrra.

## GRUNDARFJÖRÐUR

### Vilja sparnaðarhugmyndir

Á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar er auglýst eftir tillögum frá íbúum sveitarfélagsins og þeim boðið að senda inn hugmyndir og ábendingar um sparnað og/eða leiðir til þess að bæta starfsemi sveitarfélagsins. Allar hugmyndir eru vel þegnar og verða ræddar innan stjórnsýslunnar.




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
Veðurfréttamaður

**VINDASAMT**

Það verður vindasamt á landinu í dag og fram á morgundaginn en síðan fer að draga úr vindi. Einnig dregur úr úrkomu norðan- og austanlands á morgun en á Suður- og Vesturlandi verður hins vegar nokkuð bjart.



Á MORGUN
Strekkingur nokkuð víða

FÖSTUDAGUR
Strekkingur allra vestast en annars hægari

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 14° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 14° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 9° |
| París | 11° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**TÝNDA TÁKNIÐ** EFTIR **DAN BROWN**

# LAAANGVINSÆLASTI HÖFUNDUR Í HEIMI!



Langþráð spennusaga eftir **Dan Brown**, höfund **Da Vinci lykilsins.**

„Robert Langdon er alltaf sama frábæra hetjan, bókelskur menntamaður, yfirvegaður á ögurstundum og snar í snúningum ... táknin eru máttug, söguviðið heimsþekktir staðir í nýju ljósi, og Brown heldur manni við efnið.“ **– Entertainment Weekly um Týnda táknið**




BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú að reist verði samgöngumiðstöð í Reykjavík, eins og áætlanir gerðu ráð fyrir?*

| | |
|---|---|
| Já | 50% |
| Nei | 50% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú með húðflúr á líkama þínum?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Vinnusálfræðingur segir rök með og á móti fyrirtækjaskemmtunum í kreppunni:

# Viljum gleðjast þótt tímar séu erfiðir

**FÉLAGSMÁL** „Einmitt í svona árferði er ákveðið sjónarmið að horfa fram á veginn og láta skína í að það séu bjartari tímar fram undan,“ segir Þórður Snorri Óskarsson, aðjúnkt í vinnusálfræði við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, spurður hvort fyrirtæki eigi að halda jólahlaðborð í kreppunni eða borga starfsmönnum frekar andvirði þess.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær vill starfsmaður hjá Orkuveitu Reykjavíkur frekar peningagreiðslu en að fyrirtækið bjóði honum í jólahlaðborð.

Þórður segir að út frá vinnusálfræði geti bæði sjónarmið verið gild. Jólahlaðborð geti verið þáttur í að þjappa starfsfólki saman. „Það má líta á það sem ákveðna hvatningu og umbun. En svo má auðvitað líka líta á það að sumir vilja heldur fá þetta í launaumslaginu. Ég held að hver og einn stjórnandi verði að meta hvernig staðan er á hverjum stað og hvað fellur best að þeim viðhorfum sem eru ríkjandi. Það er ekkert sem segir að annað sé betra en hitt,“ segir Þórður.



**JÓLAHLAÐBORÐ** Það getur verið gott að gleðja starfsmenn sína með jólahlaðborði. Myndin er tekin á Hótel Örk.

Sjálfur hallast Þórður fremur að því að halda beri jólahlaðborð. Í kreppunni sé það betra en að einblína á að menn komist aldrei út úr erfiðleikunum. „Það má segja að þetta sýni ákveðið þakklæti og fólk vill líka gleðjast þótt það séu erfiðir tímar. Eins eru þetta kannski ekki heldur svo miklir peningar hjá stóru fyrirtæki.“ **- gar**

Baráttufundur á Ísafirði:

# Vilja göng til Dýrafjarðar

**SAMGÖNGUMÁL** Sama dag og lokasprengjan í Óshlíðargöngum verður sprengd er efnt til baráttufundar um önnur göng, Dýrafjarðargöngin. Fundurinn fer fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í hádeginu á laugardaginn.

Dýrafjarðargöng eiga að liggja frá Arnarfirði yfir í Dýrafjörð. Þau verða 5,6 kílómetra löng og munu ásamt nýjum vegi stytta Vestfjarðaveginn um 27,4 kílómetra. Fulltrúum allra þingflokka hefur verið boðið á fundinn, þar sem kynnt verður umhverfismat og störf nefndar á vegum samgönguráðuneytisins um vegalagningu á Dynjandisheiði. **- th**




# Skiptum ekki um stefnu eftir fréttum

**Formaður borgarráðs segist ekki hafa hugleitt að breyta aðalskipulagi vegna flugvallarins. Enn sé unnið að samgöngumiðstöðinni. Forseti borgarstjórnar segir það sjálfsagt að skoða betur að endurbyggja núverandi flugstöð.**

**REYKJAVÍK** Samkomulag ríkis og borgar um samgöngumiðstöð er í fullu gildi og öll umræða síðustu daga um hugsanlegar breytingar á því er að frumkvæði samgönguráðuneytis.

Borgin hefur á engan hátt breytt um stefnu í þeim efnum.

Svo segir Óskar Bergsson, formaður borgarráðs og oddviti Framsóknar. Hann segist ekki hafa svo mikið sem hugleitt að breyta aðalskipulagi borgarinnar í ljósi þessara nýju áherslna samgönguráðherra.

„Við erum að vinna á fullu eftir þessu samkomulagi og það hefur ekki breyst. Ef ráðherra vill breyta þessu verður hann að gera það með formlegum hætti. Við skiptum ekki um stefnu bara eftir frétt á forsíðu Fréttablaðsins,“ segir Óskar.

Í blaðinu hefur komið fram að samgönguráðherra og formanni skipulagsráðs líst báðum vel á að byggja litla flugstöð rétt hjá núverandi flugstöð, sem yrði rifin, í stað fyrirhugaðrar samgöngumiðstöðvar. Umferðarmiðstöðin stæði enn sem fyrr.

Óskar segir ummæli Júlíusar Vífils Ingvarssonar, formanns skipulagsráðs, benda til að Júlíus taki vel á móti samgönguráðuneytinu eins og öðrum. „En mér finnst engin ástæða til að gera meira úr því en efni standa til. Þótt menn taki vel á móti fólki þýðir það ekki að það sé stefnubreyting hjá borginni.“



**LENT Í BORGINNI** Fyrir síðustu kosningar voru uppi ýmsar hugmyndir um að flugvöllurinn yrði færður. Hólmsheiði og Löngusker voru nefnd sem kostir. Aðrir telja að færa ætti umferðina yfir á Keflavíkurflugvöll eða hafa flugvöllinn í miðbænum áfram.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHLEM

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, hefur sagt að borgin sé í ár að eyða 450 milljónum vegna Hlíðarfótarlóðar, þar sem samgöngumiðstöð átti að vera. Um þetta segir Óskar:

„Þessi ábending frá Degi um að borgin hafi lagt fé til framkvæmda við Hlíðarfót staðfestir að Reykjavíkurborg hefur verið að vinna samkvæmt þessu samkomulagi við samgönguyfirvöld. Þessi fjárfesting tengist fleiri þáttum en ég er ekki viss um að við hefðum ráðist í hana nema vegna þessa samkomulags.“



**ÓSKAR BERGSSON** Segir unnið eftir minnisblaði frá í vor.

Spurður hvort slík stefnubreyting frá ráðherra væri ekki bagaleg á þessu stigi fyrir borgina endurtekur Óskar að enn hafi engin formleg beiðni borist frá Kristjáni L. Möller:

„Við vinnum enn eftir minnisblaði sem við gerðum við þennan tiltekna samgönguráðherra í vor,“ segir formaður borgarráðs.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, er þeirrar skoðunar að sjálfsagt sé að skoða betur að endurbyggja núverandi flugstöð. **klemens@frettabladid.is**




Borgarstjóri segir enga stefnubreytingu hafa orðið um samgöngumiðstöð:

# Afstaða borgarinnar er skýr

**BORGARMÁL** „Ég get lítið annað sagt um þetta mál en að fyrir liggur skýr afstaða borgaryfirvalda um að alhliða samgöngumiðstöð rísi við Hlíðarfótinn. Það kemur fram í minnisblaði sem Reykjavíkurborg og ríkisvaldið undirrituðu í apríl,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri um hugmyndir um að reist verði ný flugstöð í stað samgöngumiðstöðvar.

„Í ljósi þess samkomulags hlýtur samgöngumiðstöð að vera fyrsti kostur beggja aðila. Við munum vinna í samræmi við gildandi samkomulag á meðan óskir um annað hafa ekki borist með formlegum hætti frá samgönguyfirvöldum,“ segir Hanna Birna. Hún segir að eins og áður hafi komið fram í máli Júlíusar Vífils Ingvarssonar, formanns skipulagsráðs, hafi engar formlegar viðræður átt sér stað um málið.

Hanna Birna aftekur með öllu að stefnubreyting hafi orðið um málið á vettvangi borgarstjórnar og segir ekki tímabært að tjá sig um hvaða persónulegu skoðun hún hafi á því að ný flugstöð rísi í stað samgöngumiðstöðvar. „Það er ástæðulaust að ræða það á þessum tímapunkti. Á meðan ekki berst formlegt erindi frá samgönguyfirvöldum vinnum við eftir gildandi samkomulagi.“ **- shá**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Unnið er eftir gildandi samkomulagi borgar og ríkis um uppbyggingu samgöngumannvirkja.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að viðbótarlífeyrir þinn sé 100% öruggur til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.

Nánari upplýsingar um 100% öruggan viðbótarlífeyri er að finna á **www.sparnadur.is** eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.

SPARNAÐUR
www.sparnadur.is

**Bayern Líf.**

VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN
Finanzgruppe

Holtasmári 1 Kópavogur | Kaupvangsstræti 1 Akureyri | Sími: 577 2025 | sparnadur@sparnadur.is www.sparnadur.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað Íslendingur leikstýrði einleiknum Manntafli í Svíþjóð?*

2 *Starfsmaður hvaða fyrirtækis vill fá laun í staðinn fyrir jólahlaðborð?*

3 *Hvað heitir formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Bresk nefnd hefur rannsókn á tildrögum og aðdraganda Íraksstríðsins:

# Kanna hlut Breta í Íraksstríði

**BRETLAND, AP** Bresk rannsóknarnefnd hóf í gær rannsókn á því hvaða hlut bresk stjórnvöld áttu í aðdraganda Íraksstríðsins. Meðal annars verður Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, kallaður fyrir nefndina.

Gagnrýnendur Íraksstríðsins vonast til þess að nefndin afhjúpi blekkingar, sem bresk stjórnvöld hafa verið sökuð um að hafa stundað í aðdraganda stríðsins snemma árs 2003.

Fyrstu vitnaleiðslur nefndarinnar voru í gær. Þar kom fram að bandarískir ráðamenn hefðu haft litla trú á alþjóðlegu vopnaeftirliti í Írak, öfugt við Breta sem vildu halda áfram vopnaeftirliti og einangrun Íraks með refsiaðgerðum.

Meðal spurninga sem nefndin þarf að leita svara við er hvort Blair hafi með leynd stutt áform George W. Bush um innrás í Írak í heilt ár áður en breska þingið heimilaði slíka innrás.



**ALBLÓÐUGIR** Mótmælendur í London í gervi þeirra Gordons Brown, George W. Bush og Tony Blair. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Það var Gordon Brown, arftaki Blairs í embætti forsætisráðherra, sem skipaði í nefndina.

Engir lögfræðingar eiga sæti í nefndinni, og það þykir draga úr líkum þess að hún geti komist að nokkurri niðurstöðu um það hvort stríðið hafi verið andstætt breskum lögum. **- gb**

Drap eiginkonu sína í svefni:

# Sýknaður af morðákæru

**BRETLAND, AP** Tæplega sextugur Breti, Brian Thomas að nafni, var fyrir helgi sýknaður af morðákæru vegna dauða eiginkonu hans, þrátt fyrir að hafa orðið henni að bana í júlí 2008.

Thomas var í fastasvefni þegar hann kyrkti eiginkonu sína í hjólhýsi þeirra, þar sem þau voru á ferð í Wales. Thomas segir að hann hafi fengið martröð um innbrotsþjóf og talið sig vera að verjast honum. Hann hafði árum saman þjáðst af svefntruflunum, og þeim fylgdu ósjálfráðar hreyfingar af ýmsu tagi. Ekki þótti ástæða til að vista hann á geðsjúkrahúsi. **- gb**






# Rafmagnsmál leikskóla víða í ólestri

**Í 156 leikskólum gerði Brunamálastofnun 119 athugasemdir við hluti tengda rafmagni sem talist gætu lífshættulegir. 41 tilvik tengist svæðum þar sem börn eru.**

**BRUNAVARNIR** Raflögnum og rafbúnaði í leikskólum er víða ábótavant samkvæmt úttekt Brunamálastofnunar. Örn Sölvi Halldórsson, sérfræðingur á rafmagnsöryggissviði stofnunarinnar, segir alvarlegustu athugasemdirnar snúa að merkingum í rafmagnstöflum og biluðum tenglum á svæðum þar sem börn eru.

„Við reynum að fylgja eftir athugasemdum sem falla í þriðja flokk, en þær snúa að hlutum sem beinlínis geta verið lífshættulegir og á að vera búið að laga innan mánaðar,“ segir Örn Sölvi. Fram kemur í úttekt stofnunarinnar að 78 þriðja flokks athugasemdir hafi verið gerðar við rafmagnstöflur, en flestar snúa þær að mögulegri eldhættu. Þá var 41 slík athugasemd gerð við raflagnir og rafbúnað, en þar segir Örn oft um mögulega „snertihættu“ að ræða, svo sem þar sem tenglar eru brotnir eða hlífar ekki í lagi.

Úttekt Brunamálastofnunar nær til 156 leikskóla síðustu þrjú ár, en gerð var 1.131 athugasemd við frágang rafmagnstaflna og 687 við raflagnir og búnað. Örn Sölvi segir lagt mjög fast að þeim sem fái skýrsluna í hendur að laga þá hluti sem aflaga hafi farið og víða hafi þegar verið gerðar lagfæringar. „Stór hluti þessara athugasemda er reyndar frá því í vetur og vor.“

Gamall og bilaður rafbúnaður og aðgæsluleysi fólks er sagt vera meðal helstu orsaka rafmagnsbruna og því er mikilvægt að rafbúnaður á leikskólum sé ávallt valinn með tilliti til staðsetningar og notkunar. Rafbúnaður á borð við tengla og lampa var víða í ólagi, en það er í skýrslunni sagt áhyggjuefni vegna þess hve marga bruna megi einmitt rekja til þeirra hluta.

Skýrslunni verður dreift til allra leikskóla og til löggiltra rafverktaka. Gerir Örn Sölvi sér von um að hún veki þar með þá athygli sem þurfi til að koma málum tengdum rafmagnsöryggi á leikskólum í lag.

**olikr@frettabladid.s**



**Í LEIKSKÓLANUM** Fram kemur í nýrri skýrslu að Brunamálastofnun hafi víða gert alvarlegar athugasemdir við raflagnir og rafbúnað í leikskólum landsins. Myndin tengist efni greinarinnar ekki að öðru leyti en því að hún er tekin í leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR












KALKÚNN FROSINN
**958** kr/kg.
Merkt verð 1.197.-

Kkal: 720/ 40% RDA
Prótín: 69g /137% RDA
Fita: 29 g/ 44% RDA
Kolvetni: 31 g/ 13% RDA
B6-vítamín: 1.3 mg/ 67% RDA
Járn: 4.5 mg / 25 % RDA
A-vítamín: 280 IU / 6 % RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.

## HÁTÍÐARKALKÚNN fyrir 6
*að hætti Rikku*

1 kalkúnn 4-5 kg
4 msk smjörvi
Börkur af 1 appelsínu, rifinn
1 hvítlauksrif, pressað
½ tsk negull
2 msk steinselja, söxuð
2 msk Ítalía ólífuolía
1 ½ msk Maldon salt

Hitið ofninn í 180°C. Þerrið kalkúninn með pappírsþurrku og setjið í stórt steikarfat. Blandið saman smjörinu, appelsínuberkinum, hvítlauknum, negulinum og steinseljunni. Berið smjörblönduna jafnt á bringuna undir haminn. Berið ólífuolíu á kalkúninn og dreifið saltinu yfir. Setjið álpappír yfir kalkúninn og steikið í 1 klukkustund og 40 mínútur. Hækkið hitann á ofninum í 220° C, fjarlægið álpappírinn og steikið áfram í 30 mínútur.

FYLLING
4 sneiðar SS ítalskt salami
½ laukur, saxaður
1 grænt epli, afhýtt, kjarnhreinsað og saxað í litla bita
100 g valhnetur, saxaðar
100 g fersk brauðmylsna
Rifinn börkur af ½ appelsínu
10 döðlur, saxaðar
½ tsk anískrydd
1 egg
16 sneiðar þunnskorið beikon

Hitið ofninn í 200°C. Blandið öllum saman fyrir utan beikonsneiðarnar og búið til 8 bolta. Vefjið 2 sneiðum af beikoni í kross utan um hvern þeirra. Raðið boltunum á pappírsklædda ofnplötu og bakið í 30 mínútur.

PÚRTVÍNS- OG TRÖNUBERJASÓSA
1 msk ólífuolía
1 skallottlaukur, saxaður
1 púrtvínsglas
500 ml rauðvín
1 kjúklingakraftskubbur
2 msk trönuberjasulta

Steikið skallottlaukinn upp úr ólífuolíunni. Bætið púrtvíninu, rauðvíninu og kjúklingakraftinum út í og látið malla í 10 mínútur eða þar til að sósan þykknar örlítið. Hrærið þá sultunni út í og berið fram með kalkúninum. Einnig má bæta örlitlum rjóma út í.



**999** kr/kg.

**Hamborgarhryggur**
Óðals



**2.209** kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

**Nautafile**



**559** kr/pk.
Merkt verð 798.-

**Ungnautahamborgarar**
4 x 90 g stk.



**1.947** kr/kg.
Merkt verð 2.995.-

**Kalkúnabringur**
ferskar

## CITRUS ÁVEXTIR Í MIKLU ÚRVALI!



Ugly | Sweetie | Pomelos | Hvítt grape | Rautt grape | Robin appelsínur | Robin klementínur | Sítrónur | Lime


SÆTAR KARTÖFLUR
**299** kr/kg.


TRÖNUBER
**399** kr/pk.



PAXO FYLLING FYRIR 6-8
**199** kr/pk.


KALKÚNA FYLLING
**998** kr/stk.



PAXO FYLLING FYRIR 4-5
**199** kr/pk.


KALKÚNA KRYDD
**299** kr/stk.

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 29. nóvember á meðan birgðir endast.

50 ára **HAGKAUP** fyrir Íslendinga í 50 ár










Tommi gaf framhaldsskólanemum frítt fæði:

# Engar tilraunir gerðar

**NEYTENDUR** „Það er góð regla að gera ekki tilraunir á viðskiptavinum,“ segir Tómas Tómasson, stundum kenndur við Tommaborgara. Tommi hefur í fjögur og hálft ár rekið Hamborgarabúlluna og stefnir á að opna fjórða staðinn við Ofanleiti 14 í vikunni.

Tommi hefur gert það að vana sínum að gefa þeim að smakka af matseðlinum sem leið eiga fram hjá nýjum búllum fyrir formlega opnun þeirra. Svo var einnig á föstudag þegar nemendur við Verzlunarskóla Íslands, sem er í næsta nágrenni, fengu á bilinu þrjú til fjögur hundruð hamborgara í tilraunaskyni hjá honum. „Við erum að prófa tækin og tólin. Það er alltaf eitthvað sem getur farið úrskeiðis,“ segir Tommi. **- jab**



**ÚR BÚLLUNNI** Nemendur Verzlunarskólans gæða sér á fríum borgurum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKÝRSLAN KYNNT** Michel Sidibe, framkvæmdastjóri Alnæmisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sýnir eintak af nýrri skýrslu um ástand alnæmisfaraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Alnæmisfaraldur leggur færri að velli

**Dauðsföllum vegna alnæmis hefur fækkað undanfarin ár og fjöldi smitaðra stendur í stað. Nærri sextíu milljónir hafa smitast og 25 milljónir látist.**

**GENF, AP** Undanfarin tvö ár hefur fjöldi HIV-smitaðra í heiminum staðið nokkurn veginn í stað, í rúmum 33 milljónum. Dauðsföllum af völdum alnæmisveirunnar hefur fækkað um tíu prósent undanfarin fimm ár.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og Alnæmisstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt útreikningum sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna er talið að á síðasta ári hafi 33,4 milljónir manna verið með HIV-smit, en árið áður var þessi tala 33,2 milljónir. Útreikningarnir eru að vísu byggðir á stærðfræðilíkani og skekkjumörkin eru nokkrar milljónir.

Ástæðan fyrir því að heldur hefur fjölgað í hópi smitaðra er einkum talin vera sú að dauðsföllum hefur fækkað.

Alls er talið að nærri sextíu milljónir manna hafi smitast af HIV-veirunni frá því hún komst fyrst á kreik fyrir tæpum þremur áratugum. Um 25 milljónir þeirra hafa látist af orsökum sem tengjast veirunni.

Síðan árið 1996 hefur tekist að bjarga 2,9 milljónum mannslífa með lyfjameðferð, en það ár komu fyrst á markað lyf sem vinna bug á sjúkdómnum. Auk þess hefur dregið úr nýsmiti um sautján prósent undanfarin átta ár.

Sumir sérfræðingar telja þó að faraldurinn sé hugsanlega í rénun einfaldlega vegna þess að veiran sé komin á leiðarenda, frekar en að inngripum læknavísindanna sé að þakka.

> Við eigum ekki að láta þennan eina sjúkdóm skekkja alla alþjóðlega fjármögnun lengur.
>
> **PHILIP STEVENS**
> SÉRFRÆÐINGUR HJÁ INTERNATIONAL POLICY NETWORK

Sameinuðu þjóðirnar hafa þegar staðfest að faraldurinn sé víða í rénun. Þá eru auk þess farnar að heyrast raddir um að breyta þurfi forgangsröðun þegar fjárstuðningi er úthlutað.

Talið er að fjögur prósent allra dauðsfalla í heiminum verði af völdum alnæmis, en 23 prósentum allra heilbrigðisútgjalda er með einum eða öðrum hætti varið í baráttuna gegn alnæmi.

„Við eigum ekki að láta þennan eina sjúkdóm skekkja alla alþjóðlega fjármögnun lengur, ekki síst þegar miklu auðveldara og ódýrara er að lækna mjög mannskæða sjúkdóma í þróunarlöndunum á borð við lungnabólgu og niðurgang,“ segir Philip Stevens, sérfræðingur hjá International Policy Network, sem er hugmyndaveita í London. **- gb**



KOMDU NÚNA!

# 41% AFSLÁTTUR

## Á ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚMUM

## ATH! AÐEINS NÍU RÚM Í BOÐI. FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR!



**AC12 ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚM**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

ARGH!!! 251109

**AC12 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð 236.340 kr.
**NÚ 139.440 kr.**



GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR
30% AFSLÁTTUR
af öllum heilsukoddum til jóla

**JÓLATILBOÐ**
Heilsukoddar frá
**5.915 kr.**

**JÓLATILBOÐ**
Kauffmann
hitajöfnunardúnsængur
Verð frá
**21.600 kr.**

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



**ÁREITA FERÐAFÓLK** Ferðafólk í Suður-Afríku hefur orðið fyrir miklu áreiti af hálfu bavíana, sem óhræddir brjótast inn í bíla og hús þar sem þeir brjóta og bramla, hirða hluti og jafnvel ráðast á fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sérstakur saksóknari segir hæpið að fullyrða um leka frá embættinu:

# Um tíu yfirheyrðir vegna máls Baldurs

**LÖGREGLUMÁL** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir hæpið að fullyrða að upplýsingum um mál Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, hafi verið lekið frá embætti hans. Rannsóknin hafi verið á vitorði margra, um tugur manna hafi verið yfirheyrður, auk þess sem starfsmenn sýslumanns hafi komið að því að kyrrsetja eignir Baldurs.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem sérstakur saksóknari sendi frá sér í gær, þar sem hann svarar grein frá lögmanni Baldurs sem birtist í Morgunblaðinu sama dag. Í greininni sagði Karl Axelsson, lögmaður Baldurs, að honum ofbyði umræðan um mál Baldurs og sakaði starfsmenn sérstaks saksóknara og Fjármálaeftirlitsins um að leka upplýsingum um málið til fjölmiðla. Hann fer fram á að rannsókninni verði hætt.

Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sagði einnig í fjölmiðlum í gær að upplýsingum væri ekki lekið til fjölmiðla frá embættinu.

Baldur er grunaður um að hafa búið yfir innherjaupplýsingum um stöðu Landsbankans þegar hann seldi bréf í bankanum fyrir á annað hundrað milljónir króna skömmu fyrir hrun í fyrrahaust. Sérstakur saksóknari fékk kyrrsetningu á eignum hans í þarsíðustu viku vegna rannsóknarinnar. - sh



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON BALDUR GUÐLAUGSSON

Frjálsi sló í gegn á Írlandi:

# Bestur og næstbestur í Evrópu

**VIÐSKIPTI** Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi af Investment Pension Europe (IPE) á árlegri verðlaunahátíð sem fram fór í Dublin á Írlandi í síðustu viku. IPE er eitt virtasta fagtímarit Evrópu um lífeyrismál.

Lífeyrissjóðurinn var sömuleiðis valinn næstbesti lífeyrissjóður í Evrópu af lífeyrissjóðum sem eru minni en einn milljarður evra, jafnvirði um 183 milljarða króna, að stærð. Þá er hann jafnframt næstbesti lífeyrissjóðurinn í Evrópulöndum sem eru með færri en eina milljón íbúa. - jab

Decode í greiðslustöðvun:

# Beiðnin samþykkt vestra

**VIÐSKIPTI** Dómstóll í Delaware í Bandaríkjunum féllst í gær á gjaldþrotabeiðni Decode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE). Beiðnin var send fyrir viku.

Greiðslustöðvunin gildir fram í janúar og mun fyrirtækið halda starfsemi áfram þangað til. Fram að þeim tíma mun bandaríska félagið Saga Investments fjármagna rekstur ÍE hér á landi og selja erlendar eignir félagsins upp í skuldir. Opnað verður fyrir önnur tilboð í reksturinn. - jab

Þefvís lögregluþjónn rann á kannabislykt á leið sinni til vinnu og fann nokkuð umfangsmikla ræktun:

# Tóku kannabis fyrir 4,5 milljónir

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tók í fyrrakvöld marijúana, tilbúið til sölu, að andvirði um 4,5 milljónir króna í götusölu.

Á Laugavegi, á efstu hæð í fjölbýli, upprætti lögreglan kannabisræktun, tæpar 80 plöntur, á ýmsum stigum ræktunar, og var tæplega helmingur þeirra á lokastigi. Hafði lögreglumaður á leið til vinnu gengið framhjá húsinu og fundið kannabiskeim. Hann hringdi í samstarfsmenn sína, sem runnu á lyktina og knúðu dyra hjá húsráðanda, manni á þrítugsaldri. Hann gekkst við að eiga ræktunina. Hjá honum fundust um 300 grömm af marijúana, sem búið var að þurrka og var tilbúið til sölu. Einnig fannst nokkurt magn af sterum. Jafnframt 70 þúsund krónur sem talið er að séu ágóði af fíkniefnasölu.

Næst bar lögreglu niður skammt frá miðbæ Hafnarfjarðar, í litlu tvíbýli. Lögreglumenn höfðu fylgst með húsnæðinu skamma stund þegar húsráðandi, karlmaður á þrítugsaldri, kom út úr íbúðinni. Hann var stöðvaður og honum snúið til baka. Mikinn kannabisþef lagði þá frá íbúðinni. Nýbúið var að klippa niður ræktun þar inni. Við húsleit fundust tuttugu plöntur og um 700 grömm af marijúana sem var búið að þurrka og var tilbúið til sölu.

Mennirnir viðurkenndu báðir sölu á efnunum. - jss



**KANNABISRÆKTUN** Lögreglan tók kíló af marijúana, sem tilbúið var til sölu á götunni.

ÚRRÆÐI TIL ÁRANGURS
HÓTEL NORDICA 26. OG 27. NÓVEMBER

RÁÐSTEFNA UM MENNTUN Á VINNUMARKAÐI Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB bjóða til ráðstefnu.

Á ráðstefnunni verða rædd úrræði sem hægt er að grípa til hér og nú til þess að bregðast við því ástandi sem ríkir á íslenskum vinnumarkaði en seinni daginn verður einkum hugað að menntun og færnikröfum íslensks vinnumarkaðar til framtíðar.

DAGSKRÁ 26. NÓVEMBER

14:00 Ávarp menntamálaráðherra
Katrínar Jakobsdóttur

14:10 Getum við hafið sókn til framtíðar með lausnum á bráðavanda?
Aðkallandi atvinnuleysisúrræði í ljósi reynslu nágrannalanda
Gestur Guðmundsson, prófessor í félagsfræði menntunar við Háskóla Íslands

14:50 „Ég var bara tossi“ - niðurstöður könnunar meðal lesblindra
Þóra Ásgeirsdóttir, ráðgjafi hjá ráðgjafastofunni Kná

15:20 Kaffihlé

15:40 Sveltur sitjandi kráka
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands

16:20 Um hlutverk símenntunarmiðstöðva
Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum

16:50 Fyrirmynd í námi fullorðinna
Afhending viðurkenninga

17:00 Samantekt
Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands

17:30 Léttur kvöldverður, þankahríð og tónlist

Ráðstefnustjóri: Guðrún Eyjólfsdóttir, verkefnisstjóri, Samtökum atvinnulífsins

DAGSKRÁ 27. NÓVEMBER

09:30 New Skills for New Jobs – framtíðarsýn Evrópusambandsins um menntun og færniuppbyggingu fyrir evrópskan vinnumarkað
María Kristín Gylfadóttir, verkefnisstjóri hjá Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB

09:50 Anticipating future skill needs: Cedefop´s analysis and forecast of jobs and skills across Europe by 2020
Peter Szovics, sérfræðingur hjá Miðstöð Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar (Cedefop)

10:40 Age-diverse recruitement procedures and practices – presentation of the tools of *Mature@eu: Supporting Employers In Recruiting And Selecting Mature Aged Persons*
Maria Schwarz, Center for Social Innovation, Austurríki

11:00 Kaffi

11:15 Pallborðsumræður
Hvernig tryggjum við að þörf fyrir nýja færni verði lögð til grundvallar framtíðarstefnumótun um menntun og þróun vinnumarkaðar?

Hvernig förum við að og hver er ábyrgð ólíkra hagsmunaaðila?

- Oddný G. Harðardóttir, formaður menntamálanefndar Alþingis
- María Guðmundsdóttir, fulltrúi í stjórn FA og fræðslufulltrúi SAF
- Finnbjörn Hermannsson, formaður menntamálanefndar ASÍ
- Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar Vinnumálastofnunar
- Hermann Guðmundsson, forstjóri N1

Arna Schram, blaðamaður stýrir pallborði og umræðum

12:15 Horft fram veginn… skref fyrir skref
Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

RÁÐSTEFNAN ER ÖLLUM OPIN OG AÐGANGUR ÓKEYPIS.
Þátttakendur þurfa að skrá sig á www.frae.is eða á www.lme.is

*Á meðan á ráðstefnunni stendur verður sýning á fyrirmyndarverkefnum (Best Practices) sem styrkt hafa verið af Menntaáætlun Evrópusambandsins, Leonardo da Vinci og Grundtvig.*

Education and Culture DG
Lifelong Learning Programme

Menntamálaráðherra:

# Vill frekari rök fyrir fækkun kennslustunda

**MENNTAMÁL Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur beðið sveitarfélögin að rökstyðja nánar hugmyndir um að fækka lögbundnum kennslustundum í grunnskólum um þrjár til fjórar á viku.**

**Fréttablaðið sagði frá því í gær að Samband íslenskra sveitarfélaga hefði kynnt henni hugmyndir um breytingar á grunnskólalögum til að auðvelda sveitarfélögunum að hagræða í rekstri skólanna.**

**Katrín segist vilja skoða fagleg áhrif hugmyndanna og fá nánari upplýsingar um hve mikið sveitarfélögin telja sig geta sparað með breytingunni. Hún vill ekki tjá sig um líkur á því að hún leggi fram frumvarp um breytingar í samræmi við tillögurnar á næstunni.** - pg



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Nýtt ráðherrafrumvarp:

# Frestur til að höfða riftunarmál lengdur

**VIÐSKIPTI** Slitastjórnir gömlu bankanna fá lengri frest en áður til að höfða mál til að fá óeðlilegum fjármálagjörningum rift, samkvæmt frumvarpi sem Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, kynnti í ríkisstjórn í gærmorgun. Slitastjórnirnar höfðu lýst áhyggjum af of skömmum fresti í bréfi til tveggja ráðuneyta. „Okkar mat var að það væri alveg rétt,“ segir Gylfi.

Slitastjórnirnar lýstu einnig öðrum áhyggjum, meðal annars af því að gloppa í lögum um varnarþing gerði það að verkum að þeir sem færðu lögheimili sín til útlanda lentu í vari fyrir riftunarmálum. Gylfi segir þetta mál lögfræðilega flókið og verði líkast til í skoðun fram yfir jól. - sh




YFIR 50 UPPSETTAR BAÐINNRÉTTINGAR Í SÝNINGARSAL

*nútímahönnun*
fyrir nútímafólk





FJÖLBREYTTUSTU STURTULAUSNIR Á ÍSLANDI

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



# Til hamingju!
# Nú geturðu eign
# 160 þúsund vini.
# Stærsta vinahóp

**Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.**

Síminn

Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.


Samsung Soul U800
Útborgun
0kr.
2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Verð: 24.000 kr.
Athugið að inneign í símatilboðum virkjar ekki vinaafslátt Ring.
LG Viewty
Útborgun
0kr.
Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.
2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Verð: 34.900 kr.
ENNEMM / SÍA / NM39970
ast
á Íslandi.
Stærsti vinahópur á Íslandi
ring

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Miðjuflokkarnir verða að jafna ágreining sinn.

## Brú yfir miðjuna

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Eftir því sem lengra líður fer fleira í handaskolum hjá ríkisstjórninni og samstaða innan hennar er bágborin. En sósíalísk einkenni stjórnarstefnunnar eru að koma betur í ljós. Ríkisstjórnin er ekki vinstristjórn, eins og það heiti hefur verið skilið hingað til, heldur fyrsta sósíalistastjórn á Íslandi. Allir vita að sósíalistum fellur vel að eyða arði sem frjálst atvinnulíf hefur skapað, en sósíalistum er fátt verr gefið en að blása lífi í frjálst athafnalíf eða örva það til verðmætasköpunar með arðbærum rekstri til kjarabóta fyrir almenning.

Nú er það lýðum ljóst að um nokkurt skeið verður mjög aukin skattheimta algerlega óhjákvæmileg. Og ríkisstjórnin er alls ekki öfundsverð af þeim verkefnum. Allir landsmenn hljóta að viðurkenna þetta og gera það. En það er eftir öðru að sósíalistastjórnin vill taka upp skandinavískt skattakerfi og brjóta niður flest það sem helst hefur verið til umbóta í þessum efnum á síðari árum. Skandinavískt skattakerfi með bröttum þrepum elur af sér samsvarandi bratta í launa- og tekjuskiptingu, verkar hamlandi gegn fjárfestingu og hrekur fjármagn frá landinu.

Auk þessa virðist sósíalistastjórnin ekki hafa tekið eftir þeim skipulagsbreytingum og hagræðingu sem Skandinavar hafa gripið til á síðari árum til að ná tökum á ofvexti og óskilvirkni velferðarbáknsins sem legið hefur þungt á Norðurlandaþjóðunum. Með þessum orðum er ekki vegið að hugmyndum um skynsamlegt og hóflegt velferðarsamfélag.

En þrátt fyrir allt þetta er það samt styrkur lýðræðisins á Íslandi að til er valkostur í stjórnmálunum, og ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms er staðfesting á styrk stjórnarstofnana þjóðarinnar. Um langt árabil hefur Sjálfstæðisflokkurinn haft algert forræði á stjórnmálasviði og getað sett öðrum kosti. Stefna og störf núverandi sósíalistastjórnar virðast reyndar munu treysta ofurveldi sjálfstæðismanna á ný eins og skoðanakannanir sýna. Reynslan af sósíalismanum hrekur fólk upp í fangið á íhaldinu.

Ein helsta skýringin á ofurveldi sjálfstæðismanna er ósætti og sundrung sem áratugum saman hefur einkennt miðjuna í íslenskum stjórnmálum. Ágreiningur og gremja hefur langtímum saman einkennt samskipti framsóknarmanna og krata, nú Samfylkingar, og þetta ástand tryggir yfirráðastöðu Sjálfstæðisflokksins annars vegar og styrkir stöðu kommanna, nú Vinstri grænna, á hinum vængnum.

Ef menn hafa áhuga á því að binda enda á yfirráð sjálfstæðismanna, þá verður það aðeins gert með því að byggja brú yfir miðjuna. Þá verða menn að hefja samvinnu miðjuaflanna í Framsóknarflokknum og Samfylkingunni, draga úr ágreiningi milli þessara flokka og vinna að málefnalegri samstöðu yfir miðjuna. Þetta verður ekki gert á fáum dögum, og eins og mál standa nú þarf þetta starf aðdraganda. Þessir flokkar eru nú andstæðir, að minnsta kosti um einhvern tíma enn, og forysta þeirra beggja hefur öðrum skyldum að gegna.

En til lengri tíma litið er þetta viðfangsefni sem mikil ástæða er til að skoða af alvöru, að byggja brú yfir miðjuna til að ná frumkvæðinu í íslenskum stjórnmálum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Blessað fjölræðið

Menntamálaráðherra hefur kynnt nýtt frumvarp til laga um fjölmiðla. Þar stendur meðal annars: „Markmið laga þessara er að stuðla að tjáningarfrelsi, frelsi til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun...“ Já, það var kominn tími til að „fjölræði í fjölmiðlum“ væri tryggt, ekki satt? En hvað er fjölræði annars? Í íslenskri orðabók er orðið fjölræði ekki að finna. Hins vegar er þar lýsingarorðið fjölræður, sem merkir margræður. Getur verið að menntamálaráðherra vilji stuðla að „margræðum“ fréttaflutningi, frekar en skýrum? Varla. Er ekki hitt líklegra að þessi orðanotkun í frumvarpinu sé bara froða?



### Ekki lengt í Snörunni

Almennum aðgangi menntaskólanema að vefbókum Snöru hefur verið lokað. Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur sent menntamálaráðherra bréf og lýst yfir áhyggjum af þessu. Þetta er óeigingjörn afstaða; að minnsta kosti verður trauðla séð hvernig útbreiðsla vefbóka þjónar hagsmunum bókasafnsfræðinga.

### Milli flokka og innan flokka

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, segir breytt viðhorf til Reykjavíkurflugvallar ekki ólíklegt í ljósi efnahagsástandsins. Þar vísar hann til hugmynda Kristjáns Möllers samgönguráðherra um nýja flugstöð í Vatnsmýrinni. Dagur B. Eggertsson er ósammála Júlíusi, og um leið Kristjáni, þótt hann hafi ekki fært það í orð. Það gerði hins vegar Steinunn Valdís í Fréttablaðinu í gær. Og nú bætist við að Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri leggur áherslu á fyrra samkomulag, sem gerir ráð fyrir samgöngumiðstöð í Vatnsmýri en ekki flugstöð. Það er sumsé ekki aðeins ágreiningur um flugvöllinn milli stærstu flokkanna í borginni heldur innan þeirra líka. Hversu líklegt er að endanleg sátt náist um flugvöllinn á næstunni?



bergsteinn@frettabladid.is

## Kjötkrókurinn



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Sósíalistar í Frakklandi

Í haust fór ég eins og stundum áður á hátíð franska blaðsins L´Humanité, sem er e.k. „þjóðhátíð“ franskra kommúnista og haldin árlega í úthverfi fyrir norðan París. Allt var þar með gamalkunnum hætti, í tjaldbúðinni voru veitingastaðir með alls kyns sérréttum, verslanir af hinu fjölbreyttasta tagi, salir fyrir umræður og svo höfðu tónlistarmenn komið sér fyrir hér og þar með pípur sínar, bumbur o.fl. Ég horfði á flamenco-dans meðan ég borðaði, hlýddi á Múhameðstrúar-rapp, mætti risastórri brúðu í líki ljóshærðrar konu sem dansaði, enda maður falinn undir pilsinu, keypti ólífuolíusápur í búð Palestínumanna, og leit inn á umræðufund þar sem verið var að tala um Evrópusambandið: „Það hefur ákveðnu hlutverki að gegna,“ sagði ræðumaður, „og ef það gegnir því ekki eiga Frakkar að segja sig úr því.“

Loks endaði ég á miklum leikvangi, þar sem haldnar voru aðalræður hátíðarinnar. Ritstjóri blaðsins sagði að aldrei áður hefðu svo margir komið á þessa hátíð, eða sex hundruð þúsund manns. Ég leit í kringum mig og gat vel trúað þessu, enda var þetta einnig mat blaðamanna daginn eftir. Og mikill hugur virtist vera í mönnum. Eigi að síður fær franski kommúnistaflokkurinn ekki lengur nema fáein prósent í kosningum, álíka mikið og róttæklingahópar sem kommúnistar hæddust mjög að áður fyrr. Það bjargar flokknum frá hruni, enn sem komið er, að hann hvílir á rótgróinni hefð og hefur sterka stöðu sums staðar úti á landsbyggðinni.

Annar stjórnmálaflokkur sem báglega er komið fyrir er franski sósíalistaflokkurinn. Þegar Ségolene Royal beið afhroð fyrir Sarkozy í síðustu forsetakosningum bjuggust flestir við því að hún myndi víkja til hliðar, en hún seildist eftir að ná kosningu sem formaður flokksins. Þetta fannst ýmsum miður og þeir buðu fram á móti henni aðra konu, Martine Aubry, sem hafði þann kost að vera sú eina sem andstæðingar Ségolene gátu komið sér saman um. Martine Aubry náði kjöri, en með örlitlum mun. Ségolene undi þessu hið versta og lét mikið á sér bera til að reyna að láta líta svo út að hún væri hinn raunverulegi formaður flokksins.

Fyrir nokkru kom út bók þar sem því var haldið fram að einhver brögð hefðu verið í tafli í formannskjörinu, og þá sté Ségolene fram með miklum hávaða, hún ásakaði Martine Aubry fyrir kosningasvindl og hótaði jafnvel málshöfðun. Martine Aubry svaraði ekki, en það gerðu „lautinantar“ hennar svokallaðir, og sögðust hafa sannanir fyrir því að Ségolene hefði svindlað. Þá var umræðan í sósíalistaflokknum komin niður á planið: „Þú svindlaðir“, „nei, það varst þú sjálf sem svindlaðir“, og finnst mér ólíklegt að neðar sé hægt að komast. Nú nýlega héldu nokkrir sósíalistar fund með fulltrúum annarra vinstri flokka til að ræða samstarf; Ségolene var ekki boðið, en hún birtist fyrirvaralaust á staðnum með skara af papparössum á hælunum. Ætlunin var sú að hleypa fundinum upp og stela senunni. Hvort tveggja tókst. Og nú er allt í háalofti í flokknum. Fyrir franska þinginu liggur nú lagafrumvarp um að banna flengingar í landinu; einhver stakk upp á að leggja fram breytingartillögu: sósíalistar skyldu undanþegnir banninu. En það sér í iljar flokksmanna.

En ræturnar að ógæfu flokksins liggja þó mun dýpra. Fyrir nokkru var haldinn fundur þar sem einn af leiðtogunum, Laurent Fabius, hélt hjartnæma ræðu um nauðsyn þess að berjast gegn frjálshyggjunni með kjafti og klóm. En um leið og hann lauk máli sínu gall í einhverjum: „Hvers vegna voru aðgerðir þínar í þinni eigin ráðherratíð alveg þveröfugar við það sem þú boðar nú?“ Það sló þögn á salinn.

Sósíalistar verða nú að borga fullu verði þá kúvendingu sína þegar þeir sneru ótrauðir inn á braut frjálshyggjunnar, gleyptu hana í rauninni með húð og hári; það voru þeirra „sögulegu svik“ og nú eru þeir færri sem taka mark á flokknum. Og alls staðar eru vinstri flokkar í molum. En á meðan leikur Sarkozy lausum hala, m.a. hefur hann nú tekið sér fyrir hendur að hefna sín á þeim flokksbræðrum sínum sem reyndu að koma í veg fyrir að hann yrði forseti, sem sagt Chirac fyrrverandi forseta og Villepin fyrrverandi forsætisráðherra. Sá síðarnefndi var nýlega fyrir rétti og sá fyrrnefndi mun bráðum mæta fyrir rétt, báðir sakaðir um aðild að ýmsu svindilbraski. Sarkozy sagði um sakborninginn í fyrra málinu, sem sé Villepin, að hann myndi ekki láta staðar numið fyrr en búið væri að hengja hann á kjötkrók hjá slátrara. Dómur hefur ekki enn verið kveðinn upp, en kjötkrókurinn bíður.

## Jöfn tækifæri og bjartari framtíð

UMRÆÐAN

Ragna Sara Jónsdóttir skrifar um starfsemi UNIFEM



RAGNA SARA JÓNSDÓTTIR

Fyrir tuttugu árum tóku röskar konur sig saman og stofnuðu Landsnefnd UNIFEM á Íslandi. Þær höfðu sömu hugsjónir að leiðarljósi og fjöldi réttsýnna einstaklinga um allan heim: Að bæta stöðu kvenna þar sem réttindi þeirra eru ekki virt að fullu, tækifæri þeirra eru takmörkuð og frelsi ekki virt.

UNIFEM er Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna og vinnur að því að bæta efnahagslega og félagslega stöðu kvenna í löndum þar sem þær standa höllum fæti. Á landi eins og Íslandi, þar sem kynin búa við lögbundið jafnrétti, spyrja ef til vill einhverjir hvort þörf sé á sérstöku átaki og vernd í þágu kvenna? Svarið er einfalt – já. Því miður búa konur í mörgum löndum heims ekki við sama rétt og karlar hvað varðar tækifæri til stjórnmálaþátttöku, borgaralegt öryggi, aðgang að menntun og eignarrétt. Enn þann dag í dag er kynbundinn munur á því hvaða möguleika og tækifæri einstaklingar eiga til þess að lifa mannsæmandi lífi.

Konur bera auk þess víða um heim höfuðábyrgð á fjölskyldunni. Rannsóknir frá þróunarlöndum sýna að konur nota 90% af tekjum sínum í þágu fjölskyldunnar á meðan þetta sama hlutfall er 30-40% hjá körlum. Með því að styðja konur til mennta, efnahagslegs sjálfstæðis og stjórnmálaþátttöku er verið að renna styrkari stoðum undir fjölskylduna. Þá sýna rannsóknir að með aukinni menntun kvenna lækkar fæðingartíðni og samhliða því aukast möguleikar fjölskyldunnar á að koma hverjum einstaklingi til manns.

UNIFEM á Íslandi hefur staðið vörð um réttindi kvenna og unnið að bættum hag kvenna í þróunarlöndum í 20 ár. Íslendingar hafa stutt dyggilega við bakið á málstað UNIFEM. Félagar og styrktaraðilar UNIFEM á Íslandi eru nú tæplega 1.300 talsins auk þess sem íslensk stjórnvöld styðja ötullega við starfsemi félagsins. UNIFEM á Íslandi fagnar 20 ára afmæli með þakklæti í huga og mun áfram sinna réttindabaráttu kvenna um heim allan af krafti og einurð. *Höfundur er formaður UNIFEM á Íslandi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# X-tra ódýrt!





399 kr/pk.

**FRANSKAR KARTÖFLUR**
1kg



199 kr/pk.

**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
2 stk.




129 kr/pk.

**PASTASKRÚFUR**
500g



299 kr/stk.

**PASTASÓSA**
500g



179 kr/stk.

**TÚNFISKUR**
í olíu, 185g



189 kr/pk.

**HVEITI**
2kg



298 kr/stk.

**MATAROLÍA RAPS**
1 lítri



179 kr/stk

**ANANASSNEIÐAR**
567g



249 kr/stk.

**SAFI, 1,5l**
ananas, epla eða appelsínu



199 kr/pk.

**KAFFIFILTER 104**
200 stk., óbl.



259 kr/stk.

**BÖKUNARPAPPÍR**
20m



199 kr/stk.

**PLASTFILMA**
60m



299 kr/pk.

**PLASTPOKAR, HVÍTIR**
3x30 stk



299 kr/pk.

**ELDHÚSRÚLLUR**
4 rúllur



229 kr/stk.

**WC HREINSIR**
750ml



389 kr/pk.

**WC PAPPÍR**
8 rúllur

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

Marel Food Systems hf.
Birting lýsingar

Marel Food Systems hf. hefur birt lýsingu vegna útboðs á nýjum hlutum í félaginu og töku hinna nýju hluta til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf.

Nálgast má lýsinguna næstu 12 mánuði á vef Marel Food Systems hf., www.marel.com. Prentuð eintök er hægt að nálgast hjá útgefanda, Marel Food Systems hf., Austurhrauni 9, Garðabæ.

Hinir nýju hlutir í Marel Food Systems hf. verða seldir í hlutafjárútboði til fagfjárfesta, dagana 26. og 27. nóvember 2009. Boðnir verða út allt að 92.400.000 nýir hlutir í Marel Food Systems hf. á verðbilinu 63-65 krónur á hlut. Verði umframeftirspurn í útboðinu hefur stjórn Marel Food Systems hf. áskilið sér rétt til þess að fjölga þeim hlutum sem boðnir verða til sölu í útboðinu um allt að 46.200.000 hluti. Heildarfjöldi hluta sem seldir verða í útboðinu er því að hámarki 138.600.000 hlutir. Stefnt er að því að hinir nýju hlutir verði teknir til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. eigi síðar en 9. desember 2009.

Allir hlutir í Marel Food Systems hf., þar með taldir hinir nýju hlutir, eru í einum flokki og eru jafnréttháir. Ákveði stjórn Marel Food Systems hf. að fjölga ekki þeim hlutum sem boðnir verða til sölu verður heildarfjöldi hluta í Marel Food Systems hf. að hlutafjárhækkun lokinni allt að 708.400.000 hlutir. Verði hlutum í útboðinu fjölgað að ákvörðun stjórnar, verður heildarfjöldi hluta í Marel Food Systems hf. að hlutafjárhækkun lokinni að hámarki 754.600.000 hlutir.

Nánari upplýsingar um útboðið og skilmála þess má finna í lýsingu Marel Food Systems hf.

Garðabær, 25. nóvember 2009.

marel food systems




# Staðreyndir um fjárhagsstöðu OR

**UMRÆÐAN**

Anna Skúladóttir skrifar um Orkuveitu Reykjavíkur

Í ljósi umræðu undanfarnar vikur um fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur vil ég koma á framfæri upplýsingum úr reikningum Orkuveitunnar, ef það mætti varpa skýrara ljósi á stöðu fyrirtækisins.

### Efnahagur

Mikil umræða hefur verið um mikla skuldsetningu félagsins en langtímaskuldir þess eru að mestu í erlendri mynt. Gengisvísitala íslensku krónunnar hefur rúmlega tvöfaldast frá miðju ári 2007 sem hefur haft þau áhrif að erlendar skuldir fyrirtækisins hafa hækkað samsvarandi.



ANNA SKÚLADÓTTIR

Tekin hafa verið lán í erlendri mynt til að fjármagna fjárfestingar á undanförnum árum. Mikill vaxtamunur hefur verið á milli innlendra og erlendra vaxta á síðasta áratug og nemur ávinningur Orkuveitu Reykjavíkur vegna lægri vaxtagreiðslna um 30 milljörðum frá árinu 2002. Til samanburðar má geta þess að stofnkostnaður 90 MW virkjunar nemur 25-30 milljörðum króna. Langtímaskuldir Orkuveitu Reykjavíkur endurgreiðast á næstu 25 árum. Það fer því eftir stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum á greiðsludegi hver fjárhæð afborgana verður. Á móti erlendum skuldum eru raforkusölusamningar í bandaríkjadölum til jafnlangs tíma og lánin, eða 20-25 ára. Þessir samningar koma ekki fram í efnahagsreikningi fyrirtækisins nema að litlu leyti. Engu síður er hér um að ræða innbyggða gengisvörn en þessar tekjur eiga að ganga til greiðslu á vöxtum og afborgunum langtímaskulda sem teknar eru til fjármögnunar virkjana til raforkuframleiðslu.

Einnig er rétt að vekja athygli lesenda á því að Orkuveita Reykjavíkur á umtalsverðar eignir sem ekki koma fram í efnahagsreikningi s.s. auðlindir, lóðir, lendur og vörumerki svo eitthvað sé nefnt. Heitt vatn til húshitunar kemur t.d. að 60% hluta frá borholum í Reykjavík og nágrenni sem eru afskrifaðar að miklu leyti. Þannig má færa rök fyrir því að eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur sé vanmetið.

### Sjóðstreymi

Ekki er hægt að meta fjárhagslegan styrk eða veikleika félags eingöngu út frá niðurstöðum úr efnahagsreikningi. Nauðsynlegt er að horfa til sjóðstreymis. Sjóðstreymi Orkuveitu Reykjavíkur byggir á sterkum grunni. Yfir 70% landsmanna eiga í viðskiptum við fyrirtækið vegna kaupa á raforku, dreifingu rafmagns, heitu vatni, köldu vatni, fráveituþjónustu eða ljósleiðara frá Gagnaveitu Reykjavíkur. Hér er um að ræða grunnþjónustu samfélagsins á afar hagstæðu verði. Neðangreint línurit sýnir þróun á verðskrá rafmagnssölu og heitu vatni frá 1997-2009. Eins og þarna kemur fram hefur á þessu tímabili orðið raunlækkun á sölu á heitu vatni sem nemur um 27% og 33% á sölu á raforku til smásölu.

Raforkusala til stóriðju hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og er áætluð í útkomuspá ársins um 5 milljarðar króna. Þessar tekjur byggja á samningum um raforkusölu, svokölluðum „take & pay“ samningum, þar sem kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa rafmagnið óháð því hvort hann notar það. Þessir langtímasamningar eru í USD og tengdir álverði.

Tekjur að frádregnum rekstrargjöldum, eða sem kallað er EBITDA, eru áætlaðar á þessu ári 12 milljarðar króna. Þessari fjárhæð er ætlað að standa undir greiðslu vaxta og afborgana. Umræðan undanfarið hefur meðal annars snúist mikið um það hvort Orkuveita Reykjavíkur geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart erlendum lánardrottnum, þegar meirihluti tekna er í íslenskum krónum.

Neðangreint súlurit sýnir hvernig EBITDA stendur undir greiðslu vaxta og afborgana erlendra lána á yfirstandandi ári miðað við mismunandi gengi íslensku krónunnar. EBITDA hækkar með lækkandi gengi krónunnar þar sem um 20% tekna eru í erlendum gjaldeyri og vegna þessa stendur EBITDA undir greiðslu vaxta og afborgana langtímaskulda þótt gengi íslensku krónunnar falli niður í 260 stig.

### Vaxtakjör

Ástæða þess að EBITDA stendur undir þessum greiðslum þrátt fyrir að höfuðstóll skulda hafi vaxið um 108% vegna veikingar krónunnar er fyrst og fremst afar hagstæð vaxtakjör. Meðalvextir erlendra lána Orkuveitu Reykjavíkur eru nú 1,15%. Vaxtakjör Orkuveitu Reykjavíkur á langtímaláni frá Evrópska fjárfestingabankanum sem undirritað var 20.nóvember sl. eru örlítið hærri. Orkuveitan hefur náð að fjármagna fjárfestingar sínar með langtímalánum, til allt að 25 ára með afar hagstæðum kjörum. Nú þegar kreppir að skiptir þetta höfuðmáli.

Nokkur umræða hefur verið um áhættuna sem Orkuveitan býr við vegna tengingar raforkusölusamninga við álverð. Orkuveitan hefur ekki keypt varnir til að tryggja sig gagnvart lækkun álverðs en unnið er að stefnumótun um m.a. greiningu áhættuvarna vegna raforkusölusamninga og viðeigandi aðgerðir, vegna vaxandi tekna tengdum álverði. Sterk fylgni er á milli þróunar álverðs og vaxta og því hafa útgjöld Orkuveitunnar lækkað umtalsvert meira vegna lækkunar vaxta en samsvarandi lækkun tekna vegna lægra álverðs. Á árinu 2009 hafa vextir haldið áfram að lækka en álverð hækkað. Gert er ráð fyrir að vextir fari hækkandi þegar efnahagskreppan gefur eftir.

### Fjárfestingar og fjármögnun

Á þessu ári nema fjárfestingar Orkuveitu Reykjavíkur um 19 milljörðum króna og á næsta ári er gert ráð fyrir rúmlega 18 milljarða fjárfestingum. Þessar fjárfestingar eru fyrst og fremst vegna 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar sem er 90MW áfangi og fráveituframkvæmda á Vesturlandi, Álftanesi og Kjalarnesi. Fráveituframkvæmdirnar miða að því að koma fráveitumálum á þessum stöðum í sama horf og er á höfuðborgarsvæðinu.

Þessar framkvæmdir eru mannaflsfrekar en gera má ráð fyrir að um 1.500-2.000 mannár þurfi til að byggja 90MW virkjun. Jafnframt skapa fjárfestingar í virkjunum gjaldeyristekjur til framtíðar.

Fjármögnun frá Evrópska fjárfestingabankanum er fyrir helmingi kostnaðar við 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar og helmingi Hverahlíðavirkjunar en ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort farið verður í byggingu Hverahlíðarvirkjunar. Bindandi raforkusölusamningur liggur fyrir vegna raforkuframleiðslunnar við 5. áfanga en ekki Hverahlíðavirkjun.

Orkuveitan hefur einnig leitað til lífeyrissjóðanna í tengslum við 10 milljarða skuldabréfaútboð til fjármögnunar á þessum framkvæmdum.







### Samantekt

Geta Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við skuldbindingar sínar er sterk, fyrst og fremst vegna hárrar framlegðar af rekstri félagsins, lágri vaxtabyrði og afborganir langtímalána dreifast á langan tíma, eða 25 ár.

Gufuaflsvirkjanir Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum og Hellisheiði hafa mjög háa framlegð. Þannig eru meira en 80% af tekjum virkjunar eftir þegar allur rekstrarkostnaður hefur verið greiddur. Sjóðsflæði frá virkjun sem komin er í fullan rekstur er mjög hátt og því mikil geta til að greiða vexti og afborganir þeirra lána sem tekin eru til byggingar þeirra. Gera má ráð fyrir að árlegar tekjur 90MW virkjunar nemi um 3 milljörðum króna.

Nýr fjármögnunarsamningur við Evrópska fjárfestingabankann að fjárhæð 170 milljónir evra, eða um 31 milljarður íslenskra króna, styður ofangreinda niðurstöðu en bankinn leggur sjálfstætt mat á fjárhagsstöðu þeirra fyrirtækja sem þeir lána til.

Lækkun á gengi íslensku krónunnar veldur því að lykiltölur fyrirtækisins versna mjög s.s. eiginfjárhlutfall. Rétt eins og með mörg önnur fyrirtæki hér á landi skiptir það Orkuveitu Reykjavíkur miklu máli að gengi íslensku krónunnar styrkist og vextir á innlendum markaði lækki. Eiginfjárhlutfall Orkuveitunnar verður lágt þar til gengi krónunnar styrkist en við 10% styrkingu krónunnar hækkar eiginfjárhlutfall í 20,3% að öðru óbreyttu.

Það er von mín að þessar upplýsingar gefi lesendum betri yfirsýn yfir fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur.

*Höfundur er framkvæmdastjóri fjármála Orkuveitu Reykjavíkur.*



**JÓLAKAFFI-TÓNLEIKAR** Árnesingakórsins í Reykjavík verða haldnir í Haukaheimilinu á Ásvöllum í Hafnarfirði sunnudaginn 29. nóvember og hefjast klukkan 15. Kórinn syngur nokkur hátíðleg lög, boðið verður upp á glæsilegt hlaðborð og síðan er safnast saman við píanóið og sungin gömul og góð jólalög með börnunum. Einnig verður haldinn basar en aðgangseyrir er 1.500 krónur.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473









Hafdís Ósk varð barn í annað sinn í Disney World og tók bæði Mínu og galdrahattinn með sér heim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skátarnir buðu fjölskyldunni í Disneyworld

**Hafdís Ósk Sigurðardóttir barnabókahöfundur keypti sér happdrættismiða einu sinni sem oftar og var næstum búin að missa af vinningnum. Fyrir vinninginn fór hún með fjölskylduna til Flórída.**

„Ég keypti happdrættismiða af skátunum haustið 1998, að því er mig minnir, og hugsaði svo ekkert meira út í það. Í byrjun maí árið eftir var ég svo af rælni að skoða happdrættismiðahrúguna sem ég hef nú stundum bara hent án þess að kíkja eftir vinningi en ákvað að athuga þetta nánar og viti menn, ég hafði unnið ferðavinning. Vinningurinn dugði í eitt ár svo við þurftum að hafa hraðar hendur til að nota hann.“ Eftir nokkrar vangaveltur ákvað fjölskyldan að skella sér í Disneyworld. „Við flugum beint til Orlando og vorum þar í viku og þræddum Disneygarðana. Við fórum í Disney World, Animal World og Sea World og drukkum í okkur það sem fyrir augu bar. Ég varð barn í annað sinn og hafði síst minna gaman af ferðinni en níu ára sonur minn. Svona ferð er algjört ævintýri fyrir fjölskyldur.“

Fjölskyldan lagði svo land undir dekk, leigði sér bílaleigubíl og ók til St. Petersburg. „Þar bjuggum við á fínu hóteli sem var í miðjum sundlaugargarði og það fannst okkur ekki leiðinlegt, sérstaklega þar sem þetta var í ágúst og afskaplega heitt. Svo keyrðum við bara um allt og nutum þess að vera til.“

Hafdís hefur alltaf styrkt skátana ásamt mörgum öðrum góðgerðafélögum og sér ekki eftir því þótt annar eins vinningur hafi ekki orðið fyrir henni, hvorki fyrr né síðar. „Ég hugsa stundum um hvað ég var heppin að kíkja á happdrættismiðann því annars hefðum við fjölskyldan misst af þessari skemmtilegu ferð og það hefði verið mikil synd.“ *- bb*





;ALLT TÍSKA Fimmtudaga

Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473



# ;JÓLIN KOMA

**RAFMAGNSLJÓS** á jólatré voru fyrst notuð árið 1895.






teg. 810858 - létt fylltur, mjög fallegur í BC skálum á kr. **3.950**,- buxur í stíl kr. **1.950**,-



teg. 7273 - létt fylltur í BC skálum á kr. **3.950**,- boxer buxur í stíl kr. **1.950**,-

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14


Elsta jólasveinsmynd sem fundist hefur í íslensku riti er á forsíðu jólablaðs Æskunnar árið 1901. Þar eru litlu dönsku jólanissarnir á ferð. Árið 1906 er mynd í jólablaði Unga Íslands af síðskeggjuðum öldungi í skósíðum kufli með jólatré um öxl og gjafapoka á baki.



**www.julli.is**



Skemmtileg stemning myndast í Hafnarfirði á aðventunni. Jólaþorpið opnar föstudaginn 4. desember næstkomandi.



Karmelsystur selja kerti og skrautmuni í básnum sínum árlega.

# Ferjar fólk í Jólaþorpið

**Guðrún Helga Sigurðardóttir er vön að klífa fjöll og firnindi en hún er nú komin til byggða, rétt á undan jólasveinunum og ætlar að ferja Íslendinga sem og útlendinga í Jólaþorpið í Hafnarfirði í desember.**



Guðrún Helga ætlar að segja sögur af jólahaldi Íslendinga meðan hún ekur með fólk í Jólaþorpið í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er með afþreyingarfyrirtæki fyrir ferðamenn, bæði innlenda og útlendinga. Allan ársins hring klífum við fjöll á vegum fyrirtækisins, sem heitir Mountain Climbing, og í vetur höfum við bætt menningartengdum ferðum við. Í desember ætla ég að ferja og fræða ferðamennina um Jólaþorpið í Hafnarfirði. Það er Hafnarfjarðarbær sem stendur að því en það hefur unnið sér sess í bæjarlífinu og fjölmargir leggja leið sína þangað ár hvert.

Jólaþorpið er mjög fjölbreytt en þar eru með til sýningar og sölu margir listamenn og ekki er síðri afar girnileg heimatilbúin matreiðsla. Þá er handverk áberandi eins og úr prjóni og tré.“ Guðrún Helga segir að nærsveitarmenn Hafnarfjarðar viti margir ekki af þessu skemmtilega jólaþorpi og því býður hún sérstaklega Mosfellingum, Garðbæingum, Kópavogsbúum, Seltirningum, Reykvíkingum og að sjálfsögðu landsmönnum öllum upp á þessa þjónustu. „Það geta fjölskyldur farið saman eða vinahópar, og oft er gott að hafa bílstjóra ef fólk vill skála í góðu glöggi eða víni. Þá getur verið gaman að nota „með hverjum lendi ég aðferðina“ og vita þá ekkert með hvaða fólki maður lendir í bíl. Þetta verður skemmtilegur, óformlegur bíltúr því ég ætla að segja sögur frá jólahaldi Íslendinga í gegnum tíðina og kynna nútímajól og hvernig við undirbúum okkur – allt á léttu nótunum,“ segir Guðrún Helga sem er sögumaður góður enda starfað sem blaðamaður í tugi ára.

„Undir lok ferðarinnar tínast ferðafélagarnir á kaffihús í bænum og fá sér það sem þeir vilja þar til allir hafa skilað sér og eru tilbúnir til heimferðar.“

Hægt er að panta ferðir hjá Guðrúnu Helgu í síma 891 7074 eða í gegnum tölvupósti ghs@islandia.is og ghs@mountainclimbing.is.

*unnur@frettabladid.is*

## Jólasaga Hamrahlíðarkórsins

HAMRAHLÍÐARKÓRINN HELDUR ÚTGÁFUTÓNLEIKA Í KRISTSKIRKJU Í LANDAKOTI Í KVÖLD KLUKKAN 20.

Nýr geisladiskur Hamrahlíðarkórsins, Jólasagan, er kominn út hjá Smekkleysu. Á disknum er fléttað saman tónverkum frá endurreisnar- og barokktímanum og jólasöngvum íslenskum og erlendum. Saga jólaguðspjallsins er sögð í tónum og atburðarás sögunnar fylgt frá fyrirheitinu um fæðingu Krists til söngva englanna, fjárhirðanna og vitringanna. Guðný Einarsdóttir leikur orgelverk milli kórverkanna.

Í tilefni af útgáfu geisladisksins halda Hamrahlíðarkórarnir tónleika í Kristskirkju í Landakoti í kvöld klukkan 20. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis. Á tónleikunum syngur 121 kórsöngvari á aldrinum 16 til 21 árs tónverk eftir meðal annars Byrd, Gallus-Handl, Hassler, Huga Guðmundsson og Lassus.





Þorgerður Ingólfsdóttir stjórnar Hamrahlíðarkórnum.

Jólalagið Jingle Bells, eða Klukknahreim, var upphaflega skrifað fyrir þakkargjörðardaginn. Með tíð og tíma varð lagið eitt vinsælasta jólalag heims.



**heimild: netið**


LAGERSALA

Mikið úrval af ódýrum skóm á alla fjölskylduna





herraskór stærðir 39-47 dömuskór stærðir 36-42

Opið virka daga 12:00 - 18:00 - laugardaga 12:00 - 16:00

Gabor

xena

Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík
Allar upplýsingar í síma 517-2040

Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is





visir.is „...ég sá það á vísi“

FRÉTTABLAÐIÐ

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár



Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800 www.skatar.is

Sölustaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta

# Fræðirit

SÉRBLAÐ • 25. NÓVEMBER 2009





**Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir**

Nauðsynleg bók fyrir alla áhugamenn um þjóðfræði og sögu.




**Berlínarblús**

Hvaða Íslendingar gengu til liðs við þýska nasista og hver urðu örlög þeirra? Hvað með íslensk fórnarlömb nasista? Mögnuð örlagasaga úr mesta hildarleik mannkynssögunnar.

**Stalín ungi**

*Ein besta sagnfræði sem völ er á.*
– Guðmundur Ólafsson, hagfræðingur

*Ævisaga eins og þær gerast bestar.*
– Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur







**Til Vesturheims**
**Eftir Bergstein Jónsson.**

Merkilegt yfirlit um Vesturferðir Íslendinga á 19. öld.

**SKRUDDA**




MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

Þóra og Helena, dóttir þeirra Jóns, fara í fótabað í Landbrotalaug sem er ein af uppáhaldslaugum Jóns.



Félagar úr Rottugenginu og Sóðagenginu baða sig í heitu lauginni í Hveragili.



Þóra slakar vel á í Hellulaug við Flókalund.




Jón G. Snæland þar sem hann kann best við sig, í jeppanum sínum.

# Vísar á heitar laugar

**Bókaútgáfan Skrudda gefur út bókina Heitar laugar á Íslandi. Þar greinir frá ósnortnum náttúrulaugum og manngerðum laugum sem skemmtilegt er að skoða og njóta.**

„Ég er alltaf á fjöllum,“ svarar Jón G. Snæland, höfundur bókarinnar Heitar laugar á Íslandi, þegar hann er inntur eftir því hvernig hann viti af svona mörgum laugum á landinu. Jón skrifaði bókina með konu sinni, Þóru Sigurbjörnsdóttur, en hann hefur einnig skrifað fleiri bækur sem tengjast óbilandi áhuga hans á jeppaferðum og hálendi Íslands. Hann gaf til dæmis út bókina Á fjöllum fyrir jólin í fyrra.

Jón hefur verið viðloðandi starf ferðaklúbbsins 4x4 um langt skeið og því farið vítt og breitt um landið. Á ferðum sínum hefur hann víða komið í áhugaverðar og skemmtilegar laugar. „Þær voru svo farnar að safnast upp og ég ákvað að taka þetta sem verkefni og gefa út á bók,“ segir Jón en hann tekur ávallt gps-punkta alls staðar þar sem hann fer og því er auðvelt fyrir ferðamenn að rata í laugarnar sem sumar hverjar eru vel faldar.

Laugarnar í bókinni eru á annað hundrað en Jón segir þær vera mun fleiri á landinu. „Margar þeirra eru nú bara í hlaðinu hjá bændum og ég vildi ekki vera að beina ferðamönnum þangað,“ segir hann glettinn en samt er úr nógu að velja. Laugarnar eru bæði í byggð og óbyggð, ósnortnar náttúrulaugar og manngerðar.

Hverri laug fylgir fróðleikur. En hvernig varð hann sér úti um hann? „Það hefur lítið verið ritað um þessar laugar svo þetta var svolítið grúsk. En svo hef ég alltaf haft eyrun sperrt þegar verið er að segja frá íslenskri náttúru,“ segir Jón og hefur því viðað að sér vitneskju um laugarnar yfir langan tíma.

En á hann sér uppáhaldslaug?“ „Já, ég verð að segja Landbrotalaug við Haffjarðará, hún finnst mér einna fallegust, svo er laugin í Hveragili austan við Kverkfjöll einnig mjög skemmtileg. Það sem er skemmtilegt við hana er að það er varla hægt að fara í hana nema á veturna því á sumrin rennur leysingavatn í laugina og kælir hana um of,“ útskýrir hann.

Ljósmyndir eru af hverri laug en Jón segist hafa tekið fæstar sjálfur. Þar hafi vinir og kunningjar lagt sitt af mörkum.

# Fræðibókum fer fjölgandi

Þótt Bókatíðindi, sem koma út í nóvember á hverju ári, flokkist strangt til tekið undir auglýsingarit má líka líta á þau sem mikilvægt uppfletti- og yfirlitsrit, en þar er að finna kynningu á helstu útgáfubókum ársins.

„Fyrsti vísir að Bókatíðindum varð til fljótlega eftir að Félag íslenskra bókaútgefenda (Bóksalafélag Íslands) var stofnað árið 1889 en upp frá því fóru menn að taka saman lista yfir hvað væri til af bókum í landinu,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda. „Fyrsta bókaskráin kom út árið 1890 og hefur komið út nánast sleitulaust síðan.“

Fyrir síðari heimsstyrjöldina var einungis um að ræða nokkur hundruð titla á ári en meðan á henni stóð fjölgaði þeim til muna. Eftir stríð dró hins vegar úr útgáfu þar til hún tók kipp á sjöunda áratugnum. „Þá var bókaskráin orðin nokkuð fornfáleg og komu fyrstu Íslensku bókatíðindin út árið 1974. Í þeim voru hins vegar engar innihaldslýsingar eins og verð hafði í bókaskránni,“ segir Kristján.




Fyrsti vísir að Bókatíðindum varð til fljótlega eftir að Félag íslenskra bókaútgefenda var stofnað árið 1889.

Á árunum 1983-1985 komu Íslensku bókatíðindin út í dagblaðsformi með Morgunblaðinu en í þeim var bæði að finna kápumyndir og innihaldslýsingar. „Árið 1986 komu Íslensku bókatíðindin út sem sérstakt rit í glansblaðaformi en þau hafa verið í núverandi broti undir heitinu Bókatíðindi frá árinu 1991,“ segir Kristján.

Allt frá árinu 1983 hefur form Bókatíðindanna verið hið sama: Kápumynd af bók, titill, höfundur, innihaldslýsing, verð og aðrar upplýsingar. Bókatíðindunum er skipt niður í ævisögur, fræðibækur og bækur almenns efnis og handbækur en Kristján segir fræðibókum sífellt fjölga og eru þær ívið fleiri í ár en í fyrra. *- ve*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462

# Boðuðu hagnýta þekkingu

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðust um Ísland árin 1752-1757 í þeim tilgangi að kanna náttúru landsins og landshagi og gera svo tillögur til úrbóta. Kóngurinn í Kaupmannahöfn styrkti þá til sumarferða en á veturna dvöldust þeir í Viðey hjá Skúla fógeta.

Eitt markmið ferðanna var að athuga villutrú alþýðufólks og afsanna sögur um skrímsli, fyrirburði og hinar ýmsu fordæður sem áttu að leynast í vötnum og fjöllum og landinu öllu.

Eggert var helsti talsmaður upplýsingarinnar hér á landi og fyrsti Íslendingurinn sem fékk prófgráðu í náttúrufræði. Það var hann sem skrifaði frægar ferðasögur þeirra Bjarna upp úr dagbókum og skýrslum. Sú bók kom fyrst út á dönsku árið 1772 undir heitinu Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Biarne Povelsens Reise igiennem Island. Bókin kom ekki út á íslensku fyrr en 1943 undir heitinu Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi. Frægasta för þeirra var líklega upp á Heklu en það gerðu þeir fyrstir manna svo vitað sé og þótti mikil glæfraför. Evrópskir munkar trúðu því margir hverjir að þar væri að finna fordyri helvítis og sjálfur djöfullinn stæði á fjallstoppinum. Sú villutrú var þó ekki viðtekin á meðal Íslendinga enda voru eldsumbrot alvanalegir viðburðir fyrir þeim.



„Fyrst heyrðum við þungan dynk undir fótum okkar. Var hann líkastur sem hleypt væri af fallbyssu í fjarlægð. Dynkir þessir voru alls fimm og fóru vaxandi og kipptist jörðin til um leið.“ Úr Ferðabók Eggerts og Bjarna.

Eggert Ólafsson samdi líka Búnaðarbálk sem allir grunnskólanemar eiga að þekkja, 160 erinda kvæði sem fjallar um leti og ómennsku í Eymdaróði og dásömun náttúrunnar í Náttúrulyst en endar á því að lýsa ungum fyrirmyndarbónda í Munaðardælu. Eggert dó í sjóferð árið 1768.

*- nrg*

# Lífið þegar amma var ung

**Þegar amma var ung eftir Sigrúnu Huld Þorgrímsdóttur hjúkrunarfræðing átti upphaflega að vera fræðslubók fyrir þá sem vinna með öldruðum, en endaði sem skemmtilegt samsafn af fróðleik um fyrri tíð.**

„Ég er hjúkrunarfræðingur á öldrunardeild Landspítalans á Landakotsspítala og hef unnið mikið á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Mér fannst stofnanatilveran hjá gömlu fólki heldur gleðilaus og hugsaði með mér þegar ég var að velja framhaldsnám að kannski gæti ég lært eitthvað í háskólanum sem gæti hjálpað mér að bæta eitthvað úr því. Það hljómar mjög bjartsýnt en ég datt niður á aðferðir sem tengjast minningum fólks og lífssögu,“ segir Sigrún Huld og auðheyrt að þetta er henni hjartans mál.

Aðferðinni lýsir hún svo: „Maður getur gert ýmislegt en ég byrjaði á því að vera með minningahópa. Þá er sest niður og gamlir tímar rifjaðir upp. Ég hef verið með klukkutímahópa einu sinni í viku þar sem setjast saman við borð tveir starfsmenn og fjórir til átta vistmenn. Stundum erum við með gamalt dót, ljósmyndir eða upplestur sem getur hjálpað okkur að rifja upp liðna tíð. Ég hef verið með gamla ferðatösku með mér sem ég tíni upp úr tvo til þrjá hluti sem tengjast daglegu lífi á árunum 1925-1955. Stundum ákveðum við að tala um til dæmis stríðsárin, jólin eða skólann en stundum byrjum við bara að tala og sjáum hvað gerist.“

Sigrún Huld segir að allir séu glaðir eftir tímann. „Eitt af því sem hjálpar fólki hvað mest er að það fá allir að vera persónur í stað þess að vera bara sjúklingar. Fólk fær að segja frá sínu lífi, sumir sem eru hrumir og gamlir fá að sýna sig þegar þeir voru ungir og sterkir. Stundum segir fólk frá erfiðum atburðum og missi sem oft leitar á þegar fólk er orðið gamalt og veikt og þá gerist það yfirleitt að allur hópurinn tekur þátt og fólk fær mikinn stuðning. Nú svo getur þetta líka hjálpað þeim að rifja upp sem eru farnir að tapa minni og hjálpað upp á sjálfsævisögulegt minni þeirra.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigrún Huld með koffortið góða sem hún notar til að rifja upp liðna tíð.

Sigrún Huld fann að í þessu starfi hjálpaði það henni mjög mikið að vera fróð um gamla tímann og henni datt í hug að búa til fræðsluefni fyrir þá sem vinna með öldruðum en vita kannski ekki mikið um það sem var að gerast í lífi þeirra. Bókin veitir innsýn í daglegt líf Íslendinga á árunum 1925-1955 og er skipulega uppsett og geymir meðal annars íslenskan og erlendan annál þessa tímabils þar sem minnst er á helstu viðburði hvers árs.

„Ég fann að þegar ég fór að vinna bókina varð ég betri í því að tala við aldraða því meira sem ég vissi um þeirra tíma. Ég hugsaði þetta sem fræðslu fyrir starfsfólk í upphafi en allir hafa gagn og gaman af því að vita hvernig hlutirnir voru fyrr á árum. Hvernig lífið gekk fyrir sig þegar amma var ung.“





## Kjarni Íslands

Hér rýnir Kristján Ingi Einarsson ljósmyndari í sál landslagsins, sérkenni þess og stemmningu. Ari Trausti setur hughrif ljósmyndanna í orð, bæði ljóð og skýringartexta. Bókin er gefin út á ensku, þýsku og frönsku og er íslenska hliðarmál í öllum bókunum.




## Óskabörn
**Ættleiðingar á Íslandi**

Fyrsta bókin um ættleiðingar sem út kemur á Íslandi í 45 ár. Hér eru mikilvægar upplýsingar um alla þætti ættleiðingarferlisins. Höfundur er Sigrún M. Kristinsdóttir en viðmælendur hennar eru fagfólk, foreldrar og ættleiddir einstaklingar.

## Baráttan fyrir börnin
**Reynslusaga móður af einhverfu**

Karen Ralston á tvo einhverfa syni. Í lífi fjölskyldunnar hafa skipst á skin og skúrir en drengirnir hafa náð gífurlegum framförum sem foreldrarnir þakka breyttu mataræði og réttri meðhöndlun.







## Jesús og Búdda

Hér er tilvitnunum í Jesú og Búdda stillt upp saman, enda ótrúlega margar hliðstæður í lífi þeirra og boðskap þótt fimmhundruð ár skilji þá að. Áhugaverð og andrík lesning með uppbyggjandi skilaboðum sem svo sannarlega eru tímalaus.

Salka
Skipholti 50 c, www.salka.is




## Jöklar á Íslandi

**eftir Helga Björnsson**

Þetta mikla rit byggir á áratuga rannsóknum Helga Björnssonar og samstarfsmanna hans við Háskóla Íslands. Hér er jöklum Íslands lýst og sambúð þjóðarinnar við þá frá upphafi byggðar til okkar daga, hvernig þeir hafa mótað landið og eytt. Saga jöklaferða og jöklarannsókna og er rakin, hulunni er svipt af landinu undir jöklum og greint frá líklegri framtíð þeirra. Ný kort og fjöldi skýringarmynda styðja nánar við efnið og í jöklaferðunum hefur Helgi sjaldan skilið myndavélina við sig og falla glæsilegar ljósmyndir og texti saman í eina heild.




## Kynlíf – heilbrigði, ást og erótík

**eftir Jónu Ingibjörgu Jónsdóttur**

Þótt kynfræði sé ung fræðigrein hafa viðfangsefni hennar fylgt mannkyninu frá örófi alda. Hér er á ferð bók sem fjallar um og útskýrir fjölmörg og mismunandi málefni sem tengjast kynlífi, td. vandamál í kynlífi, sjúkdóma og kynlíf, unglinga og kynlíf, kynlífsfræðslu og margt fleira. Höfundur fjallar um efnið á aðgengilegan hátt og miðlar óspart af eigin reynslu í kynlífsráðgjöf og rannsóknum




## Fransí biskví – franskir fiskimenn við Íslandsstrendur.

**Þriggja alda baráttusaga**

**eftir Elínu Pálmadóttur**

Í þessu magnaða verki lýsir höfundur ótrúlegu tímabili í Íslandssögunni. Líf frönsku sjómannanna sem í þúsundatali dvöldu marga mánuði fjarri heimkynnum sínum við þorskveiðar á Íslandsmiðum – og áttu ekki alltaf afturkvæmt – verður að mikilli örlagasögu. Hér er lýst á lifandi hátt heimahögum þeirra og fjölskyldum, harðneskjulegu lífi um borð og samskiptum þeirra við Íslendinga á landi, sem oft tengdust sjúkdómum og skipsköðum.




## Matur og drykkur

**eftir Helgu Sigurðardóttur**

Þetta grundvallarrit íslenskrar matargerðar er nú loks fáanlegt aftur og hefur setið ofarlega á metsölulistum frá því það kom út síðsumars. Bókin hefur stundum verið nefnd matarbiblía Íslendinga og ber það nafn með rentu. Hún á erindi á öll íslensk heimili.

opna



● **FRÆÐIRIT VERÐLAUNUÐ** Félag íslenskra bókaútgefenda veitir Íslensku bókmenntaverðlaunin í janúar ár hvert. Verðlaun eru veitt annars vegar í flokki fagurbókmennta og hins vegar í flokki fræðirita og rita almenns efnis. Verðlaunin voru sett á stofn af Félagi íslenskra bókaútgefenda í tilefni af hundrað ára afmæli félagsins árið 1989. Meðal vinningsfræðirita síðustu ár eru Íslensk byggingararfleifð I: ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940 eftir Hörð Ágústsson (1998), Hálendið í náttúru Íslands eftir Guðmund Pál Ólafsson (2000) og Þingvallavatn eftir Pál Hersteinsson og Pétur M. Jónasson (2002).

# Þriggja alda baráttusaga í endurbættri útgáfu

**Bókin Fransí Biskví er nú endurútgefin í fyrsta sinn en hún hefur verið ófáanleg frá því að hún kom út árið 1989. Þar er meðal annars að finna áður óbirt efni og myndir sem varpa nýju ljósi á viðfangsefnið.**


Elín stóð í ströngu við endurútgáfu bókarinnar Fransí Biskví. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um þessar mundir eru tuttugu ár síðan blaðamaðurinn og rithöfundurinn Elín Pálmadóttir gaf út bókina Fransí Biskví, þá fyrstu íslensku sem helguð er þorskveiðum Frakka á Íslandsmiðum. Bókin seldist upp á sínum tíma en hefur nú verið endurútgefin í fyrsta sinn, með lagfæringum, nýjum myndum og áður óbirtu efni sem höfundurinn hefur viðað að sér frá fyrstu útgáfu.

Bókin í sinni upprunalegu mynd þótti tímamótaverk og var meðal annars tilnefnd til Íslensku bókmennaverðlaunanna fyrsta árið sem þau voru veitt. „Það hafði ekkert verið ritað um þetta efni á íslensku, nema um einstök sjóslys og strönd, sem voru ekki svo fá. Mér telst svo til að 400 skip og 4.000 franskir fiskimenn hafi ekki snúið aftur heim til konu og barna,“ útskýrir Elín, sem fékk sjálf áhuga á efninu þegar hún vann hjá íslenska sendiráðinu í París.

„Þar voru Frakkar sífellt að spyrja mig út í fiskveiðar Frakka hér við land. Þannig að ég heimsótti loks frönsku útgerðarbæina, sem áttu afkomu sína undir þessum sjómönnum á sínum tíma. Út frá því skrifaði ég þrjár langar greinar í Morgunblaðið. Eftir það linnti ekki símhringingum frá fólki alls staðar að af landinu. Áhuginn var svo mikill. Svo ég hélt áfram að afla fanga þar til úr varð bók,“ rifjar hún upp.

Elín segist hafa skynjað mikinn og sívaxandi áhuga á þessu efni, enda hefur myndast virkt vinabæjasamband milli heimabæja fiskimannanna og íslensku bæjanna þar sem þeir komu mest. Hún hefur vart haft undan að svara fyrirspurnum og segja frá.

Samhliða því hefur hún komist yfir upplýsingar sem varpa nýju ljósi á viðfangsefnið. Nefnir þar sem dæmi landgöngu frönsku fiskimannanna í Reykjavík. En þegar þeir flykktust í land í hverjum fiski í maí skiptu þeir til dæmis á brennivínssnafsinum sínum, sem Íslendingar nefndu ranglega koníak, fyrir ullarvörur.

Með þessar nýju upplýsingar undir höndum þótti Elínu ekki stætt á öðru en að uppfæra verkið og koma því í prentun. „Í samræmi við það er búið að hanna útlit bókarinnar upp á nýtt með undirfyrirsögninni Þriggja alda baráttusaga og bæta við nýjum myndum og frásögnum,“ segir Elín og tekur fram að ekki sé þó vikið út af þræði upphaflegu útgáfunnar.

# Af ýmsum furðustaðreyndum




Bókin Freakonomics eða Furðuhagfræði eftir hagfræðiprófessorinn Steven D. Levitt og blaðamanninn Stephen J.Dubner sló öll met í sölu bóka um hagfræði þegar hún kom út árið 2006, seldist í fjórum milljónum eintaka um allan heim og kom út á 35 tungumálum, meðal annars á íslensku. Í bókinni eru lögmál og tölfræði hagræðinnar notuð á daglegt líf, vonir og væntingar. Er sá frambjóðandi sem hefur meira fjármagn bak við sig líklegri til sigurs í kosningum en aðrir þótt hann hafi ekkert annað til að bera en fé? og svarið er nei. Spurt er líka hvort frekar eigi að leyfa barninu sínu að leika á heimili þar sem er byssa eða sundlaug og niðurstaðan er að börnum stafar meiri hætta af sundlaugum þar sem fleiri börn drukkna í sundlaugum ár hvert en verða fyrir voðaskotum. Aðdáendur Freakonimics geta glaðst því nú er komin önnur bók frá þeim félögum sem ber hið stutta og þjála nafn, Superfreakonimics: Global cooling, patriotic prostitutes and why suicide bombers should buy lifeinsurance sem útleggst á íslensku: Ofurfurðuhagfræði: hnattræn kólnun, þjóðernissinnaðar gleðikonur og af hverju sjálfsmorðssprengjusveitir ættu að fá sér líftryggingu. Bók þessi er ekki síður umdeild en sú fyrri og mikill fengur fyrir alla þá sem féllu fyrir henni. Eitthvað til að rökræða í jólaboðunum.

# Snjallari jóla-gjafir hjá A4





## Frábær myndavél

**Canon**

**Powershot A480**

Skemmtileg vasamyndavél með ótal skemmtilega möguleika
- 10.0 megapixla
- 3,3x aðdráttur
- 15 tökustillingar
- 2,5" LCD skjár

Verð **29.900 kr.**

**4 GB minniskort fylgir frítt með**




## Spil

Mikið úrval af leikspilum fyrir alla aldurshópa




**20% AFSLÁTTUR** af öllum leikspilum 24-29. nóvember

## Draumaeyjan

Draumaeyjan er spennandi fjölskylduspil

Verð áður 4.999 kr.

Verð nú **2.499 kr.**




**50% AFSLÁTTUR**

---

**Panduro HOBBY**



**Föndraðu flott jólaskraut**

Settið inniheldur allt efni í 8 stk. Verð **2.225 kr.**

**Panduro HOBBY**



**Föndurpakkning „Jólasveinar með köngul“** Settið inniheldur allt efni í 3 stk. Hæð 23 sm.

Verð **3.990 kr.**

## Prentari

**hp**

**HP Deskjet D1660**

Ódýr og góður litaprentari sem hentar vel til skjalaútprentunar. Góður fyrir þá sem prenta ekki mikið en vilja góðan prentara þegar þeir prenta.





| | |
|---|---|
| Prenttækni: | Thermal Inkjet |
| Mánaðarnotkun: | 750 bls |
| Tengi: | USB |
| Innbakki: | 80 bls |

Verð **8.900 kr.**

---

## Snjókúlur

**Gefðu persónulega gjöf sem er ótrúlega auðvelt að útbúa.**

Klipptu út fallega mynd af barninu þínu, gæludýrinu eða þér sjálfri/sjálfum og settu inn í þessa glitrandi snjókúlu. Tilvalin gjöf handa ömmu og afa.

Hægt að setja mynd báðum megin.




8,5 sm. Verð **995 kr.**

14 sm. Verð **1.695 kr.**




**Föndraðu persónulegt dagatal**

fyrir þá sem þér þykir vænt um

Stærð 16 x 42,5 sm.

Verð **1.160 kr.**




**Úrval eldri bóka frá 290 kr. til 690 kr.**

**Einungis á Smáratorgi**

**A4 Skrifstofa og skóli**

A4 Skrifstofa og skóli
Smáratorgi 1, Kópavogi
sala@a4.is + www.a4.is
Sími: 515 5100

A4 Skrifstofa og skóli
Glerárgötu 34, Akureyri
akureyri@a4.is + www.a4.is
Sími: 515 5160

POPP
Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

Sendu okkur símamynd!



POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.

Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.

Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *tvo kassa af Doritos í verðlaun.*

Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is

Við viljum tvífara fræga fólksins!
Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða er vinur þinn eins og Jack Black? Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.

vodafone




**● FRÆÐIMENN STYRKTIR** Hagþenkir, Félag höfunda fræðirita og kennslugagna, var stofnað árið 1983 og hlaut löggildingu menntamálaráðuneytisins árið 1987. Fjöldi félaga er rúmlega 500.

Markmið félagsins er að gæta hagsmuna og réttar félagsmanna og bæta skilyrði til samninga og útgáfu fræðirita og kennslugagna og annars sem félagsmenn vinna að.

Félagið veitir árlega starfsstyrki til ritstarfa og til gerðar fræðslu- og heimildarmynda. Tilgangur styrkjanna er að auðvelda fræðimönnum að koma verkum sínum til almennings. Flestir styrkirnir eru hugsaðir í verk sem eru í senn framlag til vísindalegrar umræðu og almenningi til fróðleiks.



**Jón Yngvi Jóhannesson bókmenntafræðingur er formaður Hagþenkis.**

# Bjór, viðrekstur og aftökur

**Hugtakið fræðirit er í sjálfu sér teygjanlegt. Uppflettirit um alla skapaða hluti, jafnt hversdagslega og óvenjulega, hafa notið aukinna vinsælda síðustu ár.**



**Bækur sem gefnar hafa verið út um prump eru líklega fleiri en marga grunar.**

Aðalstarf hins breska Michaels Jackson, sem lést árið 2007, var umfjöllun um bjór. Hann gaf út tugi bóka um mismunandi tegundir bjórs, bruggunaraðferðir og gæði á ferlinum, auk þess sem hann skrifaði óteljandi bjórtengdar greinar í dagblöð og var umsjónarmaður bjórþáttarins The Beer Hunter á Channel 4 í Bretlandi og Discovery Channel. Þrátt fyrir að ferðast um allan heim til að kynnast bjórmenningu ýmissa landa reyndi Jackson aldrei að fela sérstaka aðdáun sína á belgískum bjór. Hann var sæmdur Roerstok-riddaraverðlaununum fyrir sitt framlag til alþjóðlegrar velgengni belgískra bjóra, auk margra annarra verðlauna. Síðar á ferlinum hóf Jackson einnig að skrifa um viskí samhliða bjórumfjöllunum og þótti standa sig með sömu prýði á þeim vettvangi.

Farts: A Spotter's Guide eftir Crai S. Bowen er bók tileinkuð prumpi sem hefur notið vinsælda frá því hún kom út á síðasta ári. Í henni eru tíu mismunandi tegundir af prumpi skilgreindar og útskýrðar á ítarlegan hátt. Í kaupbæti fylgir lítið tæki með bókinni, sem í heyrast hljóðdæmi um hverja tegund prumps fyrir sig sé ýtt á þartilgerða takka.




**Michael Jackson var mikill aðdáandi belgískra bjóra.**

Bók Bowens er þó fráleitt sú eina þar sem prump er rannsakað. Til að mynda er Jim Dawson höfundur tveggja slíkra, Who Cut the Cheese: A Cultural History of the Fart og Blame It on the Dog: A Modern History of the Fart. Þá sendu bræðurnir Barry og Erwin Seltzer frá sér bókina The Other 'F' Word árið 1999, þar sem þeir rekja áhugaverðar sögur sem varða prump í gegnum aldirnar.

Bókin What a Way to Go eftir Geoffrey Abbott vakti töluverða athygli þegar hún kom út árið 2007. Í henni er safnað saman frásögnum um merkilegar aðferðir sem fólk hefur notað til að taka hvert annað af lífi, allt frá fornöld til nútímans. Meðal dæma eru maður sem saumaður var á lífi inni í maga á dýri og látinn deyja þar hægt og rólega og annar sem var bundinn fastur við stól úr járni og ýtt nær og nær eldi. *- kg*



**Merkilegum aftökuaðferðum er safnað saman í bókinni What a Way to Go.**

# Stærðfræði í dulargervi

Stundum finnast ómetanlegir fræðifjársjóðir þar sem engum dettur í hug að leita þeirra.

Árið 1906 var prófessorinn danski Johan Ludvig Heiberg í hinni fornu borg Konstantínópel að kynna sér bænaskjal frá þrettándu öld upp á 174 geitarskinnssíður sem þar hafði varðveist. Honum varð heldur betur hverft við þegar hann gerði sér ljóst að skjalið var tvírit, það er að skinnið var miklu eldra en textinn og á það hafði áður verið ritað en blekið síðan skrapað burt og skinnið endurnýtt.

Í ljós kom að skinnið var frá tíundu öld fyrir Kristsburð og á það höfðu verið ritaðar þá óþekktar stærðfræðijöfnur hins mikla gríska stærðfræðings Arkimedesar. Jöfnurnar í handritinu eru nú meðal þeirra þekktustu og mest notuðu í heimi og má þar til dæmis nefna útreikninga á rúmmáli og yfirborði kúlu, nálgunargildi fyrir pí og hlutfall ummáls og þvermáls hrings.

Handritið var selt í einkasafn á þriðja áratug síðustu aldar og svo aftur á uppboði hjá Christie's í New York árið 1998 fyrir tvær milljónir bandaríkjadala en þá var það óþekktur safnari sem keypti gripinn.

Handritið er nú geymt á Walters-listasafninu í Baltimore þar sem það hefur verið þaulkannað með nýjustu tækni og vísindum. *- bb*



**Helstu hugverk Arkimedesar voru næstum því týnd að eilífu.**

**Í MESTU UPPÁHALDI**

# Hafði byltingarkennd áhrif

„Þessi bók hafði byltingarkennd áhrif á alla hugsun manna um vísindasögu og vísindaheimspeki, strax þegar hún kom út árið 1962," segir Stefán Pálsson sagnfræðingur um eftirlætisfræðibók sína, Um gerð vísindabyltinga (The Structure of Scientific Revolutions) eftir Thomas S. Kuhn.


Stefán Pálsson.

„Í bókinni tekur Kuhn sólmiðjukenningu Kóperníkusar sem dæmi um það hvernig sýn okkar á náttúruna þróast ekki smátt og smátt heldur gjörbreytist í skyndilegum stökkum eða byltingum," segir Stefán. „Þessar hugmyndir um snögga og róttæka endurskoðun hugmynda og gilda féll vel í kramið hjá uppreisnaræsku sjöunda áratugarins og vesalings Kuhn uppgötvaði sér til mikillar skelfingar að hann var orðinn fyrirmynd hippa og róttæklinga, sem hann kærði sig ekkert um enda enginn byltingamaður í pólitískum skoðunum. En bókin stendur enn fyrir sínu." *- kg*


Thomas S. Kuhn

# Fræðileg nýsköpun

„Uppáhaldsfræðibókin er sú sem ég er mest innblásin af hverju sinni," segir Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði. Sú bók sem heillar Þorgerði mest í augnablikinu er Innan áru kynjajafnréttis: Vinnumenning, kynjatengsl og fjölskylduábyrgð eftir Gyðu Margréti Pétursdóttur, sem er fyrsta doktorsritgerðin í kynjafræði frá Háskóla Íslands. „Í bókinni er lýst hvernig bæði kyn sveipa um sig áru jafnréttis, eða orðræðu jafnréttis, því ójafnrétti er ekki félagslega viðurkenndur valkostur í nútímasamfélagi," segir Þorgerður. „Bókin spannar allt lífið, íslenskt atvinnulíf og vinnumenninguna, launin, einkalífið, verkaskiptinguna, frítímann, menninguna, börnin og svo framvegis. Hún er fræðilega sterk með nýjustu sjónarmið fræðanna og fléttar kynjavíddina listilega vel saman við hefðbundna þekkingu. Hún er líka aðferðafræðilega sterk með góðan vísindaheimspekilegan grunn og góða innistæðu fyrir ályktunum og niðurstöðum. Bókin er fræðileg nýsköpun með hagnýtt gildi eins og það gerist best," segir Þorgerður. *- kg*


Þorgerður Einarsdóttir.


Gyða Margrét Pétursdóttir, höfundur doktorsritgerðar í kynjafræði við HÍ.

# Þráði ekkert heitar

„Ég held að engin fræðirit hafi haft jafn mikil áhrif á mig og Alfræðisafn AB, sem Almenna bókafélagið gaf út á íslensku í kringum árin 1966 til 1968," segir Illugi Jökulsson, rithöfundur og fjölmiðlamaður með meiru, spurður um sitt eftirlætisfræðirit. Illugi segist ekkert hafa þráð heitar þegar hann var átta ára en að eignast Alfræðisafnið, sem voru tólf til fimmtán bækur. „Þetta voru stórar og miklar myndabækur um himingeiminn, mannslíkamann, jörðina og öll vísindaleg efni. Öðlingurinn hún móðir mín lét það eftir mér að kaupa allar bækurnar, en þær hafa vafalaust verið rándýrar og stór biti fyrir einstæða móður. Svo lá ég í þessum bókum árum saman og kunni þær næstum utanbókar. Mér þætti dálítið skrýtið að sjá son minn, sem nú er á svipuðum aldri, liggja í svona bókum en engu öðru, en það gerði ég mér til mikillar ánægju. Flest sem ég veit um vísindi er enn byggt á þessum ágætu bókum, þótt þær séu að mörgu leyti orðnar úreltar," segir Illugi. *- kg*


Illugi Jökulsson.


Alfræðisafn AB var hafsjór upplýsinga um vísindi fyrir hinn átta ára Illuga.



Átt þú kláran og skemmtilega vini á aldrinum 10–106 ára?

**Aha - þá þarftu ekki að leita lengur að jólagjöfinni fyrir þá!**

Bók fyrir fólk á aldrinum 10 til 106 ára sem hefur gaman af að hugsa.

- **Hver rakar rakarann sem rakar alla sem raka sig ekki sjálfir?**
- **Hvað varð um týnda jólasveininn?**
- **Er hægt að koma sjö krökkum á sex stóla, þannig að hver hafi sitt sæti?**
- **Getum við ferðast inn í fortíð eða framtíð og snúið aftur?**
- **Er talan níu tengd afmælisdögum alls frægs fólks?**

Þessar spurningar og miklu fleiri eru settar fram í bókinni AHA! Ekki er allt sem sýnist. Í henni eru furðulegar þrautir og þversagnir fyrir alla sem eru klárir og skemmtilegir.

**Heimur hf. 512-7575, Pantanir: aha@heimur.is**




JÓLABÆKURNAR ERU ÓDÝRARI Í OFFICE 1

PIPAR\TBWA • SÍA • 92204

Ég ætla að spara í ár!

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir og Akureyri.

Office 1





Hitt kynið er frægasta verk rithöfundarins og heimspekingsins Simone de Beauvoir.

## Lagði grunninn að femínisma

Fræðiritið Le Deuxième Sexe eða Hitt kynið eftir franska rithöfundinn og heimspekinginn Simone de Beauvoir er talið hafa lagt grunninn að femínisma samtímans. Ritið kom út árið 1949 en þar er að finna ítarlega athugun og greiningu á kúgun kvenna. Ritið var fyrsta tilraunin á tuttugustu öld til að kanna stöðu kvenna í sögulegu og félagslegu ljósi og margir telja að það hafi komið af stað því sem hefur verið kallað önnur bylgja femínismans.

Bókin er tæpar þúsund síður en þar fjallar Simone um sögu kvenna, hlutverk þeirra í mannkynssögunni og hvers vegna óréttlát skipting kynhlutverka varð til í aldanna rás. Í framhaldi af því beinir hún sjónum að stöðu kvenna í samtímanum í þeim tilgangi að opna þeim möguleika og tækifæri.

Þó að femínistar efist ekki um áhrifamátt verksins hefur de Beauvoir verið umdeild; þykir hún meðal annars hafa göfgað hlutverk karla og lagt upp úr því að gera konur eins og karla. *- ve*



Í framhaldi af Pælingum gaf Páll út bókina Pælingar II árið 1989.

## Pælt í heimspeki

„Ég fæ ekki skilið að nokkur þjóð geti unnið úr eigin menningararfi og orðið fullgildur þátttakandi í þeirri veraldarmenningu sem nú er að mótast nema hún tileinki sér vestræna heimspeki af grískum og kristnum stofni. Við Íslendingar hljótum að leggja stund á heimspeki, ef við ætlum að lifa af sem sjálfstæð þjóð og hafa einhverja stjórn á ákvörðunum okkar og athöfnum,“ segir Páll Skúlason, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, í bókinni Pælingum sem kom út árið 1987. Þar velur Páll saman erindi og greinar þar sem leitast er við að skýra vestræna heimspekihugsun og beita henni á margvísleg viðfangsefni. *- ve*


# Næring fyrir andann



**Svartbók kommúnismans**
*Hannes Hólmsteinn Gissurarson þýddi*



**Krabbamein í blöðruhálskirtli**
*Snorri Ingimarsson og Eiríkur Jónsson þýddu og staðfærðu*



**Hvað eru vísindi?**
*Erlendur Jónsson*



**Ástin á tímum ömmu og afa**
Bréf og dagbækur Bjarna Jónassonar kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld
*Anna Hinriksdóttir*



**Raddir frá Kúbu**
Smásagnasafn með fjórtán sögum eftir konur frá Kúbu.
*Erla Erlendsdóttir valdi sögurnar og þýddi.*



**Hið mystíska X**
*Jón Hnefill Aðalsteinsson*



**Saga viðskiptaráðuneytisins 1939-1994**
– Frá höftum til viðskiptafrelsis
*Hugrún Ösp Reynisdóttir*



**Auðginnt er barn í bernsku sinni**
Afnám fyrningar alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum
*Svala Ísfeld Ólafsdóttir*



**Vegur minn til þín**
*Matthías Johannessen*



**Í sátt við óvissuna**
*Atli Harðarson*



**Ritið 1/2009**
*Ritstjórar Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson*



**Almanak Háskóla Íslands 2010**
*Þorsteinn Sæmundsson ritstjóri*

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N

www.haskolautgafan.hi.is • hu@hi.is • 525 4003



bóksala stúdenta

Háskólatorgi • 5 700 777 • boksala@boksala.is • www.boksala.is



Jökull Sigurðsson framkvæmdastjóri og Páll Guðbrandsson, markaðsstjóri hjá Skólavefnum, vilja gefa fólki kost á að gefa ódýrar en skemmtilegar jólagjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bjóða upp á næstum því ókeypis jólagjafir

**Skólavefurinn og hlusta.is bjóða upp á praktískar og persónulegar jólagjafir í ár. Auðveldlega má búa til góða gjöf með hjálp tölvutækninnar, hvort heldur sem er bækur, dagatöl eða hljóðdiska.**



Skólavefurinn hefur verið leiðandi í gerð vefefnis fyrir skóla. Með tímanum eignaðist vefurinn margar hljóðbækur og út frá því var stofnuð síðan hlusta.is. Nú hafa þessir tveir vefir tekið höndum saman annað árið í röð og bjóða upp á fallegar og góðar jólagjafir sem kosta lítið sem ekkert.

„Enn sem komið er er þetta í þremur flokkum. Við erum með bækur, hljóðdiska og dagatöl," segir Páll Guðbrandsson markaðsstjóri. „Dagatöl hafa verið vinsælust hjá krökkunum. Hljóðbækurnar eru sennilega veglegasta gjöfin. Þeim er hægt að hlaða niður og eini kostnaðurinn er tómur diskur. Einnig er hægt að ná í kápur sem má prenta út. Þetta verður alveg eins og keypt út úr búð, virkilega flott," segir Páll.

Hljóðdiskarnir eru hugsaðir til niðurhals og geisladiskagerðar, en dagatölin og bækurnar til útprentunar og skreytingar. Það eina sem þarf er tómur geisladiskur eða prentari. Hægt er að nálgast efnið endurgjaldslaust í gegnum www.skolavefur.is og fá allar nánari leiðbeiningar um framkvæmd og hugmyndir að útfærslum.

„Upphaflega varð þessi hugmynd til í fyrra rétt eftir hrun. Við vildum aðstoða fólk sem gat ekki keypt mikið af jólagjöfum að búa til eitthvað fallegt. En einnig erum við að reyna að útrýma þeirri kreddu að hljóðbækur séu bara fyrir þá sem hafa aðgang að Blindrabókasafninu hér á landi," segir Páll.

Þeir sem vilja geta komið á Bókasafn Seltjarnarness hinn 10. desember klukkan 17.00 en þá ætla vefirnir tveir að vera með jólaverkstæði og bjóða fólki aðstoð við að búa jólagjafirnar til. Þar verða geisladiskar og kápur til taks og annar efniviður sem getur nýst við gjafasmíðina. Allir velkomnir, ungir sem aldnir.

*niels@frettabladid.is*

# Styðja við framtíðarbörn

**Hjálparstarf kirkjunnar sinnir hjálparstarfi bæði innanlands og utan og fyrirtæki hafa úr nokkrum möguleikum að velja, vilji þau styðja gott málefni.**

„Fyrir nokkrum árum stofnuðum við Framtíðarsjóð fyrir íslensk ungmenni en skjólstæðingar hans eru 16-20 ára. Foreldra skjólstæðinga Framtíðarsjóðsins skortir yfirleitt menntun en það tengist oft því að vera í láglaunastarfi og mörg hafa því af efnahagslegum ástæðum ekki getað stutt börn sín til náms. Hjálparstarfið hefur reynt að rjúfa þennan vítahring og veitt ungmennum forgang sem ekki fá námsstuðning frá hinu opinbera með greiðslu skólagjalda og bókakaupum vegna framhaldsskólanáms sem er ekki lánshæft," segir Bjarni Gíslason, upplýsinga-og fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar. Hann segir enn fremur að fyrirtæki hafi verið mjög dugleg að styrkja þetta starf sem og önnur innlend og erlend.



Bjarni Gíslason



Hægt er að styrkja ýmis góð málefni í gegnum vef hjálparstarfsins www.help.is. Til dæmis er hægt að gefa fjölskyldum í Afríku geit.

„Bjarni segir það nú algengt að fyrirtæki sendi ekki út jólakort eða gefi ekki jólagjafir heldur láti andvirði þess renna til góðs málefnis. „Við erum svo heppin að margir hafa munað eftir okkur." Hann segir starfið erlendis líka mikilvægt. „Okkur Íslendinga hefur aldrei skort vatn en víða um heim er skorturinn mjög mikill. Í þorpi í Malaví getur einn brunnur breytt lífi þorpsbúa því hreinlæti verður betra. Þetta léttir líka vinnuálaginu á konur og stúlkur. Stúlkur geta farið í skóla og konur sinnt betur uppeldi."

Á Indlandi eru mörg börn í þrælavinnu vegna skulda og kúgunar fátækra foreldra sinna og þau látin vinna fyrir léleg laun við vondar aðstæður. Það má eiginlega segja að þau séu veðsett. Bjarni segir að Hjálparstarf kirkjunnar leysi þessi börn úr skuldaánauð. „Verkefninu er þó ekki lokið því að fræða þarf foreldra og börn um réttindi sín og veita þeim langtímastuðning. Foreldrar fá hjálp til að auka tekjur og hvert þrælabarn er búið undir almenna skólagöngu. Þetta er nýtt líf og ekkert annað," segir Bjarni sem segir starf sitt skemmtilegt. „Það er stórkostlegt að geta sinnt því að hjálpa þeim sem minna mega sín að öðlast nýtt líf, sérstaklega vegna þess að það þarf svo lítið til." *unnur@frettabladid.is*










ALLT HELGIN Laugardaga

Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Uppl. í síma 898 3206.




Laufabrauð Ósteikt!

Pöntunarsími 555 1762

Ekta brauð Hafnarfirði

Motor sport



**GSM þjófavarnirnar komnar.**
Með myndavél, fyrir sumarbústaði, heimili og fyrirtæki. Innihalda: Myndavél, gasskynjara, hurðaskynjara, 2 hreyfiskynjara og 2 fjarstýringar. Sendir viðvörun og myndir í GSM og tölvur. Þú getur einnig fylgst með því sem er að gerast. Verð aðeins 69.000.- Nú á jólatilboði 59.900.-



**Þjófavarnirnar komnar aftur!**
Nú einnig hægt að fá með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.- Nú á jólatilboði 19.900.-

**Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is**




Öryggis- og peningaskápar. 15% afsláttur út nóvember á öryggisskápum frá Secure Line.

**50% AUKA-AFSLÁTTUR**

AF VÖLDUM VÖRUM

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

PUMA — VORUM AÐ TAKA UPP VÖRUR FRÁ PUMA

speedo — MIKIÐ ÚRVAL AF SUNDFÖTUM FRÁ SPEEDO

**SPORT OUTLET**

Vínlandsleið 6-8
113 Reykjavík

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16

Viewpia 26" LCD skjár ónotaður en 3ja ára gamall verð 50.000.- Uppl. í s. 696 1122.

**Seyma / Ysja**
Lagerhreinsun verður í kjallaranum að Vesturgötu 4. Aðeins 3 verði í gangi 500 -1000 - 1500.- kr. Opið frá 9:00

Ysja áður á Grensásvegi, nú á Vesturgötu 4 með útsölu. Komið og gerið góð kaup. S: 562 2707.

7 blóm myndir, krónur 770.000.000.0 00.000.000.000.000,00. Krónur. Edda. S. 552 5880.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is
í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

Óskum eftir notuðum starfsmannaskápum, ca. 10 stk. Helst á Norðurlandi. Uppl. sími 699 2434

Kaupi frímerki, umslög, póstkort og seðla. Fyrir 1960. Uppl. í síma 691 7794.

Óska eftir að kaupa steinasög. S. 896 3426.

## Sjónvarp

Pacasonic 42" plasma sónvarpstæki 3ja ára gamalt tæki með fullt af fítusum. Verð 150.000.- Uppl. í s. 696 1122.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

## Verslun

**Stærri limur betri limur**

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

**bathmate.is**

## HEILSA

## Heilsuvörur

Motor sport





**Shaktimat**
Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- nú á TILBOÐI 8800,-. Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál.

**Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is**



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Nýjasta nýtt - Blóðdropagreining. Greini þurrt og lifandi blóð með aðeins 3 blóðdropum í smásjá til að sjá ástand frumna og líffæra. Uppl í 899-1604

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN! Hringdu núna, Pétur 773-1025, Katrín 699-6617, Drífa 695-8464.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Nudd fyrir heilsuna.**
Hin vinsælu jólagjafakort eru til sölu og jólagjafapakkar. Verð í Mjóddinni 26 og 27 nóv, ásamt jurtavörunum. Gerður Benidiktsdóttir Hátúni 8, Rvk, S. 588 2260 & 863 2261.

Ódýrir og vandaðir ferðanudd- og óléttubekkir til sölu. Nemaafsl. 891 6447 Óli.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is
S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn



RB sófasett tveggja og þriggja sæta leður antik til sölu. Verð. 60þ. S. 567 0106.

## Ýmislegt

**Jólahreingerningar!**
Tek að mér hreingerningar á fyrirtækjum og heimilum fyrir jólin. Vönduð vinnubrögð. Uppl. á email hrannarjons@simnet.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Góð þriggja herbergja íbúð í 201 Kópavogi til leigu. Með húsgögnum og húsbúnaði. Aðeins reglusamir. 130 þús. Uppl. í síma 8425396

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 56 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

100fm íbúð til leigu í Seljahverfi, 109 Rvk. Laus fljótlega, langtímaleiga. Dýrahald ekki leyft. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 899 8195.

Til leigu herb. í Álftamýri, einnig í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. S. 865 9637.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

## Húsnæði óskast

Einstæður faðir með 2 unga drengi óskar eftir 3 til 4 herbergja íbúð á svæði 112 113 Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið uppl í síma 8483537 (Árni)

2. herb íbúð í Rvk óskast til leigu, þarf ekki að vera stór, ekki í miðbænum, 48 ára kk. reykl. S. 865 1354.

## Atvinnuhúsnæði

ATH 70m2 nýlegt Iðnaðarbil í Garðabæ til leigu 85þ mán stór hurð, malbik 8927858

BREIÐHELLA HF. Til leigu eða sölu 134 fm iðnaðarbil. Hurð 4x4m. Skoða að taka bíl uppí. Uppl. S 822-5588.

Snyrtileg lítil skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut. Gott útsýni. Uppl. í s. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Er með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi - tjaldvagna - hjólhýsi - pallhýsi. S. 867 1282.

## Gisting

stracta — CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
GÓÐ STAÐSETNING
GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfskraftur óskast til afgr starfa í sérverslun til áramóta. Vinnutími frá 12 til 18. Sendið upplýsingar á jbhonest@mi.is.

Pylsuvagninn í Laugardal óskar eftir starfsmanni í hlutastarfi. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi umsókn á pylsuvagninn@gmail.com

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

## Viðskiptatækifæri



**Afslöppun, Upplyfting, Endurnæring...
-á aðeins 10-20 mínútum!**
**Slakið á í nokkrar mínútur án þess að fara úr fötum. Bætið við frábæru vatnsnuddtæki í líf ykkar til þess að bæta heilsuna. Hentar vel á hótelum, líkamsræktarstöðvum, hnykkjurum,baðstofum ,heimilið eða byrið með ykkar eigið fyrirtæki. Sérstakt kynningar verð á meðan birgðir endast 2.900.000 án VSK. Örfá tæki til á lager Ný tæki kosta frá 5.400.000.
Frekari uppl. Sími 897-4305
halldoringi@visir.is**

Frábært þóknunarkerfi. Miklir tekjumöguleikar. Áhugasamir hafi samband bjornelmar@hotmail.com

## TILKYNNINGAR

## Einkamál



**Ný upptaka**
Hún tók sjálfa sig upp í ljúfum leik í baði í - og hlustaðu eftir blæbrigðum raddarinnar þegar nær dregur, þau eru svo ákaflega djúp og innileg. Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort) uppt.nr. 8570.

**Símadömur 908 1616
Hringdu og daðraðu við okkur. Njóttu þess að tala og hafa gaman að.**

**Við erum alltaf við.**

**Vodafone/Tal
908 1616**



Samkynhn. KK ath: Nú er mikið af nýjum auglýsingum samkynhn. KK á Rauða Torginu Stefnumót. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en hlustar á auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) eða 535-9920 (kreditkort)



Leitar þú ævintýra? Rauða Torgið Stefnumót hefur í ríflega 10 ár staðið vaktina fyrir fólk í ævintýraleit og nú er mikið af nýjum auglýsingum. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í síma 535-9923 (konur: 555-4321) en hlustar á auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort) (konur hlusta frítt í s. 555-4321). Góða skemmtun.

**Fjörugar símadömur**
Nú er stuð á dömunum á Rauða Torginu! Undanfarið hafa um 10 yndislegar dömur verið að leika sér og það hefur ekki verið spjallað svona mikið síðan löngu fyrir hrun! Hver verður vinkona þín í kvöld? En á morgun? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

## Fundir / Mannfagnaður

# SKÓLI – ÍÞRÓTTIR – TÓMSTUNDIR
## Í BREIÐHOLTI

**Opinn íbúafundur um menntamál og íþrótta- og tómstundamál í Breiðholti verður haldinn í Félagshúsi Leiknis við Austurberg miðvikudaginn 25. nóvember kl. 17:30**

**Frummælandi:** Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs og íþrótta- og tómstundaráðs.
**Sjónarmið íbúa:** Helgi Kristófersson.
**Fundarstjóri:** Lilja Dögg Alfreðsdóttir.

**Fjallað verður um skólahald, íþróttir og tómstundamál og farið yfir stöðuna í uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja í hverfunum. Þá verður kynnt vinna við mótun nýrrar menntastefnu á vegum Reykjavíkurborgar. Að loknum inngangserindum verða umræður með þátttöku íbúa og fulltrúa frá Menntasviði og Íþrótta- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar.**

Menntasvið
Íþrótta- og tómstundasvið

## Til sölu

# VALHÖLL
FASTEIGNASALA
*Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479*

### Handfærabátur með veiðileyfi



Þriggja tonna trilla sem er nýskoðaður og klár á handfærin með haffæriskirteini 2009. 3 DNG rúllur. Nýr björgunarbátur. Skagstrendingur. Yanmar vél. Bátur í toppstandi. **Upplýsingar veitir Bárður Tryggvson í 896-5221.Verð 4,2 millj.**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Atvinna

Óskum eftir að ráða starfsfólk í bókaverslun yfir jólavertíðina. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslustörfum.

**Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn á box@frett.is merkt „Bókaverslun“**
**Umsóknarfrestur er til 29. nóvember**

## Tilkynningar

# Fyrirtæki óskast

Erum að leita að fyrirtæki í framleiðslu, inn eða útflutning til kaups. Skoðum allt. Verð 1 til 10 milljónir
**Allar nánari upplýsingar sendist á fyrirosk@gmail.com**

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2005–2018 og deiliskipulagi hafnarsvæðisins í Krossanesi

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og deiliskipulagsbreytingu skv. 1. mgr. 25. gr. sömu laga, fyrir hafnarsvæðið í Krossanesi samþykkt í bæjarstjórn 3. nóvember 2009, ásamt umhverfisskýrslum.

Breytingarnar miðast að því að mögulegt verði að lengja hafnarkant Jötunheimavíkur um 120m til suðurs og stækka umferðar og þjónustusvæði hafnarinnar að sama skapi. Landfylling verður stækkuð til samræmis.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 25. nóvember til 6. janúar 2010, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is undir: Stjórnkerfið / Skipulags- og byggingarmál / Auglýstar skipulagstillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 6. janúar 2010 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan þessa frests telst vera þeim samþykkur.

**25. nóvember 2009**
**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar**

## Tilkynningar

## Auglýsing á starfsleyfistillögu

Með vísan til 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða mengandi starfsemi, mun umsóknin ásamt starfsleyfisskilyrðum liggja frammi hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14, 1. hæð, frá 25. nóvember til 28. desember 2009.

| Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum | Almenn skilyrði | Sértæk skilyrði | Staðsetning |
|---|---|---|---|
| Bílahlutir ehf./12 ár | X | X | Eldshöfði 4 |

**Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:**
1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

**Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendast Reykjavíkurborg - Umhverfis- og samgöngusviði, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í síðasta lagi 28. desember 2009.**

## Innlausn á hlutum í *Mílu ehf.*

Skipti hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, Reykjavík, og stjórn Mílu ehf., kt. 460207-1690, Stórhöfða 22-30, Reykjavík, hafa í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í Mílu ehf. sæti innlausn Skipta hf. á hlutum sínum, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Skipti hf. á 99,992% hlutafjár í Mílu ehf. og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni. Innlausnin tekur til allra annarra hluthafa Mílu ehf. sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok dags 20. nóvember 2009. Þeim hluthöfum er send innlausnartilkynning með ábyrgðarpósti ásamt framsalseyðublaði. Innlausnarverðið er 2,37 kr. fyrir hvern hlut í Mílu ehf. Greitt verður fyrir hlutina með peningum og verður greiðslan innt af hendi eigi síðar en 30. desember 2009.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka (Nýja Kaupþings banka hf.) hefur umsjón með innlausninni fyrir hönd Skipta hf. Rétt útfyllt framsalseyðublað verður að berast Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 22. desember 2009. Framsalið skal meðal annars hafa að geyma upplýsingar um þann bankareikning sem leggja á andvirði hinna innleystu hluta inn á og samþykki framseljanda á skilmálum innlausnarinnar. Hafi hluthafar Mílu ehf. einhverjar spurningar varðandi innlausnina eru þeir beðnir að hafa samband við verðbréfaráðgjafa Arion banka í síma 444-7000.

Reykjavík, 24. nóvember 2009.

Fyrir hönd Skipta hf. og stjórnar Mílu ehf.

Skipti Míla

**Arion banki – Fyrirtækjaráðgjöf**

Arion banki

## Innlausn á hlutum í *Símanum hf.*

Skipti hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, Reykjavík og stjórn Símans hf., kt. 500269-6779, Ármúla 25, Reykjavík, hafa í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í Símanum hf. sæti innlausn Skipta hf. á hlutum sínum, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Skipti hf. á 99,993% hlutafjár í Símanum hf. og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni. Innlausnin tekur til allra annarra hluthafa Símans hf. sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok dags 20. nóvember 2009. Þeim hluthöfum er send innlausnartilkynning með ábyrgðarpósti ásamt framsalseyðublaði. Innlausnarverðið er 5,72 kr. fyrir hvern hlut í Símanum hf. Greitt verður fyrir hlutina með peningum og verður greiðslan innt af hendi eigi síðar en 30. desember 2009.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka (Nýja Kaupþings banka hf.) hefur umsjón með innlausninni fyrir hönd Skipta hf. Rétt útfyllt framsalseyðublað verður að berast Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 22. desember 2009. Framsalið skal meðal annars hafa að geyma upplýsingar um þann bankareikning sem leggja á andvirði hinna innleystu hluta inn á og samþykki framseljanda á skilmálum innlausnarinnar. Hafi hluthafar Símans hf. einhverjar spurningar varðandi innlausnina eru þeir beðnir að hafa samband við verðbréfaráðgjafa Arion banka í síma 444-7000.

Reykjavík, 24. nóvember 2009.

Fyrir hönd Skipta hf.
og stjórnar Símans hf.

Skipti Síminn

**Arion banki - Fyrirtækjaráðgjöf**

Arion banki

## Auglýsing um skipulag í Kópavogi

**Skipulags- og umhverfissvið**

**Vatnsendi – Þing, suðursvæði, Boðaþing 1-3, 2-4, 6-8, 10-12, 14-16 og 18-20. Breytt skipulag.**

**A. Breytt aðalskipulag. Mál nr. 0910469**
Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nánar tiltekið afmarkast skipulagssvæðið við húsagötuna Boðaþing. Í tillögunni er gert ráð fyrir óbreyttri landnotkun en aukinni nýtingu. Íbúðafjöldi almennra íbúða í tengslum við þjónustu aldraða verður um 192 íbúðir. Byggingarreitir og hæð húsa helst óbreytt. Göngu- og reiðleiðir haldast óbreyttar en aðkoma breytist og bílastæðum fjölgar. Nýtingarhlutfall helst óbreytt. Samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari er unnið að breyttu deiliskipulagi fyrir umrætt svæði. Tillagan er sett fram á uppdrætti dags. í nóvember 2009 í mkv. 1:10.000. Nánar vísast til kynningargagna.

**B. Breytt deiliskipulag. Mál nr. 0910065**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist tillaga að breyttu deiliskipulagi Boðaþings 1-3, 2-4, 6-8, 10-12, 14-16 og 18-20. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Vatnsenda – Þing, Hrafnista samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 24. maí 2005. Í erindinu felst að íbúðum verður fjölgað um 24 úr 168 í 192 íbúðir. Bílastæðum fjölgar á svæðinu um 26. Aðkoma og lóðamörk breytast. Byggingarmagn og hæð bygginga verður óbreytt. Tillagan er sett fram á uppdrætti dags. 10. október 2009 í mkv. 1:1000. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 frá 27. nóvember 2009 til 28. desember 2009. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 12. janúar 2010. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Smári Smárason, skipulagsstjóri Kópavogs.

GEORGE BEST LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2005.

*„Ég eyddi fullt af peningum í áfengi, stelpur og hraðskreiða bíla. Restinni sóaði ég.“*

***George Best var norður-írskur landsliðsmaður í knattspyrnu. Hann þótti einn allra besti knattspyrnumaður heims en var auk þess orðaður við mikla drykkju og kvennafar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. NÓVEMBER 1961

## *Sundlaug Vesturbæjar vígð*

Þennan dag árið 1961 var Sundlaug Vesturbæjar í Reykjavík vígð að viðstöddum borgarfulltrúum, íþróttamönnum og öðrum sem höfðu beitt sér fyrir því að sundlaugin yrði gerð.

Birgir Kjaran, alþingismaður og formaður byggingarnefndar, flutti ræðu og rakti aðdragandann að byggingunni.



Hugmyndin um sundlaug í Vesturbænum mun fyrst hafa komið fram árið 1939 þegar KR eignaðist lóð við Kaplaskjólsveg og gerði þá ráð fyrir sundlaug. Íþróttabandalag Reykjavíkur sendi árið 1946 áskorun til bæjarstjórnar um að sundlaug yrði gerð og eftir það fór að komast skriður á málið.

Árið 1953 var skipað í tvær nefndir vegna byggingarinnar; önnur var byggingarnefnd, skipuð af borgarstjórn Reykjavíkur, hin var fjáröflunarnefnd tilnefnd af Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Í árslok 1953 höfðu safnast 150 þúsund krónur en auk þess lagði Reykjavíkurborg til fé. Söfnunarféð var notað til að kaupa listaverk í afgreiðslusal og til að kaupa stórt fiskabúr sem var sett upp í anddyri laugarinnar. Það var gestum til augnayndis í fjöldamörg ár.

Sundlaugin er í dag búin 25 metra aðallaug, 12,5 metra barnalaug, þremur heitum pottum, nuddpotti, eimbaði, gufubaði og barnarennibraut.

### MERKISATBURÐIR

**1491** Umsátur hefst um Granada, síðustu borg Mára á Spáni.

**1867** Alfred Nobel fær einkaleyfi á dínamítinu.

**1902** Stanley, fyrsti vélbáturinn á Íslandi, er sjósettur.

**1975** Súrínam fær sjálfstæði frá Hollandi.

**1989** Hellarannsóknafélag Íslands er stofnað í Reykjavík.

**1993** Messósópransöngkonan Teresa Berganza kemur fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói.

**1999** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákveður að 25. nóvember skuli vera alþjóðlegur baráttudagur gegn kynbundnu ofbeldi.

## Upplestur á Sólon

Bjartur bókaforlag gefur út tíu ný íslensk skáldverk í ár sem met í sögu forlagsins. Höfundar lesa upp úr sjö þessara verka klukkan átta í kvöld á Sólon í Bankastræti.

Lesið verður upp úr eftirfarandi bókum: Aþena (ekki höfuðborgin í Grikklandi;), Færeyskur dansur, Heim til míns hjarta, Mynd af Ragnari í Smára, Spor, Harmur englanna og Góði elskhuginn.

Hver höfundur les í tíu mínútur.



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR** Les upp úr bók sinni Góði elskhuginn.




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S.HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


### AFMÆLI



**HANNES SMÁRASON** athafnamaður er 42 ára.



**ÞÓREY SIGÞÓRSDÓTTIR** leikkona og kennari er 44 ára.



**CHRISTINA APPLEGATE** leikkona er 38 ára.

**INGA DÓRA BJÖRNSDÓTTIR:** HELDUR MINNINGU ÁSU WRIGHT Á LOFTI

# Velgjörðarkona vísinda

Inga Dóra Björnsdóttir, doktor í mannfræði, hefur lagt sitt af mörkum til að gera íslenskum kjarnorkukonum skil. Bók hennar um Ólöfu eskimóa kom út árið 2004 og nú er bókin Kona þriggja eyja um Ásu Guðmundsdóttur Wright, velgjörðarkonu íslenskra vísinda, komin út. Í tilefni þess mun Inga Dóra segja frá stuðningsstarfi Ásu við náttúruvernd og vísindi í opnum fyrirlestri í Háskóla Íslands í hádeginu í dag auk þess sem sýning með munum úr safni Ásu verður opnuð í Þjóðminjasafni Íslands á laugardag.

En hver var Ása Wright? „Íslenskir vísindamenn þekkja hana vel en hún er kannski ekki jafn þekkt meðal almennings,“ segir Inga Dóra. „Hún var læknisdóttir úr Stykkishólmi sem hélt ung til Englands þar sem hún lærði hjúkrun. Hún giftist breskum lögfræðingi og varð hefðarfrú í Cornwall. Þar stofnaði hún öflugt kvenfélag og létu þau hjónin mikið að sér kveða. Þau þraukuðu seinni heimsstyrjöldina í London en fluttu úr gráma eftirstríðsáranna til Karíbahafseyjarinnar Trínidad rétt undan norðausturströnd Venesúela og keyptu þar búgarð inni í frumskógi,“ lýsir Inga Dóra og heldur áfram: „Á búgarðinn heimsótti þau bandaríski vísindamaðurinn William Beebe sem var búinn að koma upp rannsóknarstöðvum á vegum New York Zoological Society víða um heim og aðstoðaði eiginmaður Ásu hann við að kaupa land skammt frá. Þar kom hann á fót rannsóknarstöð og þangað fóru að streyma bandarískir og breskir náttúruvísindamenn til að vinna að rannsóknum. Margir þeirra bjuggu á búgarði Ásu og eiginmanns hennar og urðu þeir þess fljótlega vísir að landið þeirra var óviðjafnanlegt og dýra-, fugla- og plöntulíf engu líkt.“ Inga Dóra segir vísindamennina þó ekki aðeins hafa sóst eftir að stunda rannsóknir heldur líka í félagsskap Ásu, sem var sterkur og litríkur persónuleiki.



**ÁTTI FJÖLMARGA DÝRGRIPI** Ása Wright var í mörg ár að senda muni úr innbúi sínu til Íslands en sýning með mununum verður opnuð í Þjóðminjasafninu á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ása varð ekkja árið 1955 og árið 1966, þegar hún var farin að missa heilsuna, var farið af stað með söfnun til að kaupa landið af henni. Það var síðan fyrsta náttúrufriðland í Karíbahafinu og er í dag þjóðarstolt Trínidadbúa. Landið heitir Asa Wright Nature Center og dregur að sér fjölda gesta.

Þrátt fyrir sextíu ára dvöl á erlendri grund hafði Ása ekki gleymt Íslandi. Hún átti enga afkomendur og gaf Vísindafélagi Íslendinga tuttugu þúsund Bandaríkjadali á fimmtíu ára afmæli félagsins hinn 1. desember árið 1968 og stofnaði Verðlaunasjóð Ásu Guðmundsdóttur Wright til minningar um eiginmann sinn, foreldra, systkini og nánustu ættingja. Verðlaun hafa verið veitt íslenskum vísindamanni á hverju ári síðan og eru þau talin einn mesti heiður sem íslenskum vísinda- og fræðimönnum getur hlotnast. Þá gaf Ása Þjóðminjasafni Íslands sams konar upphæð, auk þess sem hún sendi muni úr innbúi sínu yfir hafið en hún var af hefðarheimili og átti mikið af dýrgripum.“

Inga Dóra uppgötvaði Ásu árið 1968 þegar hún rakst á glerskáp með munum hennar í kjallara Þjóðminjasafnsins. Ekki hefur verið haldin formleg sýning á þeim fyrr en nú.

**vera@frettabladid.is**



✝

*Við sendum öllum sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Astrid Skarpaas Hannesson.**

Sérstakar þakkir til þeirra sem heiðruðu minningu hennar, einnig starfsfólks Seljahlíðar fyrir hlýlega og góða umönnun.

**Hannes Jóhannsson** **Kristín Einarsdóttir**
**Gunhild Hannesson** **Sigurvin Ólafsson**
**Jóhann Hannesson** **Rósa Sævarsdóttir**
**Ásta Hannesdóttir** **Andreas Lemark**
**Linda Sunde** **Peter Sunde**
**Finnur Ólafsson**
**Þórunn Perla, Hannes Hugi, Karin Kristín, Sofie, Margrete, Magnus og Sonja.**



✝

*Eiginkonan mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Magnea Thomsen**

Lundi 1, Kópavogi, áður til heimilis að Ennishlíð 4 í Ólafsvík,

lést sunnudaginn 15. nóvember. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 28. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnadeildina Sumargjöf í Ólafsvík.

**Guðmundur J. Sveinsson**
**Sigurður Sveinn Guðmundsson** **Guðrún Jenný Sigurðardóttir**
**Anna Margrét Guðmundsdóttir** **Unnar Freyr Bjarnason**
**Tómas Guðmundsson** **Sonja Erna Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðfinnur Sigurður Sigurðsson**

fyrrv. lögregluvarðstjóri og forvarnarfulltrúi, Hátúni 12, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 18. nóvember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 27. nóvember, klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Hjartavernd.

**Helen Sigurðsson**
**Sigurður Kr. Guðfinnsson** **Aldís Hugbjört Matthíasdóttir**
**Stefán Birgir Guðfinnsson** **Rositsa Slavcheva Guðfinnsson**
**Sveinn Hjörtur Guðfinnsson**
**Helga Björg Guðfinnsdóttir** **Ingólfur Marteinn Jones**
**barnabörn og barnabarnabarn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



*Elskulegi maðurinn minn og faðir okkar,*

**Róbert Friðþjófur Sigurðsson**
Heiðarlundi 3j, Akureyri,

lést 19. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 30. nóvember kl. 13.30.

**Kristín Sveinsdóttir**
**Marta Sigríður Róbertsdóttir**
**Bryndís Móna Róbertsdóttir**



*Faðir minn,*

**Magnús Hrafn Magnússon**

lést á heimili sínu, Æsufelli 6, Reykjavík, hinn 12. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur þegar farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðmundur Magnússon.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarþel við fráfall elsku,*

**Bylgju Matthíasdóttir,**
Asparteig 1, Mosfellsbæ.

Guð blessi ykkur öll.

**Magnúr Már Ólafsson**
**Særún Magnúsdóttir**
**Orri Magnússon**

**Matthías Óskarsson** **Ingibjörg Pétursdóttir**
**Óskar Matthíasson** **Sigurrós Úlla Steinþórsdóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólafía Sigríður Jensdóttir**
Hamraborg 18,

lést á Landspítalanum við Hringbraut hinn 23. nóvember. Útför fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 30. nóvember klukkan 15.00.

**Ólöf Línberg Gústafsdóttir** **Kristján Ellert Benediktson**
**Jens Línberg Gústafsson**
**Ingvaldur Línberg Gústafsson** **Arna Kristmarsdóttir**
**Guðbjörg Línberg Gústafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Metúsalem Björnsson**
húsasmíðameistari,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 21. nóvember 2009. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 11.

**Linda Metúsalemsdóttir** **Sigurður Örn Sigurðsson**
**Birna Metúsalemsdóttir** **Guðmundur Erlendsson**
**Björn V. Metúsalemsson** **Sjöfn Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**



*Elskulegur sonur okkar, bróðir, frændi og mágur,*

**Guðmundur Sæmundsson (Gúmbi)**
Barmahlíð 39,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

**Málfríður Anna Guðmundsdóttir** **Sæmundur Kjartansson**
**Ingunn, Sigurbjörg, Guðrún og fjölskyldur.**



*Minningarathöfn um kæra systur okkar og frænku mína,*

**Guðlaugu Snorradóttur**
kjólameistara, frá Syðri-Bægisá,
Bólstaðarhlíð 41,

fer fram í Háteigskirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 11.00. Útför hennar fer fram frá Bægisárkirkju mánudaginn 30. nóvember kl. 13.30.

**Hulda Snorradóttir** **Halldóra Snorradóttir**
**Heiðrún Arnsteinsdóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðleif Helgadóttir**
áður til heimilis að Byggðarholti 29,
Mosfellsbæ,

lést á Hrafnistu Víðinesi hinn 18. nóvember.
Hún verður jarðsungin frá Lágafellskirkju klukkan 13.00, fimmtudaginn 26. nóvember.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Hallgrímur Greipsson** **Eli Paulsen**
**Kristján Greipsson** **Borghildur Ragnarsdóttir**
**Guðbjörg Greipsdóttir**
**Pálína Lórenz**



*Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu.*

**Helgu Vigfúsdóttur frá Hrísnesi, Barðaströnd**
Hjallaseli 55, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Seljahlíðar fyrir hlýja og góða umönnun.

**Ólafur Kristinn Þórðarson**
**Kolbrún Ólafsdóttir, Hörður Eiðsson**
**Skarphéðinn Ólafsson, Sigríður Skarphéðinsdóttir**
**Þórður G. Ólafsson, Jónína S. Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg systir okkar og mágkona,*

**Guðrún Hallgrímsdóttir**
frá Grafargili í Valþjófsdal,
Önundarfirði,

er látin. Útförin fer fram í kyrrþey en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi.

**Guðmundur Hallgrímsson**
**Valborg Hallgrímsdóttir** **Kristján Guðmundsson**
**Anna Ingibjörg Hallgrímsdóttir**
**Hjálmfríður Hallgrímsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Hreiðar Árnason**
flugvirki, Mánatúni 2, Reykjavík,

er látinn. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 30. nóvember nk. og hefst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Frímúrarareglunnar á Íslandi, s. 510-7800.

**Margrét Steingrímsdóttir**
**Árni Gunnarsson** **Sjöfn Óskarsdóttir**
**Vilborg Gunnarsdóttir** **Gunnar Aðalsteinsson**
**Guðrún Erla Gunnarsdóttir** **Þorgrímur Páll Þorgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Árna Grétars Finnssonar**
hæstaréttarlögmanns, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við læknum og starfsfólki á Landspítala, Fossvogi. Starfsfólk Sólvangs og St. Jósepsspítala fær einnig sérstakar þakkir fyrir ómetanlega umönnun og hlýhug. Guð blessi ykkur öll.

**Sigríður Oliversdóttir**
**Lovísa Árnadóttir** **Viðar Pétursson**
**Finnur Árnason** **Anna María Urbancic**
**Ingibjörg Árnadóttir** **Jónas Þór Guðmundsson**
**Sigríður Erla, Pétur, Davíð, Finnur Árni, Árni Grétar, Ebba Katrín, Oliver Páll, Viktor Pétur, Guðmundur Már, Lovísa Margrét og Stefán Árni.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs föður, sonar, bróður, mágs og frænda,*

**Hjörleifs Gunnarssonar**
tæknifræðings
Melseli 22, Reykjavík.

Jafnframt sendum við innilegar þakkir til þeirra frábæru lækna og hjúkrunarfólks sem önnuðust hann í veikindunum. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir ómetanlega alúð og hlýju í sinni umönnun.

**Viktor Freyr Hjörleifsson**
**Gunnar Finnsson** **Elsebeth Finnsson**
**Jóhannes Jacobsen** **Jórun Jacobsen**
**Kristinn Gunnarsson** **Lilja K. Hallgrímsdóttir**
**Ásta María Gunnarsdóttir**
**Rafn Gunnarsson**
**Anna Gunnarsdóttir**
**Súsanna Gunnarsdóttir** **Jón Vilhjálmsson**
**Bylgja Gunnarsdóttir**
**frændsystkini.**



*Eiginkona mín, systir, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Greta Lind Kristjánsdóttir**
Einimel 9, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 20. nóvember, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 27. nóvember kl. 13.

**Sverrir Hermannsson**
**Elísabet Kristjánsdóttir**
**Bryndís Sverrisdóttir** **Guðni A. Jóhannesson**
**Kristján Sverrisson** **Erna Svala Ragnarsdóttir**
**Margrét K. Sverrisdóttir** **Pétur S. Hilmarsson**
**Ragnhildur Sverrisdóttir** **Hanna Katrín Friðriksson**
**Ásthildur Lind Sverrisdóttir** **Matthías Sveinsson**
**Greta Lind Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# KvikkFix
Vesturvör 30c



Umfelgun 4.600 kr.
16" felgur og minni

Kíktu á Kársnesið – Ferðin borgar sig!
www.kvikkfix.is




# Auðlindin og hugvitið

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Gamall starfsbróðir minn, Hafliði Helgason að nafni, sagði mér eitt sinn þá kenningu að heillavænlegast væri að hafa einungis temmilega mikið af hæfileikum en þeim mun meira af þrautseigju. Vegna þess að þeir sem hafa mikla hæfileika eru líklegir til þess að misnota þá eða telja sig þurfa að hafa minna fyrir hlutunum uns einn góðan veðurdag að lífið sjálft sýnir þeim með voveiflegum hætti að það sé hinn mesti misskilningur. Sá sem hefur minna af hæfileikum er hins vegar meðvitaður um að hann þarf að sinna sínu viðfangsefni af alúð ef vel eigi að vera og það leiðir hann á gæfubraut.

**ÞESSI** Hafliðakenning kemur upp í kollinn núna því ég er að velta því fyrir mér hvort hana megi yfirfæra á þjóðir. Spurningin yrði þá hvort þjóðum væri hollast að hafa temmilega mikið af auðlindum en þeim mun meira af þrautseigju. Ég hef nefnilega fundið fyrir ónota hrolli þegar menn grípa til þeirrar klisju að Ísland eigi eftir að ná sér á strik þar sem landið eigi svo mikið af auðlindum. Þær hafa nefnilega reynst mínu fólki haldlaust reipi.

**ÉG** er alinn upp í þorpi á Vestfjörðum þar sem stutt er á gjöful mið. En það er sama hversu miðin eru gjöful, þau verða ekki þorpinu til happs eftir tilkomu kvótakerfisins. Og nú þegar óspillt náttúra telst meðal mestu auðlinda getur mitt heimafólk státað af tveimur auðlindum sem ekki verður í askana látið. Hvað vilja menn líka með allar þessar auðlindir? Var það ekki einmitt skortur Breta á auðlindum sem var til þess að þeir urðu stórveldi á sínum tíma? Með hugviti og þrautseigju komust þeir í auðlindir annarra og skutust þannig á stjörnuhimininn. Síðan þegar eftirsóknarverðustu auðlindir framandi þjóða voru orðnar breskar spiluðu þeir rassinn úr buxunum.

**ÉG** er ekkert voðalega hrifinn af þessari kenningu. En því er þó þannig farið um þessar mundir í héruðum hér á Suður-Spáni að trjágreinar eru að svigna undan safaríkum ólífum. Þetta væri dásamleg sjón ef ekki stæðu bændur álútir hjá og veltu því fyrir sér hvort það sé virkilega þess virði að fara með þær í fabrikkuna.

**NÚ** er það bara að treysta á hugarþelið eitt árið enn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Lagersala í nóvember
## 30-50% afsláttur



**Dæmi um afslátt:**

| | |
|---|---|
| Takmarkað magn af vegg- og eyjuháfum frá Miele og Elica | 30-50% |
| Pottar, pönnur og smááhöld frá Cristel | 50% |
| Takmarkað magn af Liebherr kæliskápum | 30% |
| Að auki ýmis heimilistæki | 20-25% |

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði

CRISTEL General Electric elica LIEBHERR Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborg@centrum.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Dansverkið Shit frumsýnt

Leikhúslistamaðurinn Kristján Ingimarsson er staddur hér á landi þar sem hann setur upp sýningu ásamt Íslenska dansflokknum í Borgarleikhúsinu. Kristján hefur verið búsettur í Danmörku frá árinu 1992 þar sem hann stundaði nám í sviðslistum. Kristján starfar einnig sem sjálfstæður leikstjóri og leikari.



**SKEMMTILEG VINNA** Kristján Ingimarsson samdi verkið Shit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verk Kristjáns er hluti af Djammviku Íslenska dansflokksins, en þar mun flokkurinn sýna fjögur verk eftir framsækna og spennandi höfunda.

Verk Kristjáns heitir Shit og segist hann hafa verið undir áhrifum kreppunnar þegar verkið var samið. „Það er eins og svo margir hér heima hafi skitið í buxurnar. Það er eins og menn hafi verið of lengi á hraðbrautinni og haldið í sér á meðan en nú veltur þetta allt fram," útskýrir Kristján.

Hann segir verkið vera dansverk og er þetta í fyrsta sinn sem hann starfar með atvinnudönsurum. „Ég hef ekki fengist mikið við dans hingað til, en er vanur að fást við mjög líkamlegt leikhús að mörgu leyti þannig að þetta er ef til vill ekki svo ólíkt því. En þetta var mjög gaman og ég mun örugglega gera þetta aftur," segir Kristján að lokum.

Verkið verður frumsýnt á miðvikudag í Borgarleikhúsinu. - sm



**SHIT** Dansverkið Shit verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu á miðvikudaginn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 25. nóvember 2009**

### ➜ Tónleikar

**12.30** **Áshildur Haraldsdóttir** flauta og **Katie Elizabeth Buckley** harpa flytja verk eftir Paul Angerer og Henk Badings á tónleikum í **Norræna húsinu** við Sturlugötu.

**20.00** Í tilefni af útgáfu nýs geisladisks heldur **Hamrahlíðarkórinn** tónleika í **Kristskirkju** í Landakoti. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.



**20.30** **Hjaltalín** heldur útgáfutónleika í **Loftkastalanum** við Seljaveg.

**20.30** **Bubbi Morthens** heldur tónleika í **Saltfisksetrinu** við Hafnargötu 12a í Grindavík. Húsið verður opnað kl. 20.

### ➜ Ljósaganga

**19.00** Í tilefni af **Alþjóðadegi Sameinuðu þjóðanna** um afnám ofbeldis gegn konum, standa mannréttindasamtök og kvennahreyfingin á Íslandi fyrir Ljósagöngu. Lagt verður af stað frá **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu kl. 19, og gengið niður að Sólfarinu við Sæbraut.

### ➜ Sýningar

Í **Gerðarsafni** við Hamraborg í Kópavogi hefur verið opnuð sýning á verkum **Gerðar Helgadóttur** auk muna sem aðrir hönnuðir hafa unnið að með hliðsjón af verkum hennar. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

**Margrét Jónsdóttir** hefur opnað sýninguna **In Memoriam** í Listasal **Mosfellsbæjar** í Kjarna við Þverholt. Opið mán.-fös. kl. 12-18, mið. kl. 10-19 og lau. kl. 12-15.

### ➜ Námskeið

**19.30** **Kristján Jóhannesson** heldur námskeið í að brýna rakhnífa með steini, pastól og brýnól í **Hárhorninu** við Hverfisgötu 117. Nánari upplýsingar á www.litur.is.

### ➜ Fræðslufundir

**17.30** **Kristján Viðar Haraldsson** fjallar um sjálfsstyrkingu og mikilvægi þess að setja sjálfan sig í fyrsta sætið á fyrirlestri sem hann heldur hjá **Maður Lifandi** við Borgartún 24. Nánari upplýsingar á www.madurlifandi.is.

### ➜ Uppákomur

Í **Guðríðarkirkju** í Grafarholti verður haldinn markaður kl. 10-13 og boðið upp á hláturjóga og félagsvist kl. 12.00. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.grafarholt.is

### ➜ Dans

**20.00** **Íslenski dansflokkurinn** sýnir fjögur verk eftir Kristján Ingimarsson, Tony Verzich, Steinunni Ketils ásamt Brian Gerke og Peter Anderson í **Borgarleikhúsinu**. Nánari upplýsingar á www.borgarleikhus.is.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** **Karl Aspelund** fjallar um vandamál tengd skilgreiningum í rannsókn á þjóðlegum klæðnaði íslenskra kvenna á fyrirlestri sem hann flytur í **Þjóðminjasafninu** við Suðurgötu.

**12.00** **Jóhann Pétur Malmquist** fjallar um nýsköpun í Kína og samvinnu við kínversk stjórnvöld í fyrirlestri sem hann flytur í **Lögbergi** við Sæmundargötu 8 (st. 201). Allir velkomnir.

**17.15** **Árni Bergmann** ræðir um sagnaritun Rússa og norræna bókmenntahefð í tengslum við nýútkomið verk í Lærdómsritaröð Hins íslenska bókmenntafélags **Rússa sögur og Ígorskviða.** Fyrirlesturinn fer fram í Bókasal **Þjóðmenningarhússins** við Hverfisgötu.



**20.00** **Vilborg Davíðsdóttir** rithöfundur fjallar um þjóðfræðilegar rannsóknir og skáldskap í tengslum við bók sína **Auður** á fyrirlestri sem hún flytur í húsi **Sögufélagsins** við Fischersund.






> LÍKIR LEIKARAR

Leikararnir Toby Maguire og **Jake Gyllenhaal** leika bræður í kvikmyndinni Brothers. Í nýlegu viðtali sagði Gyllenhaal að það hafi oft gerst að fólk haldi hann vera Spiderman. „Fólk hefur sagt við mig að ég líkist Toby mikið og margir halda að ég sé Spiderman. En til að koma í veg fyrir frekari misskilning þá er ég ekki Spiderman.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hönnuðir láta gott af sér leiða

„Hugmyndin er að koma íslenskum kvenkynshönnuðum á framfæri og láta gott af okkur leiða um leið,“ segir Þorbjörg Marinósdóttir blaðamaður, en hún stendur fyrir hönnunarpartíi á b5 fimmtudaginn 3. desember. Þar munu íslenskir kvenkynshönnuðir kynna og selja vörur sínar og hver hönnuður mun gefa eina vöru til góðgerðarmála. Þá er fólk hvatt til að mæta með lítinn jólapakka merktan aldri og kyni sem mun fara til þeirra sem minna mega sín.

„Ég hef á hverju ári sett gjafir undir tréð í Smáralind fyrir börn og unglinga sem fá annars fáar eða engar gjafir. Það er nokkuð ljóst að þörfin hefur aldrei verið eins mikil og í ár og því ákvað ég að sameina ástríðu mína fyrir góðgerðamálum og íslenskri hönnun,“ segir Þorbjörg. „Þetta er í fyrsta sinn sem Designer Desember er haldið. Það hefur verið gífurlega vel tekið í þetta bæði af hönnuðum og gestum og því aldrei að vita nema þetta verði árlegt. Ég þurfti því miður að vísa ansi mörgum hönnuðum frá vegna plássleysis og er alveg miður mín yfir því að geta aðeins boðið



**LÆTUR GOTT AF SÉR LEIÐA** Þorbjörg sameinar ástríðu sína fyrir góðgerðamálum og íslenskri hönnun með hönnunarpartíi á b5 3. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

broti af þeim sem vildu vera með að taka þátt. Ég er því að skoða möguleikann á því að hafa þetta tvö skipti í desember,“ útskýrir hún. Alls verða fimmtán hönnuðir með að þessu sinni og þar á meðal eru E-label, Gyðja, Emami, Nakti apinn og Volcano design.

„Það er frítt inn og verður stelpulegur jólakokkteill í boði Smirnoff. Eldhúsið verður opið lengi fyrir svanga viðskiptavini og klukkan 22 tekur sjarmörinn Sjonni Brink við með ljúfum tónum fram eftir kvöldi,“ segir Þorbjörg og vonast til að sjá sem flesta á b5 milli klukkan 18 og 21, 3. desember. **- ag**


**SÉRSMÍÐI ÚR PARKETI**

Gólfþjónustan er með sérlausnir í smíði borða fyrir fyrirtæki og heimili. Við smíðum borð algjörlega eftir þínu máli svo sem borðstofuborð, sófaborð og fundarborð.





GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is




**PRJÓNAKONUR** Þær Erla Sigurlaug og Ragnheiður Eiríksdóttir ætla að kenna Íslendingum þá list að prjóna. Erla gefur út bók en Ragnheiður DVD-disk. Sjá má frekari upplýsingar á síðum þeirra, blog.eyjan.is/ragnheidur og prjonaperlur.blogspot.com FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mikil gróska í prjónaskap

**Það ríkir mikið prjónaæði á Íslandi um þessar mundir. Til marks um það er komin út ný prjónabók og kennsludiskur fyrir byrjendur og lengra komna.**

„Við vildum forvitnast hvað sé að gerast í allri þessari prjónagrósku á Íslandi,“ segir Erla Sigurlaug Sigurðardóttir, sem gefur út bókina Prjónaperlur – prjónað frá grasrótinni, ásamt frænku sinni, Halldóru Skarphéðinsdóttur. „Halldóra er þaulvön, en ég byrjaði bara í fyrra og þegar ég missti vinnuna fór ég að hugsa um þessa bók. Við Halldóra förum á stúfana og söfnuðum alls konar uppskriftum frá prjónakonum héðan og þaðan af landinu og einum karli sem við erum mjög stoltar að hafa fundið,“ segir Erla, en í bókinni gefa átján prjónarar uppskriftir sínar auk höfundanna. Ein af þeim er Ragnheiður Eiríksdóttir, en hún er nú að gefa út DVD-diskinn Prjónum saman. Diskurinn er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi, með prjónakennslu á íslensku.

„Þetta er eitthvað sem hreinlega vantaði í okkar prjónaflóru svo ég ákvað bara að sinna þessu. Mér rann blóðið til skyldunnar,“ segir Ragnheiður og hlær. „Það er til mjög mikið af myndböndum á netinu sem fólk nýtur sér, en það eru alls ekki allir sem treysta sér til að nota leiðbeiningar á ensku,“ segir Ragnheiður, en á disknum fer hún yfir rúmlega fjörutíu aðferðir í prjóni fyrir byrjendur og lengra komna.

Það er nokkuð ljóst að algjört prjónaæði ríkir á Íslandi um þessar mundir og aðspurðar segja bæði Erla og Ragnheiður það tengjast kreppunni að einhverju leyti. „Sjálf byrjaði ég að prjóna til að sinna sköpunarþörfinni. Ég fann loksins þörfina í gegnum mömmu og Halldóru sem eru báðar mjög vanar. Þetta er bara smitandi og það er rosalega gaman að sjá sína afurð verða til í höndunum. Kannski er það líka einhver tilfinning núna í kreppunni, einhver nægjusemi,“ segir Erla og Ragnheiður tekur í sama streng. „Ég held að það hafi verið komin ákveðin prjónabylgja í gang fyrir hrun og heimskreppuna miklu, en síðan hafi þetta náð miklu meiri útbreiðslu eftir hrun. Fólk er kannski meira að leita inn á við og að einhverri iðju sem er þægileg og skilur eitthvað eftir sig,“ segir Ragnheiður. **alma@frettabladid.is**


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð

LISTMUNASALA fold

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–16 og sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is



GRAND HÓTEL, GULLTEIGUR

ÁHRIF BANKA Á REKSTRARUMHVERFI

MORGUNVERÐARFUNDUR KL. 8:15 - 10:00 FIMMTUDAGINN 26. NÓV 2009



Framsögumenn:

- **Þórður Sverrisson**, forstjóri Nýherja
- **Þorsteinn Þorsteinsson**, stjfm. Bankasýslu ríkisins
- **Birna Einarsdóttir**, forstjóri Íslandsbanka
- **Finnur Sveinbjörnsson**, forstjóri Arion banka
- **Ásmundur Stefánsson**, forstjóri Landsbankans (NBI hf.)

Í pallborði sitja ásamt Þórði og Birnu:

- **Linda Björk Gunnlaugsdóttir**, forstjóri A. Karlsson
- **Úlfar Steindórsson**, forstjóri Toyota á Íslandi
- **Páll Gunnar Pálsson**, forstjóri Samkeppniseftirlitsins

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Fundarstjóri er **Finnur Oddsson**, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Fundargjald með morgunverði er kr. 2.900. Fundurinn er öllum opinn en æskilegt er að skrá þátttöku fyrirfram á www.vi.is eða með tölvupósti á birna@vi.is.



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Valgeir Guðjónsson og Ásta Kristrún Ragnarsdóttir mættu á opnunarhátíðina.



**BROSMILDAR** Inga Elín og Ragnheiður Ingunn voru meðal gesta á opnunarhátíð Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Hönnunarsjóðs Auroru og Kraums tónlistarsjóðs.

# Opnunarhátíð í Vonarstræti

**Það var góð stemning á opnunarhátíð Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Hönnunarsjóðs Auroru og Kraums tónlistarsjóðs sem haldin var í tilefni að flutningi starfsemi þeirra í Vonarstræti 4b. Húsið var upphaflega byggt árið 1928 sem verksmiðjuhús til brjóstsykurs- og konfektgerðar.**



**FLOTT OPNUNARHÁTÍÐ** Hlín Helgadóttir, Katrín Ólína, Áslaug Snorradóttir og Brynhildur Pálsdóttir voru meðal gesta í Vonarstræti á föstudaginn.

Nú er Hönnunarmiðstöðin til húsa á efri hæð hússins, en Kraumur og Hönnunarsjóður Auroru deila með sér kjallararýminu og er ætlunin að nýta það fyrir námskeiðshald og ýmiss konar starfsemi sjóðanna.

Það var margt um manninn á opnunarhátíðinni í Vonarstræti, en meðal atburða voru innsetning Andrew Burgess arkitekts, enduropnun á Myndir og Mayhem, ljósmyndasýningu Harðar Sveinssonar og Kraums helguð íslensku tónlistarlífi og útgáfa letursins Copper Stencil sem teiknað er fyrir Hönnunarsjóð Auroru af Gunnari Þ. Vilhjálmssyni og er hugsað sem einkennisletur sjóðsins. **- ag**



**GÓÐIR GESTIR** Gígja Hólmgeirsdóttir og Hörður Sveinsson létu sig ekki vanta á opnunarhátíðina í Vonarstræti 4b.



**FULLT HÚS** Það var margt um manninn í Vonarstræti 4b á föstudaginn. Þórunn Sigurðardóttir og Hrefna Haraldsdóttir voru meðal gesta.



**FLOTTIR** Almar Alfreðsson, Friðrik Steinn Friðriksson og Axel Kaaber tóku sig vel út.





N1 Deildin
2009 - 2010

Miðvikudagur

| | | |
|---|---|---|
| KONUR | | |
| Vodafonehöll | Valur - Fram | 19:30 |
| Víkinni | Víkingur - Haukar | 19:30 |
| KARLAR | | |
| Höllin | Akureyri - HK | 19:00 |




Fjölbreytt og skemmtileg ferð þar sem Kjartan Trausti fer á kostum. Við heimsækum skemmtilega og áhugaverða staði víðs vegar um eyjuna og gist verður á flottum hótelum þar sem fullt fæði er innifalið.

VERÐ FRÁ: **234.910 kr.** á mann í tvíbýli með fullu fæði

MEIRA Á **urvalutsyn.is**

LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000
* Verð miðast við að bókað sé á netinu.



NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
POWERSÝNING KL. 10.00
2012
PARANORMAL ACTIVITY
JÓHANNES 35.000 MANNS
SÍÐUSTU SÝNINGAR
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR
LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 7 og 10(Power) | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 6 og 8 | L |

STÆRSTA BÍÓOPNUN Í USA Í ÁR!
ÞETTA SÖGÐU LESENDUR Á KVIKMYNDIR.IS
„ÆÐISLEG"
„HÚN VAR ÆÐI"
„ÉG VILDI SJÁ MEIRA"
„HÚN VAR ÓLÝSANLEGA GEGGJUÐ"
„GEÐVEIKT SKEMMTILEG"
the twilight saga new moon
ROBERT PATTINSON OG KRISTEN STEWART ERU MÆTT Í EINNI STÆRSTU KVIKMYNDASERÍU ALLRA TÍMA!
JIM CARREY
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.
EKKI VIÐ HÆFI UNGRA BARNA
PANDORUM

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT 2 | kl. 5:20 - 8 - 8:10 - 10:10D - 10:50 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 10:10 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:50 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 | VIP |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT 2 | kl. 5:30D - 8D - 10:10D - 10:50D | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. | kl. 8(3D) Ótextuð | 7 |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 - 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE TWILIGHT SAGA | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| PANDORUM | kl. 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI 2 VIKUR Í RÖÐ!
T.V. - Kvikmyndir.is
VJV - FBL
S.V. - MBL
25.000 MANNS!
2012 LÚXUS
Aaron Eckhart Jennifer Aniston
Geta tvær manneskur sem hittast á röngum tíma látið sambandið ganga upp?
Love Happens
Frábær rómantísk gamanmynd sem enginn ætti að missa af!
Meistarar svarta húmorsins, Coen-bræður er mættir aftur með frábært meistaraverk.
A SERIOUS MAN
Skylduáhorf fyrir unnendur góðra kvikmynda!
-Empire
T.V. - Kvikmyndir.is
85% af 100 á Rottentomatoes!
- T.V., Kvikmyndir.is
- E.E., DV
- Dr. Gunni, FBL
Desember
T.V. - Kvikmyndir.is
-Þ.Þ., DV
PARANORMAL ACTIVITY
MICHAEL JACKSON'S THIS IS IT
SÝND ÚT NÓVEMBER
SÖKUM VINSÆLDA
UPPLIFÐU LISTAMANNINN EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ HANN ÁÐUR.
ÁÐUR ÓSÉÐ MYNDEFNI
SEM HEIMURINN HEFUR BEÐIÐ EFTIR.
-E.E., DV
ZOMBIELAND
V.J.V. - Fréttablaðið
T.V. - kvikmyndir.is
- S.V. - MBL
Þ.Þ. - DV
D.Ö.J. - kvikmyndir.com
JÓHANNES
- S.V. - MBL
- A.K. - ÚTVARP SAGA
- A.S.G. - BYLGJAN
30.000 MANNS!
- ÞÞ, DV
T.V. - Kvikmyndir.is
MMJ - kvikmyndir.com
SÍÐUSTU SÝNINGAR
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 | 10 |
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | 10 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 8 - 10 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |


# Syngur í Háskólabíói í febrúar

Emilíana Torrini heldur tónleika með hljómsveit sinni í Háskólabíói laugardaginn 20. febrúar. Hún hélt tvenna tónleika í Háskólabíói í desember í fyrra til að kynna plötu sína Me and Armini og seldist upp á þá báða. Síðan þá hefur frægðarsól hennar risið hratt, sérstaklega vegna hins vinsæla Jungle Drum sem sat á toppi þýska vinsældalistans í margar vikur.

Emilíana er búin að vera á stanslausu tónleikaferðalagi um Evrópu og Ameríku á þessu ári með hljómsveit sinni og stöðugt verið að bæta við áhorfendafjöldann. Sökum mikilla anna hjá Emilíönu var búið að slá það út af borðinu að hún héldi aftur tónleika hér á landi í bráð en hún bjó til tíma og tónleikarnir í febrúar eru því orðnir að veruleika.


**EMILÍANA TORRINI** Emilíana heldur tónleika í Háskólabíói laugardaginn 20. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þess má geta að Íslandi hefur Me and Armini selst í rúmlega tíu þúsund eintökum og forveri hennar Fisherman's Woman í rúmlega fimmtán þúsund eintökum. Úti í heimi hefur Me and Armini selst gríðarvel, í 250 til 300 þúsund eintökum, og Jungle Drum-smáskífan hefur selst í um fimmtíu þúsund eintökum. Fyrri plötur Emilíönu hafa einnig selst vel erlendis. Fisherman's Woman hefur selst í um 150 þúsundum og Love in the Time of Silence í um 200 þúsund eintökum. Samanlagt hafa breiðskífur hennar þrjár því selst í yfir 600 þúsund eintökum.

Áður en Emilíana kemur hingað til lands fer hún í tónleikaferðalag um Ástralíu um jólin og fer síðan til Japans um miðjan janúar. Forsala á tónleikana í Háskólabíói hefst á fimmtudaginn kl. 10.00 á Midi.is og á afgreiðslustöðum Midi.is.

# Jackson með fernu

Popparinn sálugi Michael Jackson vann fern verðlaun á Bandarísku tónlistarverðlaununum sem voru haldin hátíðleg í Los Angeles. Með verðlaununum skráði Jackson nafn sitt í sögubækur hátíðarinnar því hann hefur þá unnið 23 verðlaun, fleiri en nokkur annar. Hann fékk meðal annars verðlaun í flokknum besti popp- og rokktónlistarmaðurinn og sem besti sálar- og R&B-tónlistarmaðurinn. Það var Jermaine Jackson sem tók á móti verðlaununum fyrir hönd bróður síns.

Sveitasöngvarinn Taylor Swift var annars sigurvegari kvöldsins með fimm verðlaun, þar á meðal sem tónlistarmaður ársins. Jennifer Lopez var ekki eins heppin því hún datt á rassinn í dansatriði þar sem hún söng sitt nýjasta lag. Hún lét það ekki á sig fá og hélt ótrauð áfram.


**JERMAINE JACKSON** Jermaine tók á móti fernum verðlaunum sem komu í hlut bróður hans, Michaels Jackson. NORDICPHOTOS/GETTY

# Til heiðurs Iron Maiden

**Tónleikar til heiðurs þungarokksveitinni Iron Maiden verða haldnir á Sódómu Reykjavík á laugardagskvöld. Hljómsveitin sem flytur tónlist „Járnfrúarinnar" kallar sig MaidenIced og er skipuð fimm meðlimum nokkurra íslenskra þungarokksveita. MaidenIced fylgir í fótspor margra erlendra Maiden-eftirhermusveita sem hafa notið töluverðra vinsælda, þar á meðal hinnar bandarísku The Iron Maidens. Hljómsveitirnar Dark Harvest og Perla hita upp á tónleikunum á Sódómu, sem hefjast klukkan 22.30. Miðaverð er 1.500 krónur í forsölu og 2.000 krónur við dyr.**


**IRON MAIDEN**

## Skeljungur hf.
og tengd félög – söluferli

Íslandsbanki

Skeljungur

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur verið falið að annast formlegt ferli sem lýtur að mögulegri sölu á 49% hlut í Skeljungi hf., S fasteignum ehf., Ö fasteignum ehf. og Birgðastöðinni Miðsandi ehf. sem eru í dag í eigu Miðengis ehf., dótturfélags Íslandsbanka hf.

**Um félögin**

Skeljungur á rætur að rekja til þriðja áratugar síðustu aldar, en hlutafélagið Skeljungur var stofnað 1955. Skeljungur aflar tekna í gegnum net afgreiðslustöðva eða með beinni sölu til stærri viðskiptavina. Stærstur hluta afgreiðslustöðvanna er í eigu S fasteigna, en Skeljungur er leigutaki. Birgðastöðin Miðsandi heldur utan um rekstur olíubirgðageyma í Hvalfirði, sem eru í útleigu til þriðja aðila.

**Söluferlið**

Söluferlið verður opið öllum áhugasömum fjárfestum sem uppfylla skilyrði til þess að geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, einstaklingum sem hafa verulegan fjárhagslegan styrk og viðeigandi þekkingu, auk fyrirtækja sem höfðu eiginfjárstöðu sem var hærri en sem nemur 100 m.kr. í árslok 2008. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu í þeim tilvikum þegar fyrir hendi eru lagalegar takmarkanir á því að fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna.

Áhugasamir fjárfestar þurfa að fylla út trúnaðaryfirlýsingu ásamt því að leggja fram umbeðnar upplýsingar og nauðsynleg gögn sem staðfesta að ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Framangreindu skal skilað til Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka í samræmi við nánari upplýsingar um skil gagna og tilboða. Skilafrestur rennur út kl. 16.00 1. desember. Kynningargögn verða afhent á tímabilinu 26. nóvember til 2. desember með rafrænum hætti á netfang sem fjárfestar tilgreina í trúnaðaryfirlýsingu.

Gert er ráð fyrir að óskuldbindandi tilboðum sé skilað til Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, 105 Reykjavík, 7. desember 2009, fyrir kl. 16.00, í umslagi merkt „Fyrirtækjaráðgjöf/Skeljungur2009". Þeim fjárfestum sem leggja fram hæstu tilboðin og leggja fram trúverðugar upplýsingar um fjármögnun kaupanna, verður boðið til áframhaldandi þátttöku í söluferlinu og fá afhent ítarlegri gögn um félagið. Þá fá fjárfestar aðgang að nánari upplýsingum um starfsemi og fjárhag fyrirtækisins, en þeim ber svo að skila inn skuldbindandi tilboði með fyrirvara um áreiðanleikakönnun í síðasta lagi mánudaginn 21. desember 2009. Í kjölfarið taka við viðræður við hæstbjóðendur.

**Frekari upplýsingar**

Allar nánari upplýsingar um söluferlið er að finna á vef Íslandsbanka undir slóðinni www.islandsbanki.is/skeljungur2009, frá kl. 9.00, 25. nóvember 2009.

# Í tilefni af „Thanksgiving“

Í tilefni af þakkargjörðarhátíðinni, Thanksgiving, sem haldin er hátíðleg í Ameríku, bjóðum við upp á ekta, klassíska kalkúnaveislu sem slær allt út.



**Grilluð kalkúnabringa**
**kjöt- og brauðfylling,**
**maís, eplasalat,**
**trönuberjasulta og „gravy“.**

**Verð 2.990 kr.**

**Þakkargjörðarhátíðin** hefur tíðkast í Bandaríkjunum og Kanada frá árinu 1565, en inntak hennar var fyrst og fremst að þakka Guði og forsjóninni fyrir góða uppskeru og tjá almennt þakklæti fyrir það sem við höfum. Fjölskylda og vinir nota þennan lögbundna frídag til að hittast og njóta samverunnar – og girnilegur kalkúninn er órjúfanlegur partur af hefðinni.

**RubyTuesday**
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

**Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300**

PIPAR\TBWA • SÍA • 92139

## > Kvennaboltinn í sviðsljósinu

Kvennaboltinn á sviðsljósið í kvöld því heil umferð verður í Iceland Express deild kvenna í körfubolta og annar tveggja leikja N1-deildar kvenna í handbolta er toppbaráttuslagur milli Vals (2. sæti) og Fram (3. sæti) í Vodafone-höllinni. Stærstu körfuboltaleikir kvöldsins verða í Keflavík (Keflavík-Hamar) og í Grindavík (Grindavík-Haukar). Snæfell og Valur mætast einnig í Stykkishólmi og botnlið Njarðvíkur sækir topplið KR heim en KR-konur hafa unnið alla leiki sína í sumar. Auk toppleiks Vals og Fram í handboltanum taka Víkingskonur á móti Haukum. Körfuboltaleikirnir byrja klukkan 19.15 en handboltaleikirnir hefjast klukkan 19.30.



**sport**
sport@frettabladid.is

GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON: SKRIFAR LÍKLEGA UNDIR NÝJAN SAMNING VIÐ READING Í VIKUNNI

# *Get ekki kvartað undan lífinu í Reading*

Gylfi Þór Sigurðsson hefur verið einn af fáum ljósum punktum í annars fremur lélegu tímabili hjá enska B-deildarliðinu Reading til þessa. Liðið lyfti sér reyndar upp úr fallsæti um helgina með góðum 2-1 sigri á Blackpool þar sem Gylfi skoraði fyrsta mark leiksins.

Núverandi samningur Gylfa við Reading rennur út í lok leiktíðarinnar en hann hefur þó átt í viðræðum við félagið um nýjan samning.

„Félagið hefur boðið mér nýjan samning og ég tel góðar líkur á því að við klárum þetta mál í vikunni," sagði Gylfi í samtali við Fréttablaðið í gær. „Mér líst mjög vel á samninginn enda er hann stór og fínn. Hann er reyndar helst til langur en ég held að mér takist að stytta hann og að hann verði annað hvort til tveggja eða þriggja ára."

Gylfi er fæddur árið 1989 og varð því tvítugur í ár. Hann getur ekki neitað því að hann er í nokkuð góðum málum hjá Reading.

„Jú, þetta er búið að ganga ágætlega. Liðið byrjaði reyndar illa á tímabilinu en það hefur verið að spila betur í undanförnum leikjum og er byrjað að klífa upp töfluna. Það eru margir nýir leikmenn hjá liðinu og nýr þjálfari og það tók sinn tíma að koma þessu öllu saman," segir Gylfi.

Hann hefur verið í herbúðum Reading síðan hann var sextán ára gamall en það var ekki fyrr en á þessu tímabili sem hjólin fóru að snúast almennilega.

„Ég er mjög sáttur við þau tækifæri sem ég hef fengið. Þetta er allt öðruvísi en í fyrra enda hafa ungu leikmennirnir verið að fá mun fleiri tækifæri en áður. Við höfum líka allir verið að standa okkur vel og því haldið sætum okkar í liðinu. Ég get því alls ekki kvartað."

Hann segir markmiðið að komast í ensku úrvalsdeildina, hvort sem það verði með Reading eða öðru liði.

„Ég er ánægður eins og er að spila í þessari sterku deild í hverri viku. Það er því gott að gera ekki of langan samning og sjá svo til hvað gerist. Þessi deild er góður stökkpallur fyrir leikmenn á mínum aldri enda fullt af sterkum liðum að fylgjast vel með því sem gerist í deildinni. Það er því aldrei að vita hvað verður."



Jakob Örn Sigurðarson og félagar í Sundsvall í gær:

# Annað tapið í röð

**KÖRFUBOLTI** Jakob Örn Sigurðarson og félagar í Sundsvall Dragons töpuðu í gær mikilvægum leik í sænsku úrvalsdeildinni þegar þeir lágu 73-80 á heimavelli á móti Plannja Basket í viðureign liðanna í 3. og 4. sæti deildarinnar.

Sundsvall var með frumkvæðið nánast allan leikinn en missti leikinn frá sér á skelfilegum kafla í lok fjórða leikhluta.

Jakob var með 17 stig, 5 stoðsendingar og 4 fráköst í leiknum en hann var stigahæstur hjá Sundsvall. - óój






**GÓÐIR HEIMA** Fiorentina vann alla heimaleiki sína í Flórens og tryggði sér sæti í 16 liða úrslitunum. MYND/AFP

# LIVERPOOL-MENN ÚR LEIK

**Það nægði Liverpool ekki að vinna Debrecen því Fiorentina vann Lyon á sama tíma og tryggði sér sæti í 16 liða úrslitunum. Barcelona sýndi meistaratakta.**

**FÓTBOLTI** Liverpool er úr leik í Meistaradeildinni eftir úrslit gærkvöldsins en það varð ljóst þegar heimamenn í Fiorentina unnu 1-0 sigur á Lyon. Það nægði því ekki enska liðinu að vinna Debrecen í Ungverjalandi. Á sama tíma fóru Evrópumeistarar Barcelona illa með lærisveina José Mourinho í Inter og eru fyrir vikið komnir í allt aðra og betri stöðu í sínum riðli. Fiorentina var annað tveggja liða sem tryggðu sér sæti í sextán liða úrslitunum því Arsenal er komið þangað líka eftir 2-0 sigur á Standard Liege.

Liverpool-menn vonuðust eftir litlu kraftaverki fyrir leik en það leit ekki dagsins ljós. Þeir þurftu alltaf á treysta á Frakkana en Lyon brást þeim í gær. Miðað við frammistöðu Liverpool í gær þá er það þó ekki mikill missir fyrir Meistaradeildina að liðið skuli ekki vera í hópi þeirra sextán bestu.

Liverpool kláraði sitt verkefni en þó ekki með miklum stæl því sóknarþungi liðsins var ekki mikill á móti langslakasta liði riðilsins. Liverpool fékk ekki mörg færi í leiknum og var síðan heppið að fá ekki á sig jöfnunarmark í lokin.

„Þú uppskerð það sem þú átt skilið í fótbolta. Aðalvonbrigðin voru að þurfa að teysta á önnur lið," sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, eftir leik. „Meistaradeildarbikarinn er stærsti bikarinn sem liðið stefnir á í upphafi tímabils og þetta eru því mikil vonbrigði. Eina huggunin okkar er að við getum unnið Evrópudeildina," sagði Gerrard.

Sigurmark Liverpool kom eftir aðeins fjögurra mínútna leik þegar David N'Gog fékk skallasendingu frá Jamie Carragher eftir hornspyrnu og afgreiddi boltann í netið með hælnum.

Fiorentina slapp við það að fara í úrslitaleik á móti Liverpool á Anfield í lokaumferðinni með því að vinna 1-0 sigur á Lyon á heimavelli. Eina mark leiksins skoraði Juan Vargas úr vítaspyrnu eftir hálftíma leik en ítalska liðið var sterkari aðilinn í leiknum og átti sigurinn skilinn á móti Lyon sem var þegar komið áfram.

Skömmu áður en Vargas skoraði höfðu Ítalirnir átt tvö stangarskot á 30 sekúndna kafla.

Liverpool-menn geta huggað sig við það að það verða fleiri Evrópukvöld á Anfield í vetur því liðið kemur inn í Evrópudeildina eftir áramót.

„Við erum vonsviknir. Við urðum að klára okkar verkefni sem við gerðum en því miður voru úrslitin í hinum leiknum okkur ekki hagstæð. Við fengum á okkur tvö mörk í lokin í leikjunum á móti Lyon og það réð úrslitum í þessum riðli," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool. „Við eigum eftir að bæta okkar leik þegar menn koma til baka úr meiðslum og ég er hundrað prósent viss um að við endum meðal fjögurra efstu í úrvalsdeildinni," sagði Benitez.

Barcelona vann öruggan 2-0 sigur á Inter á Camp Nou þar sem heimamenn fóru á kostum og yfirspiluðu Ítalina í fyrri hálfleik. Barcelona þurfti ekki á stórstjörnunum Lionel Messi og Zlatan Ibrahimovic að halda en þeir voru tæpir fyrir leikinn og Pep Guardiola gat leyft sér að hvíla þá fyrir El Clasico á móti Real Madrid á sunnudaginn.

Börsungar eru fyrir vikið komnir í allt aðra og betri stöðu í sínum riðli. Barcelona er nú með tveggja stiga forskot á Inter og Ruben Kazan sem eru jöfn að stigum. Inter tekur einmitt á móti Rússunum í lokaumferðinni á San Siro sem verður einn af stórleikjum hennar.

Arsenal tryggði sér endanlega sæti í útsláttarkeppninni með 2-0 sigri á Standard Liege en Arsenal-liðinu nægði jafntefli til að tryggja sig áfram. Standard Liege getur enn náð Olympiacos en þarf þá að treysta á Arsenal í lokaumferðinni.

Stuttgart og Unirea Urziceni mætast í hreinum úrslitaleik í lokaumferðinni um sæti í næstu umferð eftir að liðin unnu sína leiki í kvöld. Rangers er hins vegar úr leik og endar í neðsta sæti síns riðils eftir 0-2 tap fyrir Stuttgart á heimavelli.

ooj@frettabladid.is

## MEISTARADEILD

### *E-riðill:*

| | |
|---|---|
| Debrecen-Liverpool | 0-1 |
| 0-1 David N'Gog (4.) | |
| Fiorentina-Lyon | 1-0 |
| 1-0 Juan Vargas, víti (29.) | |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fiorentina*** | 5 | 4 | 0 | 1 | 12-6 | 12 |
| Lyon* | 5 | 3 | 1 | 1 | 8-3 | 10 |
| **Liverpool** | 5 | 2 | 1 | 2 | 4-5 | 7 |
| Debrecen | 5 | 0 | 0 | 5 | 5-15 | 0 |

### *F-riðill:*

| | |
|---|---|
| Rubin Kazan-Dynamo Kiev | 0-0 |
| Barcelona-Inter Milan | 2-0 |
| 1-0 Gerrard Pique (10.), 2-0 Pedro Rodríguez (26.) | |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barcelona** | 5 | 2 | 2 | 1 | 5-2 | 8 |
| Inter | 5 | 1 | 3 | 1 | 5-6 | 6 |
| **Ruben Kazan** | 5 | 1 | 3 | 1 | 4-5 | 6 |
| Dynamo Kiev | 5 | 1 | 2 | 2 | 6-7 | 5 |

### *G-riðill:*

| | |
|---|---|
| Glasgow Rangers-Stuttgart | 0-2 |
| 0-1 Sebastian Rudy (16.), 0-2 Kuzmanovic (59.) | |
| Unirea Urziceni-Sevilla FC | 1-0 |
| 1-0 Sjálfsmark (45.) | |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sevilla*** | 5 | 3 | 1 | 1 | 10-4 | 10 |
| Unirea Urziceni | 5 | 2 | 2 | 1 | 7-5 | 8 |
| **Stuttgart** | 5 | 1 | 3 | 1 | 6-6 | 6 |
| Rangers | 5 | 0 | 2 | 3 | 4-12 | 2 |

### *H-riðill:*

| | |
|---|---|
| AZ Alkmaar-Olympiacos | 0-0 |
| Arsenal-Standard Liege | 2-0 |
| 1-0 Samir Nasri (35.), 2-0 Denilson (45.+2) | |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Arsenal*** | 5 | 4 | 1 | 0 | 12-4 | 13 |
| Olympiacos | 5 | 2 | 1 | 2 | 3-5 | 7 |
| **Standard Liege** | 5 | 1 | 1 | 3 | 6-8 | 4 |
| AZ | 5 | 0 | 3 | 2 | 3-7 | 3 |

***Komin áfram**



**CRISTIANO RONALDO** Fagnar hér marki í leik með Real Madrid. NORDIC PHOTOS/AFP

Meistaradeildin í kvöld:

## Ronaldo í hópnum hjá Real

**FÓTBOLTI** Allt útlit er fyrir að Cristiano Ronaldo spili með Real Madrid gegn FC Zürich í Meistaradeild Evópu í kvöld.

Ronaldo hefur misst af síðustu níu leikjum Real vegna ökklameiðsla. Hann hóf hins vegar æfingar af fullum krafti síðastliðinn föstudag og er í leikmannahópi Real í kvöld.

Fimmtu umferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar lýkur í kvöld en Real leikur í C-riðli. Mikil barátta er um efstu tvö sæti riðilsins en AC Milan og Marseille eigast við í hinum leik kvöldsins.

Juventus (A-riðill) og Wolfsburg (B-riðill) geta tryggt sér sæti í sextán liða úrslitunum í kvöld og þá er þegar ljóst að það verða Chelsea og Porto sem fara áfram upp úr D-riðli. Bordeaux (A-riðill) og Manchester United (B-riðill) eru einnig komin áfram. - esá

### LEIKIR KVÖLDSINS

| | |
|---|---|
| **A-riðill** | |
| Bayern - Maccabi Haifa | 19.45 |
| Bordeaux - Juventus | 19.45 |
| **B-riðill** | |
| CSKA Moskva - Wolfsburg | 17.30 |
| Man. United - Besiktas | 19.45 |
| **C-riðill** | |
| AC Milan - Marseille | 19.45 |
| Real Madrid - FC Zürich | 19.45 |
| **D-riðill** | |
| APOEL - Atletico Madrid | 19.45 |
| FC Porto - Chelsea | 19.45 |



**PAUL HART** Portsmouth náði sér ekki á strik undir hans stjórn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stjóramál Portsmouth:

## Hart rekinn

**FÓTBOLTI** Paul Hart var í gærkvöld rekinn úr starfi knattspyrnustjóra hjá enska úrvalsdeildarfélaginu Portsmouth sem Hermann Hreiðarsson leikur með. Fram kom í tilkynningu frá félaginu í gær að ástæðan fyrir þessu væri slæmt gengi liðsins, sem er nú í neðsta sæti deildarinnar.

Paul Groves og Ian Woan taka við liðinu tímabundið en þó þykir líklegt að Avram Grant, nýráðinn yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu, taki við starfi knattspyrnustjóra. - esá

Íslenska handboltalandsliðið:

## Mætir Spáni

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið tekur þátt í fjögurra liða móti í Frakklandi dagana 16. og 17. janúar næstkomandi ásamt heimamönnum, Spánverjum og Brasilíumönnum.

Mótið er liður í undirbúningi fyrir EM í Austurríki sem hefst hinn 19. janúar.

Ísland mætir fyrst Spáni í undanúrslitum mótsins en sigurvegari leiksins mætir sigurvegara leiks Frakklands og Brasilíu. Tapliðin mætast í leik um þriðja sætið. - esá

Dregið bæði í EHF-bikarkeppninni og í fjórðungsúrslit Eimskipsbikarkeppni karla og kvenna:

# Haukar eiga erfiða leiki fyrir höndum

**HANDBOLTI** Í gær var dregið bæði í sextán liða úrslit EHF-bikarkeppninnar og í fjórðungsúrslit Eimskipsbikarkeppni karla og kvenna. Óhætt er að segja að Haukar eigi verðug verkefni fyrir höndum á öllum vígstöðum.

Í EHF-bikarkeppninni mætir liðið Naturhouse Ciudad de Logrono frá Spáni en liðið er í sjötta sæti spænsku úrvalsdeildarinnar. Í karlaflokki bikarkeppninnar dróst liðið gegn erkifjendum sínum í FH og annað árið í röð mætast þessi lið í fjórðungsúrslitum bikarsins í Kaplakrikanum.

Þá mætir kvennalið Hauka Íslands- og bikarmeistarum Stjörnunnar og það á útivelli. Þessi lið mættust nýverið í deildinni og þá vann Stjarnan stórsigur, 36-20.

„Mér líst bara vel á þetta, það þýðir ekkert annað," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari karlaliðs Hauka, um leikina sem eru fram undan hjá liðinu.

„Fyrst við fengum lið frá Spáni má gera ráð fyrir því að um afar sterkt lið sé að ræða. Spænska deildin er ein sú besta í heimi."

Hann neitar því ekki að hann hefði viljað mæta einu því Íslendingaliða sem voru í pottinum en þau voru fjölmörg.

„Ódýrasta ferðalagið fyrir okkur hefði verið að fara og spila við GOG í Danmörku og það hefði verið gaman að fá Íslandstenginguna. En það er engu að síður afar spennandi verkefni að fá að mæta þessu spænska liði."

Hvað varðar bikarkeppnina á hann von á hörkuleik gegn FH, eins og reyndar alltaf. „Þetta hafa verið hörkuleikir og góð skemmtun fyrir áhorfendur og ég á ekki von á öðru nú. Húsið verður örugglega pakkað aftur núna," sagði Aron en í fyrra slógu FH-ingar Hauka úr bikarnum með naumum sigri, 29-28. „Það kemur ekkert annað til greina en að hefna þess." - esá

### ÁTTA LIÐA ÚRSLIT Í BIKAR

| | |
|---|---|
| **Karlaflokkur** | |
| FH - Haukar | Selfoss - HK |
| Víkingur - Grótta | Valur - Fram |
| **Kvennaflokkur** | |
| Víkingur 2 - Valur | FH - KA/Þór |
| Grótta - Fram | Stjarnan - Haukar |



**ARON KRISTJÁNSSON** Spennandi leikir eru fram undan hjá Haukum hér heima og í Evrópukeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






> **Anthony Hopkins**

„Ég er kominn á þann aldur að mig langar ekki til að lifa hratt. Ég hef það á tilfinningunni að þá komi dauðinn of snögglega."

***Hopkins fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Proof sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON **BÖLVAR FIMMTUDÖGUM**

## *Vinirnir hennar Nigellu*



Fimmmtudagar eru ekki góðir dagar. Þeir voru það einu sinni en eru það ekki lengur, það er að segja fyrir mann sem hefur jafn gaman af því að borða og ég. Að borða er hálfgerð ástríða hjá mér (frasinn um að matur sé einhver ástríða er bara klisja). Til að mynda fer ekkert meira í taugarnar á mér en að borða vondan mat. Ég þoli það ekki. Sú athöfn kallar fram vont skap og er ég þó ákaflega glaðlynd og þolinmóð manneskja sem yrði lýst að hætti félagsfræðinnar „með mjög góð þolmörk". Að borða góðan mat kemur mér hins vegar í gott skap.

Og þess vegna eru fimmtudagar alveg skelfilegir dagar. Jói Fel og Jóhanna Vigdís virðast nefnilega keppast um að glenna framan í áhorfendur alls kyns kræsingum á meðan fólkið heima í stofu er kannski sjálft bara rétt búið að sporðrenna soðningunni með brædda smjörinu og léttsoðnu kartöflunum. Hinir heppnu hafa kannski fengið Royal-búðing í eftirrétt. Þeir verða undir eins svangir af öllum þessum mat í sjónvarpinu.

En verst er mér þó við vini hennar Nigellu Lawson. Því á fimmtudagskvöldum birtist hún á BBC Lifestyle og þessir blessuðu vinir hennar sitja bara úti í garði hjá henni og bíða eftir því að hún beri á borð fyrir sig nautasteik, bjór og einhverja sykurbombu til að fullkomna allt. „This is wonderful," heyrist einn þeirra segja þegar hann stingur upp í sig blóðugum steikarbitanum.

Ég á erfitt með að sætta mig við það að vera ekki einn af vinum Nigellu og stundum dreymir mig meira að segja um að sitja í garðinum hjá henni og hún afsakar sig með þeim orðum að hún þurfi að henda í eina marengs-rjóma-jarðarberjatertu. En maður getur jú ekki fengið allt.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **17.30** Gilmore Girls STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.30** AC Milan – Marseille, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15** Spjallið með Sölva SKJÁREINN



▶ **21.05** Kiljan SJÓNVARPIÐ



▶ **22.15** Medium STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Einu sinni var... – Maðurinn** (9:26) (e)

**17.55 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Aðalhlutverk: America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana, Vanessa L. Williams, Eric Mabius, Ashley Jensen og Ana Ortiz.

▶**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Stærri en Barbie** (Bigger Than Barbie) Norsk heimildarmynd um konur í Suður-Afríku sem selja brúður til ýmissa landa við góðar undirtektir. Höfundur myndarinnar er Tina Davis.

**23.20 Logngára** (A Subtle Movement of Air) Írsk heimildarmynd um Íslandsheimsókn Danans Evalds Krog sem hefur barist fyrir breytingum á þjónustu við fatlaða. (e)

**00.15 Kastljós** (e)

**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Cocoon**

**10.00 Great Balls of Fire**

**12.00 Beethoven's 2nd**

**14.00 Cocoon**

**16.00 Great Balls of Fire**

**18.00 Beethoven's 2nd**

**20.00 Proof** Áhrifamikil mynd með Anthony Hopkins og Gwyneth Paltrow í aðalhlutverkum. Catherine er dóttir stærðfræðings sem þjáðist af geðsjúkdómi. Nú horfist hún í augu við þá staðreynd að hún gæti sjálf verið með sjúkdóminn.

**22.00 Good Luck Chuck**

**00.00 The Mean Season**

**02.00 Underworld: Evolution**

**04.00 Good Luck Chuck**

**06.00 Grilled**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Nornafélagið og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Auddi og Sveppi**

**10.55 You Are What You Eat** (3:8)

**11.45 Smallville** (8:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Aliens in America** (14:18)

**13.25 E.R.** (18:22)

**14.10 Sisters** (7:28)

**14.55 The O.C. 2** (23:24)

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Nornafélagið og Dynkur smáeðla.

**17.03 Bold and the Beautiful**

**17.28 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (22:23)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.52 Íþróttir**

**18.59 Ísland í dag**

**19.16 Veður**

**19.25 Two and a Half Men** (2:24)

**19.55 Fangavaktin** Ólafur sleppur með skrekkinn eftir ránstilraunina og Daníel þarf að kljást við einelti af hálfu samfanga sinna.

**20.35 Gossip Girl** (8:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**21.25 Grey's Anatomy** (5:23)

▶**22.15 Medium** (13:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni við rannsókn ýmissa mála.

**23.00 True Blood** (10:12) Anna Paquin leikur unga gengilbeinu sem fellur fyrir myndarlegum manni sem reynist vera vampíra. Sjálf býr hún yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum og getur lesið hugsanir.

**23.55 Sex and the City** (16:18)

**00.25 Eleventh Hour** (18:18)

**01.10 E.R.** (18:22)

**01.55 Sjáðu**

**02.25 Volcano**

**04.05 Idiocracy**

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.

**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**16.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeild Evrópu**

**18.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**19.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun**

▶**19.30 AC Milan - Marseille** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Real Madrid - Zurich Sport 4. Man. Utd - Besiktas

**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**22.20 Real Madrid - Zürich** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**00.10 Man. Utd. - Besiktas** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Birmingham - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.10 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**19.05 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**19.35 Hull - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.45 Fulham - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.25 Liverpool - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.20 Lífsaugað** (10:10) (e)

**08.00 Dynasty** (13:29) (e)

**08.40 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Lífsaugað** (10:10) (e)

**12.40 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Nýtt útlit** (8:10) (e)

**17.30 Dynasty** (14:29)

**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.

**18.30 Yes Dear** (11:15) (e)

**19.00 King of Queens** (4:25) (e)

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 Matarklúbburinn** (3:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti.

▶**20.15 Spjallið með Sölva** (10:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.

**21.05 America's Next Top Model** (6:13) Stúlkunum níu sem eftir eru er kennt að dansa án þess að sýna svipbrigði.

**21.55 Lipstick Jungle** (6:13) Victory er að undirbúa opnun stóru búðarinnar en Dahlia er með stærri áform en hún ræður við. Wendy snýr aftur á gamla vinnustaðinn með góða hugmynd og Nico hittir konuna sem hélt við eiginmann hennar.

**22.45 The Jay Leno Show** Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á létta strengi.

**23.30 CSI. Miami** (5:25) (e)

**00.20 The Contender Muay Thai** (14:15) (e)

**01.10 King of Queens** (4:25) (e)

**01.35 Pepsi MAX tónlist**

## iNN

**20.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir ræðir um málefni borgarinnar.

**20.30 Íslands safarí** Akeem R. Oppang ræðir um málefni innflytjenda á Íslandi.

**21.00 Frumkvöðlar** Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

**21.30 Björn Bjarna** Björn Bjarnason ræðir við gest sinn um málefni allra landsmanna.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


SPJALLIÐ MEÐ SÖLVA

AÐALGESTUR ÞÁTTARINS ER
JÓN ÓLAFSSON, ATHAFNAMAÐUR.



ENNEMM / SÍA / NM39963

Í KVÖLD KL. 20.15 Á SKJÁEINUM

VERTU MEÐ OKKUR Í VETUR FYRIR AÐEINS 2.200 KR. Á MÁNUÐI.

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.25**

### Grey's Anatomy

Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Two and a Half Men

**Stöð 2 kl. 19.25**

Gamanþáttur um bræðurna Charlie og Alan Harper. Í þættinum í kvöld er Jack, syni Alans, vikið úr skóla eftir að hann teiknar móðgandi mynd af barmmikilli bekkjarsystur sinni og Charlie er beðinn um að gæta hnykklækningastofu Alans, algjörlega ósofinn eftir ævintýri næturinnar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bókaþing
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 90,1** Rás 2
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (7:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (8:25)
▶**17.30 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**18.15 Seinfeld** (18:24)
**18.45 Doctors** (7:25)
**19.15 Doctors** (8:25)
**19.45 Gilmore Girls**
**20.30 Seinfeld** (18:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Chuck** (12:22) Chuck lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**22.45 Burn Notice** (12:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**23.30 The Unit** (4:11) Þriðja þáttaröð þessarar hörkugóðu spennuþáttaraðar. Þættirnir fjalla um störf leynilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma.
**00.15 Fangavaktin**
**01.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:12)
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Absolutely Fabulous **12.40** After You've Gone **13.10** My Hero **13.40** Monarch of the Glen **14.30** The Weakest Link **15.20** Strictly Come Dancing **16.45** After You've Gone **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.30** Saxondale **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** Never Better **21.00** Dalziel and Pascoe **21.50** Lead Balloon **22.20** Saxondale **22.50** The Catherine Tate Show **23.20** Never Better **23.50** EastEnders

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Nær naturen **12.45** Danmarks Indsamling - Hjælpen er nået frem **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Vestindiens hemmelighed **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart **22.10** OBS **22.15** Onsdags Lotto **22.20** DR1 Dokumentaren **23.20** Backstage **23.50** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Olivia **17.10** Ugler i mosen **17.35** Plipp, Plopp og Plomma **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektorene **18.55** Berulfsens konspirasjoner **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** True Blood **23.40** Ei rituell verd

## SVT 1

**12.05** Playa del Sol **12.35** Niklas mat **13.50** Dick Tracy möter Gruesome **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Nära djuren **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Morden **21.00** Nip/Tuck **22.00** Kulturnyheterna **22.15** Livet i Fagervik **23.00** Sommarpratarna

UMHVERFISMERKI
176 021
Ræstingarþjónusta

# ISS Ísland með norrænu umhverfisvottunina Svaninn





Starfsfólki ISS Ísland er mikil ánægja að upplýsa að ræstingasvið ISS hefur hlotið norrænu umhverfisvottunina **Svaninn**.

**Svanurinn** er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum, með mikla útbreiðslu og traust meðal neytenda.

**Svansvottun ræstingaþjónustu ISS á að** tryggja fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum gæðaþjónustu, sem er **vistvænni** í framkvæmd**.**

Með því að **velja umhverfisvottaða þjónustu** stuðla viðskiptavinir okkar að því að efla **sjálfbæra þróun samfélagsins** þar sem komandi kynslóðir hafa jafna möguleika og við til að mæta þörfum sínum.

Með Svansvottun er tryggt að verkferlar ISS Ísland uppfylla ströngustu umhverfis- og gæðaskilyrði, og um leið hvetur ISS birgja sína til að bjóða vistvænar vörur sem uppfylla kröfu Svansins..

Við hjá ISS Ísland erum ákaflega stolt yfir þessum áfanga og hlakkar til að vinna að sífellt vistvænni framkvæmd í samstarfi við ánægða viðskiptavini og á þann hátt að leggja okkar lóð á vogarskálarnar að vistvænu atvinnulífi á Íslandi.





ISS

www.iss.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta vanalega á Létt-Bylgjuna. Það er enginn sérstakur þáttur í uppáhaldi, hún er bara í gangi allan daginn.“*

Margrét H. Ægisdóttir, forstöðukona Mekka í Kópavogi.

# Grínádeila á blekkingarheim Facebook

„Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir sjónvarpsmaðurinn Sölvi Tryggvason, sem hefur sent frá sér skáldsöguna Flottastur@feisbúkk ásamt vini sínum Helga Jean Claessen. „Þetta var gert til að búa til bros eða jafnvel tvö.“

Sagan er nokkurs konar grínádeila á Facebook-síðuna þar sem fólk segir ekki endilega allan sannleikann um sjálft sig. Hún fjallar um Hákon Karl, kallaðan Hákarl, sem hefur misst PR-stöðu sína í Glitni og íbúðina í Skuggahverfinu. Hann er fluttur heim til mömmu sinnar og allt er í mínus, nema í blekkingarheimi Facebook þar sem allt er ennþá í miklum blóma.

Góðærið kemur því töluvert við sögu í bókinni og eru sumar setningarnar byggðar á ummælum frá útrásarvíkingunum, þó svo að engar þeirra séu hafðar beint eftir þeim. „Þetta er meira út frá hugarheimi ákveðinna manna og síðan er þetta fært í stílinn,“ segir Sölvi, sem er að gefa út sína fyrstu skáldsögu. Hann notar sjálfur Facebook eins og vel flestir Íslendingar og er kominn með um þúsund vini, rétt eins og aðalpersónan Hákon Karl sem er að sjálfsögðu kominn með eigin Facebook-síðu.

Helgi Jean Claessen sendi í fyrra frá sér bókina Kjammi – bara krútt sem þarf knús, þar sem hann gerði góðlátlegt grín að bókum Arnaldar Indriðasonar. Helgi segir að blekkingarlífið sem hægt sé að lifa á Facebook sé tekið föstum tökum í nýju bókinni. „Þú getur í rauninni lifað allt öðru lífi á Facebook en þú gerir í raun og veru. Þú þarft ekki að ljúga neitt, heldur sleppa því að segja ákveðna hluti,“ segir hann. „Þetta er eiginlega blekking því þú færð aldrei rétta mynd af fólki.“ **- fb**



**Í SKUGGAHVERFINU** Helgi Jean Claessen og Sölvi Tryggvason í Skuggahverfinu þar sem söguhetjan Hákon Karl átti íbúð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LÁRÉTT**
**2.** land, **6.** skóli, **8.** skarð, **9.** pfn., **11.** tveir eins, **12.** framvegis, **14.** gimsteinn, **16.** hvað, **17.** væta, **18.** hylli, **20.** ónefndur, **21.** yfirbragð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurrka út, **3.** rún, **4.** líkamlegt afl, **5.** styrkur, **7.** kvængast, **10.** kvk nafn, **13.** herma, **15.** málmur, **16.** rámur, **19.** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kúba, **6.** fg, **8.** rof, **9.** mig, **11.** ll, **12.** áfram, **14.** tópas, **16.** ha, **17.** agi, **18.** ást, **20.** nn, **21.** stíl.

**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** úr, **4.** bolmagn, **5.** afl, **7.** giftast, **10.** gró, **13.** apa, **15.** sink, **16.** hás, **19.** tí.






HLYNUR ÁSKELSSON: GERUM HVAÐ SEM ER FYRIR BRÚNKUSPREY

# Merzedes Club keppir í alþjóðlegri söngvakeppni

„Við fundum þetta lag og okkur fannst það fullkomið fyrir Eurodanceweb,“ segir Ítalinn Boris Zuccon, stjórnandi síðunnar Eurodanceweb.net.

Lag hljómsveitarinnar Merzedes Club, Meira frelsi, hefur verið valið í alþjóðlega söngvakeppni síðunnar sem er nú haldin í níunda sinn. „Við vissum af hljómsveitinni því hún tók þátt í undankeppni Eurovision og sýndi litrík tilþrif. Við fylgjumst með danstónlistarsenunni úti um allan heim og vorum forvitin að heyra eitthvað nýtt frá Merzedes Club,“ segir Boris.

Keppnin stendur á milli vinsælla danslaga frá 39 þjóðum. Dómnefnd sem er skipuð plötusnúðum, blaðamönnum og upptökustjórum víða um heim velur sinn sigurvegara en einnig geta netverjar kosið uppáhaldslagið sitt á síðunni. Úrslit verða tilkynnt í flokkunum tveimur í lok ársins. Ísland hefur þrisvar sinnum áður tekið þátt í keppninni, sem fer eingöngu fram á netinu. Í fyrra keppti Páll Óskar fyrir Íslands hönd með endurhljóðblöndun af laginu Betra líf og lenti í næstneðsta sæti. Árið 2003 tók GusGus þátt með laginu Call of the Wild og lenti í þrettánda sæti en besta árangrinum náði Bjartmar Þórðarson árið 2007 þegar hann varð ellefti með lagið Vil annan dag í paradís. „Íslandi hefur ekki gengið vel til þessa en við höldum að ykkur gangi betur í ár því lagið hefur mjög alþjóðlegan hljóm,“ segir Boris um Meira frelsi. „Íslendingar hafa núna einn mánuð til að kjósa Merzedes Club.“

Sigurvegarar keppninnar fá glæsileg sýndarverðlaun frá Eurodanceweb. Engin peningaverðlaun eru í boði og ekkert meira fæst fyrir sigurinn, nema auðvitað heiðurinn sem honum fylgir. Reyndar stefna Boris og félagar á að halda tónleika á Ítalíu á næsta ári til að fagna tíu ára afmæli Eurodanceweb þar sem fjöldi tónlistarmanna myndi koma fram.

Hlynur Áskelsson úr Merzedes Club er ánægður með þátttökuna í keppninni. „Þetta hljýjar mér um hjartaræturnar en kemur mér ekki á óvart. Við prufukeyrðum þetta lag í Portúgal á sínum tíma og þá var Merzedes Club að trekkja að, enda er Barði frábær tónlistarmaður,“ segir Hlynur og á þar við höfundinn Barða Jóhannsson. Hlynur útilokar ekki endurkomu Merzedes Club í framhaldinu með tilheyrandi tónleikaferð. „Við gáfum út stórkostlega plötu sem við náðum aldrei almennilega að fylgja eftir. Það yrði æðislegt ef við myndum vinna þetta því við erum orðin svo blönk núna. Við gerum hvað sem er fyrir meira brúnkusprey og nokkrar evrur.“ **freyr@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**MEÐAL ÞEIRRA BESTU**

**Merzedes Club** keppir um besta danslagið á síðunni Eurodanceweb.net. Stjórnandi síðunnar, **Bruno Zuccon**, segist vera ákaflega hrifinn og spáir laginu töluverði velgengni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Skuldamál viðburðafyrirtækisins élan productions á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og **Ingibjörgu Pálmadóttur** er aftur komið á dagskrá Héraðsdóms Reykjavíkur. Skuldin snýr að ágreiningi um lokagreiðslu vegna brúðkaups þeirra hjóna fyrir tveimur árum. Eins og Fréttablaðið greindi frá var hætt við að taka málið fyrir í héraðsdómi enda ætluðu aðilar málsins að reyna samningaleiðina. Þær virðast hafa siglt í strand.



Hið íslenska glæpafélag stendur fyrir sínu árlega glæpakvöldi á Grand Rokk á fimmtudagskvöldið. Í ár koma út átta glæpasögur sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Sex af þessum átta rithöfundum lesa upp úr verkum sínum. Stefán Máni og Arnaldur Indriðason verða ekki með en af þessum sex má helst nefna **Yrsu Sigurðardóttur** og Viktor Arnar Ingólfsson.

Skosku útgáfunni af einleik **Jóns Atla Jónassonar**, Djúpið, hefur verið boðið til bæði Ástralíu og London. Þessi uppfærsla hlaut einróma lof gagnrýnenda. Verkið mun fara víðar því nú standa yfir samningaviðræður við leikhúsfólk í Frakklandi, Þýskalandi, Slóveníu og á Spáni um uppsetningu þess. Síðustu sýningar á íslensku útgáfunni eru í kvöld í Borgarleikhúsinu **- fgg**



## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Þór Tulinius.
2. Orkuveitu Reykjavíkur.
3. Júlíus Vífill Ingvarsson.






# Doðrantur Halldórs um hrunið

„Þegar Egill Örn hjá Forlaginu stakk upp á því að gefa út aðra bók stakk ég upp á því að bókin yrði 320 blaðsíður. Þetta er því alvöru doðrantur um hrunið,“ segir skopmyndateiknarinn Halldór Baldursson. Í dag kemur út bókin Skuldadagar þar sem finna má teikningar hans frá árunum 2007 og til dagsins í dag.

Halldór fer eilítið hjá sér þegar hann er spurður hvaða þjóðþekkti einstaklingur komi oftast fyrir í bókinni. Því þegar öllu er á botninn hvolft er það líkast til ritstjóri Morgunblaðsins, vinnustaðar Halldórs, sem þykir sigurstranglegastur. Það er að segja Davíð Oddsson. „Að öllum líkindum stendur baráttan milli Davíðs og Geirs H. Haarde. Ef það hefði ekki verið skipt um ríkisstjórn í miðju hruni þá hefði Geir sennilega rústað þá keppni.“

Halldór viðurkennir að kreppan hafi reynst vatn á myllu hans. Hann hafi ekki þurft að kafa djúpt eftir efniviði. „Þegar ég blaða í gegnum hina bókina mína, Í gróf-um dráttum, þá velti ég því fyrir mér hvað þetta voru lítilfjörleg mál. Ég skil bara ekkert í því hvað ég var eiginlega að æsa mig yfir þeim,“ útskýrir Halldór. Og eins og sönnum þátttakanda í jólabókaflóðinu sæmir heldur Halldór útgáfuteiti hinn 1. desember. Og samanburðurinn við bókina frá 2006 kemur enn og aftur upp á yfirborðið. „Þá fannst bankastjórunum og stjórnmálamönnunum það ekkert tiltökumál að mæta. Nú reynir aðeins meira á þá.“ **- fgg**



**DAVÍÐ LÍKLEGUR SIGURVEGARI** Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins, vinnustaðar Halldórs, og Geir H. Haarde koma líklega oftast fyrir í bók Halldórs.


FATA MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
ódýrt
LOKA-VIKAN
Fullt af frábærum tilboðum
3.999 kr.
Stelpu / pils / peysa / buxur
1.999 kr.
Ungbarnagalli / jóla
1.499 kr.
Stelpupeysa
1.999 kr.
Hettupeysa / strákar
1.499 kr.
Cartes náttfatagalli / barna 6 - 9 mán.
GLÆNÝJAR VÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
verð frá 999 kr.
Húfur
Aðeins brot af úrvalinu
2.499 kr.
Íþróttabuxur / herra
verð frá 1.999 kr.
Íþróttagalli / barna
1.999 kr.
Jólasveinagalli 3 - 24 mánaða
Peysa 2.499 kr.
Buxur 1.999 kr.
Velúr gallar / konur
Leggings frá 999 kr
Hettupeysur frá 2499 kr.
Úlpur frá 3990 kr.
Komdu og gerðu kjarakaup fyrir jólin
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

Svansmerkt prentverk
Umhverfismerki Svanurinn
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Feðgar gefa út

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er liðsmaður Sprenjuhallarinnar, **Snorri Helgason**, að gefa út sína fyrstu sólóskífu. Sprengjuhöllin er nú í leyfi enda liðsmenn hennar uppteknir við önnur verkefni og Snorra gafst því kærkomið tækifæri til að spreyta sig einn. Hann hefur hins vegar fengið samkeppni úr óvæntri átt því Ríó tríó er að gefa út jólaplötu. Ein aðalsprautan í þeirri þrenningu, **Helgi Pétursson**, er einmitt pabbi Snorra. Feðgarnir geta þó væntanlega sofið rótt enda plöturnar hugsaðar hvor fyrir sinn hópinn.



### Bók Ævars frestast

**Ævar Örn Jósepsson** er einn af okkar bestu krimmahöfundum og því var bókar hans beðið með nokkurri eftirvæntingu. Nú er hins vegar ljóst að bókin, Önnur líf, kemur ekki út fyrir þessi jól. Mun það hafa verið ákvörðun útgefandans, Kristjáns Kristjánssonar í Uppheimum, að tíminn væri of naumur og því rétt að bíða jólaflóðið af sér. Af Ævari er annars það að frétta að undirforlag Random House í Þýskalandi, btb, hefur keypt útgáfuréttinn að Öðrum lífum. Þau sitja þó á strák sínum, nýbúin að gefa Blóðberg, eða Blutberg, út og eiga tvær aðrar til góða. **- fgg, kóp**



## Mest lesið visir.is

1. Lögmanni Baldurs ofbýður vinnubrögð …
2. Húsleitin snýr ekki að bankanum eða …
3. Hentu Molotov kokteil í upplýsingaskilti fyrir …
4. Björn: Jólagróðinn notaður til að borga Arion
5. Árni Páll vissi ekki af 230 milljóna króna kröfu





